

Rætin og nafnlaus bréf skóku kirkjuna

■ Biskup skipaði prestum að láta af ásökunum

9. NÓVEMBER 2018 / 43. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

JÓNAS GARÐARSSON Í NÆRMYND

■ Dæmdur fyrir manndráp af gáleysi ■ Bátnum komið undan til Noregs



DRÖG



MÆJÓDROTTNINGIN

■ Alltaf með pakkningar í vasanum ■ Vill mæjónes með öllum mat

Valgarður Bragason



KOM AÐ MÓÐUR SINNI EFTIR SJÁLFSVÍG OG FÉLL

■ Fastur í klóm barnaníðings í Landakoti ■ Ánetjaðist morfinlyfjum tólf ára ■ Ráðinn til að sprauta grænlenka áhöfn ■ Myndlistin flótti

„Pau vilja taka son minn frá mér“

OMAR OG 16 ÁRA SONUR HANS Á GÖTUNNI

BALDVIN Z VILL AÐ ÁHORF-ENDUR ÞJAIST

■ Leikari trylltist við tókur



Heiðveig rekin af heiðursfélögum í trúnaðarmannaráði

■ Sumir hafa ekki greitt félagsgjöld í 20 ár ■ Þrír í ráðinu látnir

Margar gerðir af **FARANGURSBOXUM**



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



Síðustu orðin

„Þeir gætu ekki hitt fl úr þessari fjarl...“

– John Sedgewick (1813–1864), hershöfðingi í her Norðurríkjanna í borgarastyrjöldinni þar í landi. Hann var skotinn af leyniskyttu.

Á þessum degi, 9. nóvember



1520 – Meira en 50 manns eru dæmdir og teknir af lífi í Stokkhólmsblóðbaðinu.

1729 – Spánn, Frakkland og Bretland staðfesta Sevillesamninginn.



1872 – Eldsvöðinn mikli í Boston á sér stað.

1953 – Kambódía fær sjálfstæði frá Frakklandi.



1965 – Roger Allen LaPorte ber eld að sjálfum sér, fyrir framan byggingu Sameinuðu þjóðanna, til að mótmæla stríðinu í Víetnam.



1998 – Dauðarefing er afnumin með öllu í Bretlandi, fyrir hafði hún verið afnumin í mórðmálum. Mynd sýnir þegar dauðadómur yfir Frederick Seddon var kveðinn upp árið 1912.

OMAR OG 16 ÁRA SONUR HANS ERU Á GÖTUNNI

„Ég hef búið hér í 27 ár, ég er enginn hælisleitandi“

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Omar og 16 ára sonur hans eru á götunni og vita ekki hvar þeir munu sofa í nótt. Omar, sem er frá Marokkó, hefur búið á Íslandi í 27 ár og sonur hans er fæddur á Íslandi. Omar, sem heitir fullu nafni Omar Abenbi Mariachi, hefur greitt skatta og skyldur á Íslandi allan sinn tíma hér og er enginn óreglu- maður. Hann er því skiljanlega ósáttur við þetta hlutskipti.

Omar kom til Íslands árið 1990 og starfaði við sjómennsku til 1993 og við fiskvinnslu fram til aldamóta. Vinnuslys sem hann lenti í árið 1994 leiddi til þess að hann varð óvinnufær um aldamótin og hefur verið öryrki síðan. Tekjur Omars úr lífeyrissjóði og almannatryggingum eru samtals um 240.000 krónur á mánuði.

Þann 25. október þurftu feðgarnir að yfirgefa leiguhúsnæði sem þeir hafa búið í undanfarið vegna þess að eigandinn vildi nota það til annars. Þá hófust vand- ræði Omars. Velferðarferðarsvið Kópavogsbæjar greiddi undir þá feðga nokkrar nætur á gistiheimili þar sem hver nótt kostaði 12.000 krónur. Skömmu eftir mánaða- mót tilkynnti velferðarsvið Omar hins vegar að ekki yrði greitt frekar undir þá feðga. „Komið ykkur út, sagði starfskonan við mig,“ segir Omar og þótti honum það að von- um kaldar kveðjur.

Segir að félagsmálafyrirvöld vilji stífa feðgunum í sundur

„Ég hef búið hér í 27 ár, ég er enginn hælisleitandi. Ég hef greitt hér skatta og skyldur allan minn tíma á Íslandi,“ segir Omar og er afar ósáttur við stöðuna. Hann telur sig eiga rétt á leiguhúsnæði og neitar að líta á sig sem ölm- usumann. En það gengur afar illa að finna laust húsnæði. Hon- um bauðst lítil herbergi á 140.000 krónur þar sem aðgangur að sal- erni var langt frá herberginu. Að öðru leyti hefur hann alls staðar

komið að lokuðum dyrum.

Omar segist hafa skynjað vilja til að stífa feðgunum sundur af hálfu Velferðarsviðs Kópavogs- bæjar. „Þau sögðu að þau gætu komið syni mínum í húsnæði en mér ekki. Þau vilja aðskilja okkur. Það kemur ekki til greina. Á fund- um okkar með starfsfólkinu reyndi það að fá að tala einslega við hann en ég þvertók fyrir það. Hann er bara 16 ára og það á ekki að taka viðtöl við hann án þess að foreldri sé viðstatt,“ segir Omar.

„Starfskona spurði mig líka einu sinni hvers vegna ég sendi drenginn ekki til Marokkó og þá varð ég reiður. Drengurinn er fæddur hér, hann er Íslendingur!“ Þess má geta að móðir drengsins býr í Marokkó ásamt systur hans.

Velferðarsvið: Samband haft við barnavernd ef börn eiga í engin hús að venda

DV hafði samband við Velferðar- svið Kópavogs sem hefur með mál Omars að gera. Vel þekkt er að fé- lagsþjónustuaðilar svari ekki fyrir- spurnum um málefni einstaklinga en DV sendi nokkrar almennar spurningar um meðferð mála af þessu tagi sem mál Omars vekur. Svar Velferðarsviðs er svohljóð- andi:

„Einstaklingar og fjölskyld- ur sem missa húsnæði og leita til velferðarsviðs fá upplýsingar og ráðgjöf um hvar er helst að finna húsnæði á leigumarkaði eins og t.d. hjá leigufélögum, eftir aug- lýsingum eða á samfélagsmiðl- um og jafnframt er þeim bent á að nýta sitt félagslega net í húsnæð- isleitinni.

Ef viðkomandi er á biðlista eftir félagslegri leiguþúð er hann upplýstur um stöðu umsóknar varðandi stigafjölda og biðtíma á biðlista og hvers er að vænta varðandi úthlutun. Meðal bið- tími eftir félagslegri leiguþúð er þrjú ár. Farið er yfir skattskyldar- og óskattskyldar tekjur og eignar- stöðu í þeim tilgangi að kanna hvort til staðar séu ósótt réttindi



varðandi greiðslur bóta eða launa og er viðkomandi boðin að- stoð við að sækja ósóttan rétt. Þá kann að vera að viðkomandi eigi rétt á fjárhagsaðstoð skv. reglum Kópavogsbæjar um fjárhagsað- stoð, til framfærslu eða skv. sér- tókum heimildum. Í síðarnefnda tilvikinu er vísað til heimildar að veita vaxtalaust lán til fyrir- framgreiðslu húsaleigu allt að kr. 500.000,- ef fyrir liggur þinglýstur húsaleigusamningur. Þá er við- komandi upplýstur um fjárhæðir og leiðbeint með hvar sótt er um húsnæðisbætur og sérstakan húsnæðisstuðning ef fyrir liggur þing- lýstur leigusamningur.

Velferðarsvið veitir einstakling- um og fjölskyldum sem missa húsnæði og eiga í engin hús að venda styrk til að greiða dvöl á gistiheim- ili í 12 nætur á meðan þeir sinna markvissri húsnæðisleit. Styrkur er kr. 5.000,- á dag og er að há- marki kr. 60.000,-. Gistikostnað umfram þá fjárhæð greiðir við- komandi sjálfur.

Viðkomandi er upplýstur um að hluti af hans ráðstöfunarfé verði að fara í að greiða fyrir gistingu eða húsnæði, óháð því hvort hann

gistir hjá ættingjum eða vinum, á gistiheimili, leigi svart eða með þinglýstan leigusamning.

Þegar um er ræða mál þar sem barn eða börn eru í fjölskyldu sem á í engin hús að venda er send til- kynning til barnaverndar.“

Mótmælastaða í miðbænum

Omar og sonur hans voru með mótmælastöðu í miðbæ Reykja- víkur á þriðjudag til að vekja athygli á máli sínu.

Omar hefur leitað ásjár í sam- félögum múslima á Íslandi þar sem reynt er að greiða götu hans en hann getur ekki fengið að sofa í moskunum. Í augnablikinu er hann alveg bjargarlaus. Omar er enginn óreglu maður, hreinn og vingjarnlegur. Hann hefur fastar en lágar tekjur og leitar að litlu húsnæði sem hann gæti búið í með syni sínum, á viðráðanlegum kjörum. ■

Þeir sem gætu mögulega greitt götu Omars varðandi húsnæðis- leit eru bednir um að hringja í Omar í símanúmer hans, 788- 5329.

5 hlutir sem Skúli Mogensen getur farið að gera



Icelandair keypti WOW air í vik- unni, búast má við að því ferli ljúki á næstu þremur vikum. Líklegast mun Skúli Mogensen, forstjóri WOW, snúa sér að öðrum hlutum.

Tekið við IKEA

Skúli er alinn upp í Svíþjóð og talar reiprennandi sænsku. Það liggur beint við að Skúli taki við IKEA. Spurning hvort hann taki fjólubláa WOW- lítinn með sér.



Orðið ofurstilisti

Skúli hefur breyst mikið á undanförunum árum og segja má að hann hafi yngst um 20 ár á 20 árum. Hann myndi skara fram úr sem stílísti hinna ríku og frægu sem vilja gera slíkt hið sama.

Endurreist Pokémon

Skúli, ásamt félag- a sínum, gerði fót- og körfuboltamyndir að æði hér á landi á fyrri hluta tíunda áratugarins. Nú er byrjað að fjara undan Pokémonmynda- æðinu, aftur. Ef það er einhver sem getur endurreist Pokémon í þriðja skiptið þá er það Skúli.



Gerst máleri

Það vita ekki margir að Skúli hafði mikinn áhuga á að mála þegar hann var ungur að árum. Hann sagði að síðustu dagar hefðu verið þeir erfiðustu á ævinni, það er spurn- ing hvort Skúli beini því í listina og gerist máleri.

Byrjað upp á nýtt

Skúli kann að setja flugfélag á laggirnar og reka það, hann gæti alveg byrjað upp á nýtt og farið í samkeppni við Icelandair. Það gæti heitið FUN air eða eitthvað álíka.





Alhliða stálsmiði

Við rekum hátæknilega stálsmiðju þar sem við fáumst við verkefni af öllum stærðum og gerðum, og smíðum allt frá öflugum iðnaðarstálvirkjum niður í fínleg húsgögn.

Hjá okkur færðu faglega ráðgjöf og aðstoð við hönnun. Við bjóðum upp á uppsetningu á verkstað, allt í samræmi við óskir þínar.

Nánari upplýsingar um hæfni okkar og verkefni finnur þú á vefsíðunni www.stalidjan.is



Stáliðjan ehf - Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi - Sími 564 5885 - www.stalidjan.is



HÚSASMÍÐJAN

blómaval



Blit með fyrirvara um þrennillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Húsasmíðjan og Blómaval

... það er gaman að gera fint

Fæst eingöngu í Húsmiðjunni

FROST



Gæðaseríur 5 ár í röð

Húsmiðjan í Skútuvogi stakk nýlega sömu samtengjanlegu Frost útiseríunum í samband fimmta árið í röð. Flestar þessar seríur hafa fengið að vera á trjánum öll þessi ár.



Húsmiðjan og Blómavál

**SJÁDU ALLT ÚRVALIÐ
Í VEFVERSLUN HUSA.IS**



Lögreglumenn furða sig á lögreglunámi við HA

■ Saga mannsandans og fleiri áfangar vekja furðu ■ Rektor segir námið í þróun

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Fyrir tveimur árum ákvað Illugi Gunnarsson, þáverandi menntamálaráðherra, að nám í lögglufræði myndi fara fram í Háskólanum á Akureyri (HA). Þetta var gert þrátt fyrir að það væri dýrara en að láta Háskóla Íslands (HÍ) annast námið. Auk þess var HÍ metinn besti skólinn faglega séð til að annast kennsluna en sérstök matsnefnd fór yfir umsóknir háskólanna um að fá að annast námið. Löggluskóli ríkisins var lagður niður á svipuðum tíma og námið við HA hófst. Námið við HA veitir þeim sem útskrifast starfsréttindi sem lögglumenn og geta þeir þá sótt um störf sem lögglumenn. En námið virðist ekki búa nýju lögglumennina vel undir starfið og segja

sumir reyndir lögglumenn að þeir séu „alveg grænir bak við eyru“ þegar þeir koma til starfa.

Gætu allt eins verið einir á vakt Lögglumenn hjá lögglunni á höfuðborgarsvæðinu sem DV hefur rætt við segja að mikið skorti á að sú menntun sem boðið er upp á við HA uppfylli þærkröfur sem gera verði til starfandi lögglumanna. Mikið vanti upp á starfsþjálfun og auk þess virðist nemarnir ekki fá nema sáralitla kennslu í LÖKE, tölvukerfi sem lögglan notar gríðarlega mikið. Fyrstu nemarnir frá HA voru ráðnir til starfa á þessu ári og segja sumir reyndir lögglumenn að þeir geti alveg eins verið einir að störfum eins og að hafa nýútskrifaða nema frá HA með sér. Kunnátta þeirra sé nær engin hvað varðar framkvæmd löggæslustarfa, skýrslugerð eða

Nýútskrifaðir lögglumenn koma alveg grænir til starfa

notkun LÖKE.

Vísir skýrði frá því í júní að óánægju gætti meðal nemanna sjálfra með námið og staðsetningu þess. Haft var eftir nokkrum nemendum að þeim þætti námið of þverfaglegt, uppbygging þess sé ekki nógu góð, fræðilegt vægi sé of mikið í verklegt nám fái lítið rými. Einnig nefndu nemarnir skort á kennslu í LÖKE til sögunnar. Einn sagði að í námið vantaði meiri reynslu og þekkingu frá sérfræðingum innan lögglunnar til að hafa áhrif á og móta námið.

Nokkrir lögglumenn hafa verið ráðnir til HA til að koma að náminu á einn eða annan hátt en reyndir lögglumenn segja að það séu lögglumenn með mjög litla reynslu og þeir hafi því ekki af miklu að miðla til nemanna.

Þá undrast reyndir lögglumenn það námsefni sem boðið er upp á í HA. Þeir nefna þar til dæmis til sögunnar námskeið sem heita Inngangur að félagsvísindum, Félagsvísindatorg, Kenningar í félagsvísindum, Félagsgerð Íslands og Saga mannsandans. Lögglumennirnir spyrja sig hvernig kennsla í þessum greinum eigi að undirbúa fólk undir að sinna löggæslustörfum.

Mennta- og starfsþróunarsetur sett á laggirnar

Þegar Löggluskólinn var lagður niður var stofnað Mennta- og starfsþróunarsetur lögglunnar en það kemur lítillaga að kennslu lögglumanna, annast þá litlu verklegu þjálfun sem þeir fá. Ef að markmiðið var að ná fram sparnaði með því að leggja Löggluskólann niður þá hlýtur það að hafa mistekist því mun fleiri starfa við hið nýja Mennta- og starfsþróunarsetur en störfuðu við Löggluskólann.

Það er þó rétt að hafa í huga að í Mennta- og starfsþróunarsetrinu fá starfandi lögglumenn ýmsa fræðslu og kennslu en Löggluskólinn sá um símenntun lögglumanna áður.

Vildu meiri tíma og ádrar áherslur

Í samtali við DV segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögglumanna, að félagið hafi heyrt af þessari óánægju. Hann segir:

„Þetta er gjörbreytt landslag í kennslu frá því sem var. Áður kenndi lögglan þetta sjálf í Löggluskólanum og gat kennt allt viðkomandi starfinu. Það er ekki hægt í dag. Til dæmis kerfið okkar, LÖKE, sem verður aldrei opnað



fyrir aðila utan lögglu. Það verður aldrei hægt að kenna á þetta kerfi í háskóla, hver svo sem hann er. Það þyrfti einnig að endurskoða starfsnámið og lengja frá því sem var.“

Getur verið að áherslurnar í náminu sjálfu séu rangar?

„Það hefur legið fyrir frá því að farið var í þessa vegferð að það yrði breyting á náminu. Kennsla á háskólastigi er allt önnur en kennsla á framhaldsskólastigi, eins og var í Löggluskólanum. Ég get ekkert mat lagt á það hvort að þessir tilteknu áfangar gagnist lögglumönnum eða ekki enda ekki séð það nám sjálfur. En það er mín bjargfasta trú og skoðun að allt nám sé af hinu góða.“

Snorri segir að þegar Landsamband lögglumanna beitti sér fyrir þessu hafi þeir séð fyrir sér annað fyrirkomulag heldur en varð ofan á.

„Við vildum hafa Löggluskólann, í þeirri mynd sem hann var, áfram við lýði. En hann yrði þá felldur á einhvern hátt undir háskólasamfélagið. Það var ekki sú leið sem var farin. Eflaust má bæta hluti þarna án þess að ég geti bent á einn hlut umfram annan.“

Einnig nefnir Snorri að tímaramminn hafi verið ákaflega stuttur og Landssamband lögglumanna hafi bent á það.

„Við töldum rétt að keyra Löggluskólann áfram að minnsta kosti einu ári lengur en gert var, ef ekki

tveimur, á meðan unnið væri að undirbúningi námsins á háskólastigi. En það var ekki tekið tillit til þess af stjórnmöldum.“

Ánægður með þróun námsins

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, segir í samtali við DV að námið sé í mótun.

„Við höfum verið að þróa námið frá því að það hófst. Í þeirri þróun höfum við verið í virku samstarfi við löggluháskóla í Noregi og Finnlandi, ásamt virku samstarfi við einstök embætti í Bretlandi. Námssefnið hefur því verið að þróast miðað við það sem gerist alþjóðlega enda er starf lögglumansins í dag mun flóknara en það var áður og þurfa starfandi lögglumenn á nýrri þekkingu að halda. Ásamt því að sjálfsögðu að kunna vel tók á hefðbundnari lögglustörfum. Hjá okkur á Íslandi er þessu þannig skipt að Háskólinn á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetur lögglunnar vinna í sameiningu að því að tvinna þessa tvo þætti saman.“

Að sögn Eyjólfssonar er námið síður en svo misheppnað.

„Við erum mjög ánægð með hvernig námið hefur þróast og þó svo að við höfum orðið vör við ýmislegt sem þyrfti að aðlaga eða breyta þá er það ekki umfram það sem

vænna mátti í nýju námi. Þannig hefur til dæmis námskráin tekið breytingum frá fyrsta ári. Sum af þessum námskeiðum sem um er rætt eru ekki lengur þar inni en önnur komin inn.“ ■



Snorri Magnússon „Við vildum hafa Löggluskólann, í þeirri mynd sem hann var, áfram við lýði.“

Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Þjódum aðeins það besta fyrir þig!

Parki
INTERIORS

Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

REYKJAVIK RAINCOATS



REYKJAVIK RAINCOATS
HVERFIGATA 82, VITASTÍGSMEGINN
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTAÐIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ

JÓNAS GARÐARSSON – UMTALADASTI MAÐUR ÍSLANDS

■ Skrautlegar mótmælaaðgerðir ■ Í fangelsi fyrir manndráp ■ Bátum komið úr landi


Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Einn umræddasti maður landsins þessa dagana er Jónas Garðarsson, formaður Sjómannafélags Íslands. Eftir að Heiðveig María Einarsdóttir bauð sig fram til formanns félagsins hófst skrautleg atburðarás og deilur milli hennar og núverandi stjórnarmanna. Jónas hefur farið mikinn í umræðunni og sakað Heiðveigu um að spilla sameiningu sjómannafélaga. Var Heiðveigu vikið úr félaginu og verður málið tekið fyrir hjá félagsdómi á næstunni. Jónas hefur starfað fyrir Sjómannafélagið í næstum fjóru tíu ár og á sér merkilega en jafnframt sorglega sögu. Hann hefur staðið fyrir hörðum mótmælaaðgerðum og komist í kast við lög-in fyrir smygl. Haustið 2005 létu st tvær manneskjur í skemmtiferð um Sundin og var Jónas dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir manndráp af gáleysi.

Jónas Garðarsson er fæddur í Reykjavík þann 8. október árið 1955 og ólst upp á höfuðborgarsvæðinu. Eftir gagnfræðapróf fór hann á sjóinn og var í siglingum á skipum Eimskipafélagsins í tíu ár. Um tíma var hann einnig á íslenskum varðskipum.

Árið 1982 hóf Jónas störf hjá Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem síðar varð að Sjómannafélagi Íslands. Árið 1991 var Jónas orðinn framkvæmdastjóri Sjómanna-



Jónas Garðarsson Formaður Sjómannafélagsins síðan 1994.

félagssins og árið 1994 formaður. Einnig hefur hann setið í stjórnnum Sjómannasambands Íslands, Lífeyrissjóðs sjómanna, sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands og í sjómannadagsráði.

Rimman við Eimskip

Haustið 1998 vakti Jónas nokkra athygli fyrir beinar aðgerðir varðandi hentifánaskipið Hanseduo,



Átök á bryggjunni Jónas og tveir félagar hans handteknir í ágúst 2001.

eitt af nú skipum sem Eimskip höfðu á leigu. Var Hanseduo að flytja aðföng fyrir álverið í Straumsvík og lesta ál til útflutnings. Jónas hafði áður lýst því yfir í viðtali á Bylgjunni að ef hugmyndir um skráningu hentifánaskipa hér á landi yrðu að veruleika yrði það dauðadómur yfir íslenskri farmannastétt.

Jónas og þrjátíu félagar hans í

Sjómannafélaginu sáust á lóð álversins með lambhúshettur og kunnir Rannveig Rist forstjóri því illa. Klæðnaðurinn var þó ekki til að vekja skelfingu heldur til að verjast kuldanum. Stóðu þeir alla nóttina og kröfðust þess að fulltrúar Eimskipa settust við samningaborð til að ræða kjör áhafnarinnar sem var að mestu leyti frá Filippseyjum. Sögðu félagsmenn þessa sjómenn aðeins fá um 30 þúsund krónur í mánaðarlaun. Forsvarsmenn Eimskipa töldu aðgerðir félagsmanna hins vegar algjörlega ólöglegar og að kjarasamningar áhafnarinnar uppfylltu öll alþjóðleg ákvæði.

Nokkrum dögum seinna fóru Jónas og félagar hans um borð í hentifánaskip að nafni Hansewall. Lá það við bryggju í Sundahöfn og var einnig á leigu hjá Eimskipum. Var Jónasi og félögum meinaður aðgangur að svæði Eimskipa þegar þeir vildu kanna pappíra áhafnarinnar. Fóru þeir þá yfir hliðið og komust um borð. Slíkar aðgerðir héldu áfram, til dæmis þegar skipið Nordheim var stöðvað við affermingu árið 1999. Setti sýslumaðurinn í Reykjavík að lokum lögbann á aðgerðirnar en Sjómannafélagið var sýknað í héraðsdómi.

Ákærður fyrir smygl

Í maí mánuði árið 2000 var greint frá því að lögreglan í Reykjavík hefði til meðferðar mál sem tengdist ólöglegri meðferð á áfengi, sem talin var tengjast smygli. Alls var lagt hald á um 200 lítra af áfengi. Voru tveir menn teknir til yfirheyrslu vegna málsins og annar af þeim var Jónas Garðarsson. Í viðtali við Vísi sagðist hann ekki hafa verið uppvís að smygli. Þegar fréttamaður RÚV spurði Jónas hvort stjórn Sjómannafélagsins hefði skoðun á áfengissmygli „hló

hann við spurningunni og sagði félagið ekki hafa neina skoðun á þess háttar smygli sem viðgengist hefði frá örófi alda“ eins og stóð í DV 24. október þetta ár. Jónas var ákærður fyrir smygl en sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur haustið 2002.

Handteknir á bryggjunni

Mikill æsingur varð í kringum komu skemmtiferðaskipsins Clipper Adventurer frá Panama í ágúst árið 2001. Benti Sjómannafélagið á að áhöfn skipsins væri ekki með kjarasamninga sem uppfylltu skilyrði Alþjóða flutningaverkamannasambandsins og vildu Jónas og félagar hans mótmæla við skipshlið. Lögbann var sett á aðgerðirnar en engu að síður mættu þeir ásamt fólki úr öðrum verkafélögum.

Ferðaskrifstofan Samvinnuferðir Landsýn sá hins vegar við mótmælendum og var skipinu ekki lagt að bryggju. Þess í stað voru ferðamennirnir ferjaddir með gúmmibát í land. Lögreglan var á svæðinu til að sjá til þess að allt gengi fríðsamlega fyrir sig en þegar þústrar komu upp voru Jónas og tveir aðrir mótmælendur handteknir. Eftir þetta sagðist Jónas íhuga að kæra lögregluna fyrir ofbeldi. Einn þeirra sem handteknir voru, Árni Konráðsson, var tæplega áttæður og þurfti að leita á slysadeild eftir fangbrögð lögreglunnar.

Örlagarík bátsferð

Jónas Garðarsson festi kaup á skemmtibát í Englandi og sigldi honum til landsins þann 20. ágúst árið 2005. Fékk báturinn heitið Harpa eftir eiginkonu hans, Guðjónu Hörpu Helgadóttur.

Föstudagskvöldið 9. september þetta sama ár sigldi Jónas ásamt eiginkonu sinni, ellefu ára syni ▶

EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



- Skráningartöflur
- Eignaskiptayfirlýsingar
- Eftirfylgni



PARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

– Frábær heimilismatur í hádeginu –



HÁDEGISMATUR ALLA VIRKA DAGA

milli kl. 11.30 og 13.30

Komið til okkar eða við sendum til ykkar

SENDUM Í FYRIRTÆKI STÓR OG SMÁ

Opið virka daga 07.30- 15.00. Laugardag 09.00-14.00



Kænan Óseyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður. Sími 5651550. www.kaenan.is info@kaenan.is



Líklegast að Jónas hafi verið fullur við stýrið

Manndráp af gáleysi
Jónas var fundinn sekur og hlaut þriggja ára fangelsisdóm.



Bátshvarf
Hörpu var komið undan til Noregs.

Aðalmeðferð málsins hófst föstudaginn 5. maí í Héraðsdómi Reykjavíkur. Viðurkenndi Jónas þar að hafa drukkið áfengi þetta umrædda kvöld. Tvö glös af gini og rauðvín með kvöldmatnum. Klukkan 4.09 um nóttina mældist 1,07 prómill í blóði hans sem er langt yfir leyfilegum mörkum. Hann sagðist þó ekki hafa fundið fyrir ölvun og gæti sjálfur metið það hvort hann gæti stjórnað báti verandi búinn að drekka.

Jónas hafnaði því hins vegar að hafa verið við stýrið og sagðist muna atburði kvöldsins þangað til hann lét Matthildi um stjórn bátsins. Hafi það verið fyrir áeggjan Friðriks en Jónas sagðist ekki hafa vitað hvort hún hefði tiltekinn réttindi til að stýra bát. Sagðist Jónas hafa leiðbeint Matthildi út fyrir Skarfasker en síðan væri minni þrotið þar til hann var sjálfur á sundi og báturinn á hvolvi. Var Jónas sá eini um borð sem hafði aflað sér siglingarmenntunar og því skipstjóri allan tímann samkvæmt lögum.

Rannsókn á áverkum þeirra sem um borð voru leiddi hins vegar í ljós að Matthildur hefði verið í setustofu bátsins. Lík hennar var með áverka á sköflungum en Jónas hafði brotnað á læri og úlnið. Þar að auki fannst kertavax bæði á setubekk og annarri ermi Matthildar. Auk þess höfðu bæði Guðjóna og sonur þeirra sagt að Matthildur hefði verið í sófa á bak við stýrisbakkinn. Töldu dómarmar að Jónas sjálfur hefði staðið við stýrið.

Þriggja ára fangelsisdómur

Í réttarhöldunum var gáleysi Jónasar einnig rætt út frá vöntun á sjókorti. Samkvæmt siglingafróðum meðdómsmanni var það frumforsenda þess að hægt væri að sigla um svæðið með gát eins og aðstæður voru. Jónas sjálfur sagðist hins vegar aldrei hafa notið sjókort eða staðsetningartæki á ferðum sínum um Sundin.

Eftir að báturinn steytti á skerinu bar Jónasi sem skipstjóra að grípa til allra tiltækra ráðstafana til að bjarga farþegunum. Björgunarbátur var geymdur í tösku í vélarrými og virtist sem engar tilraunir hafi verið gerðar til að opna hann. Einnig voru hvorki neyðarblýs né talstöð bátsins notuð. Í upptökum af samtölum við Neyðarlínuna heyrðist að Jónas hafi vikið sér undan því að tala í farsíma við neyðarlínuna.

Hélt lögmaður Jónasar því fram að áhrif höfuðhöggs hefðu valdið þessari hegðun Jónasar. Ekkert

Þegar lögreglumenn á gúmmibát fundu Hörpu meira en klukkutíma eftir útkallið sáu þeir Jónas hangandi utan á bátinum

og vinfólki sínu út á Kollafjörð. Þetta voru sambýlisfólkið Friðrik Ásgeir Hermannsson, 34 ára, og Matthildur Victoria Harðardóttir, 51 árs. Voru þau í skemmtiferð til að fagna því að Friðrik, sem var lögfræðingur, hefði flutt sitt fyrsta prófmál fyrir Hæstarétti.

Ljósbaugar voru í sjónum til að leiðbeina skipum og bátum inn í Sundahöfn en bátinum hafði verið siglt röngu megin við þær. Alengt var að þeir sem þekktu vel til á svæðinu gerðu þetta viljandi til að stytta sér leið. Þegar liðið var á nóttina, rétt fyrir klukkan tvö, sigldi báturinn á Skarfasker við Viðey á miklum hraða. Sonurinn var þá sofandi í gistirými bátsins en aðrir í stýrishúsinu.

Harpa var föst á skerinu í um það bil tuttugu mínútur. Þá var bátinum bakkað í tilraun til að sigla honum skemmdum í höfn. Þegar leit út fyrir að báturinn væri að sökkva hríngdi Jónas í Neyðarlínuna. Eftir að hafa siglt í um fjórar mínútur hvolfdi bátinum og ætla má að Matthildur, sem var í káetunni, hafi druknað þá.

Leitað í viku

Þyrla Landhelgisgæslunnar var ræst út ásamt lögreglunni. Þegar lögreglumenn á gúmmibát fundu Hörpu meira en klukkutíma eftir útkallið sáu þeir Jónas hangandi utan á bátinum. Guðjóna sat þá á kili bátsins ásamt syni þeirra. Eftir að Jónasi og fjölskyldu hans var bjargað um borð í gúmmibátinn voru þau flutt upp á gjörgæsludeild. Höfðu þau fengið mikla áverka við höggið. Jónas var tvílærbrotinn og Guðjóna með

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

TRYGGDU PÉR HÁGÆDA HEILSURÚM Á FRÁBÆRU VERÐI Á MEÐAN BIRGDIR ENDAST!

Royal Corinna
160 x 200 cm

Hágæða málsett fernissvæði skipt heilsurúm með pokagormakerfi ásamt botni og fótum.

ÚTSÖLUVERÐ **98.726** kr. 30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 141.037 kr.

Royal Layla
160 x 200 cm

Hágæða málsett fernissvæði skipt pokagormakerfi með áfótum 10 cm mjúkum topp ásamt botni og fótum.

ÚTSÖLUVERÐ **130.414** kr. 30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 186.306 kr.

20-60% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

Royal Corinna
160 x 200 cm

Hágæða málsett fernissvæði skipt heilsurúm með pokagormakerfi ásamt botni og fótum.

ÚTSÖLUVERÐ **121.737** kr. 30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 173.910 kr.

Royal Layla
160 x 200 cm

Hágæða málsett fernissvæði skipt pokagormakerfi með áfótum 10 cm mjúkum topp ásamt botni og fótum.

ÚTSÖLUVERÐ **157.509** kr. 30% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ 225.013 kr.

20-60% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

Það kom skýrt fram á síðasta aðalfundi félagsins að bæði stjórnarmenn og félagsmenn vildu að hann kæmi aftur til starfa

kom hins vegar fram sem benti til þess að höggið hefði verið verulegt eða haft áhrif á minnið.

Þann 6. júní árið 2006 var Jónas fundinn sekur fyrir manndráp af gáleysi og stórfelld brot á skipstjórnarskyldum sínum. Einnig að hafa valdið konu sinni stórfelldu líkamstjóni. Hlaut hann þriggja ára fangelsisdóm og var dæmd skaðabótaskylda gagnvart ættingjum Friðriks og Matthildar. Var þessi dómur staðfestur þann 10. maí árið 2007. Í dómi Hæstaréttar kom fram að samkvæmt sakavottorði Jónasar hafði hann í þriggung verið sakfelldur fyrir brot á tollalögum.

Bátinum komið undan til Noregs

Í september árið 2007 fékk Jónas boðun um að hefja afplánun. DV greindi frá því viku fyrir að Jónas hefði sótt um að fá náðun frá afplánuninni. Samkvæmt heimildum DV á þeim tíma stóð í umsókninni að ástæðurnar væru bág fjárhagsstaða og erfiðar fjölskylduáðstæður.

Á sama tíma greindi DV frá því að báturinn Harpa hefði horfið úr löggæslu. Samkvæmt dómi átti að selja Hörpu á uppboði og átti ágóðinn að renna til aðstandenda Friðriks og Matthildar. Kom þá á daginn að Jónas hafði selt bátinn í byrjun árs 2006 og sagði hann að sýslumaðurinn í Reykjavík hefði ekkert að gera með að kyrrsetja hann. Neitaði hann að segja hver hefði keypt bátinn eða hvar hann væri.

Aðstandendur Matthildar og Friðriks voru hins vegar ekki sannfærð um að báturinn væri seldur enda var hann skráður í eigu Jónasar þegar gerðin um löggæmslu var gerð. Meðan á réttarhöldunum stóð var báturinn í geymslu í bílskúr í Garðabæ. Í október árið 2006 þegar löggæmslan var gerð var báturinn í kerru við bílskúrinn.

Í nóvember árið 2007 greindi DV frá því að Harpa væri í viðgerð í Noregi og væri það að beiðni Jónasar sjálfs. Hefði hann komið bátinum úr landi 17. nóvember árið 2006 með flutningaskipinu Kársnesi. Í janúar árið 2008 vissi norska lögreglan hins vegar ekki hvar báturinn var niður kominn.

Formaður á ný

Í ágúst árið 2010 greindi DV frá því að Jónas hefði snúið aftur til trúnaðarstarfa fyrir Sjómannafélag Íslands. Til að byrja með var hann settur í nefnd til að semja um kjör fyrir sjómenn um borð í skipum Hafrannsóknarstofnunar og Landhelgisgæslunnar. Birgir Hólm Björgvinsson framkvæmdastjóri sagði þá:

„Ég þekki hann vel og hann er mjög góður starfskraftur sem hefur unnið vel fyrir sjómenn. Þó hann hafi lent í þessu hörmulega slysi þá getur hann ekki verið með yfir sér ævilangan dóm. Málið er búið og maðurinn aldeilis búinn að taka út sinn dóm. Ég get ekki séð annað en að gefa verði mönnum annan sjéns. Það kom skýrt fram á síðasta aðalfundi félagsins að bæði stjórnarmenn og félagsmenn vildu að hann kæmi aftur til starfa. Þar voru allir sammála og enginn mótfallinn.“

Ekki leið á löngu þar til hann var orðinn formaður félagsins aftur. Einnig var hann tekinn inn í stjórn Hrafnistu, dvalarheimilis aldraðra, sem þykir virðingarstaða og aðeins veitt þeim sem eru mikils metnir af sjómönnum. ■



Kjaraviðræður 1991 Jónas ásamt Guðlaugi Þorvaldssyni sáttasemjara og Guðmundi Hallvarðssyni, formanni SÍ.


HETJA, DREKI OG DJÖFULL



„... hún er frumlegri en flestir aðrir höfundar ...“

EGILL HELGASON / KILJAN

Þórunn Jarla Valdimarsdóttir bregður upp ljóslifandi mynd af Skúla og samferðafólki hans



VILLIMAÐUR Í PARÍS

„... yndislesning, heildstæð og harmræn blanda af sársauka og sátt.“

SIÓ / KVENNABLAÐID.IS



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is

Öll skemmtilegu leikföngin fást í Hagkaup



Paw Patrol slökkviliðsbíll

15.999 kr



Slökkvistöð 5 bílar fylgja.

6.499 kr



Evi hestvagn og hestur.

3.499 kr



Steffi galaprinsesta 2 teg.

2.999 kr/stk



Slökkviliðsbíll með talstöð, hljóði
og ljósum.

5.999 kr



Paw Patrol Rescue set.

10.999 kr



Paw Patrol Píla og flugvél

6.199 kr



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni



Örkin hans Nóa.

4.999 kr



Fyrsta húsið mitt.

7.999 kr



Play-doh hrærivél.

3.299 kr



Hundur í bandi 30 cm.

2.499 kr



Jólanáttföt 2-6 ára

2.499 kr



Ljósbrúnn bangsi 35 cm.

3.999 kr



Bangsaballerína 25 cm 4 teg.

1.999 kr/stk



Husky 35 cm.

2.499 kr



50 cm einhyrningur.

2.999 kr

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Donald Trump sagði úrslitin stórkostlegan árangur en þau voru í raun mikill skellur.

Úrslit bandarísku þingkosninganna gera Trump erfitt fyrir

Glæsilegur árangur kvenna og minnihlutahópa

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Niðurstaða þingkosninganna í Bandaríkjunum á þriðjudaginn kom almennt ekki á óvart. Demókratar náðu meirihluta í fulltrúadeild þingsins en kosið var um öll 435 sætin í deildinni. Repúblíkanar héldu meirihluta sínum í öldungadeildinni og því verður ástandið þar óbreytt hvað varðar samskipti þings og forseta. En það að demókratar séu nú komnir í meirihluta í fulltrúadeildinni breytir ýmsu fyrir Donald Trump forseta og möguleikar hans á að koma stefnumálum sínum áfram verða minni. Ýmsir stjórnmalaskýrendur telja að niðurstaðan sé ávísun á kyrrstöðu og skítkast manna á milli næstu tvö árin eða þar til kosið verður um nýjan for-

seta, nýja fulltrúadeild og þriðjung öldungadeildarþingsæta eftir tvö ár.

Fram að þessu hefur Trump getað reitt sig á meirihluta repúblíkana í báðum deildum þingsins til að koma stefnumálum sínum í gegn. En nú er staðan gjörbreytt og getur haft í för með sér að lagafrumvörp komist ekki í gegnum þingið. Ferlið er þannig að lagafrumvörp þarf að samþykka í báðum deildum þingsins og síðan þurfa þau að fara til undirritunar hjá forsetanum. Samkomulag demókrata og repúblíkana er ekki gott og engin teikn eru á lofti um að það fari batnandi. Því má telja nokkuð víst að þar muni stálin stinn áfram takast á. Þannig mun þingið í raun vera lamað og fá eða engin lagafrumvörp munu hljóta afgreiðslu nema auðvitað kraftaverkið gerist og flokkarnir fari að

starfa saman. Trump mun því þurfa að beita forsetatilskipunum í miklum mæli og komast að því hversu langt hann getur gengið í einstökum málum án þess að njóta aðstoðar þingsins við það.

Sama staða var uppi á teningnum þegar Barack Obama tók við forsetaembætti. Þá ákváðu repúblíkanar á þingi að hindra allt sem frá honum kom til að lama hann sem forseta. Obama nýtti því forsetatilskipanir í miklum mæli.

Nýr aðalóvinur Trump

Niðurstaða kosninganna þýðir að Trump hefur eignast nýjan aðalóvin, það eru demókratarir í fulltrúadeildinni. Hann mun væntanlega beina spjótum sínum að þeim í hvert sinn sem eitthvað mistekst hjá honum næstu tvö árin.

Þegar nýtt þing tekur til starfa eftir tvo mánuði breytist margt í

Trump getur aðeins vonast til að koma frumvörpum í gegnum þingið með því að starfa þvert á flokkslínur.

völdin í fulltrúadeildinni. Hugsanlega hefur hann þarna átt við það ljós í myrkrinu fyrir repúblíkana að þeim tókst að halda meirihluta í öldungadeildinni. Það hefði verið gríðarlegt áfall fyrir Trump ef demókratar hefðu náð meirihluta í öldungadeildinni. Þá hefðu verið auknar líkur á að þeir hefðu hafið ferli til að reyna að koma honum frá völdum með því að höfða mál á hendur honum fyrir þinginu.

En það er kannski ekki alslæmt fyrir Trump að demókratar verða nú í meirihluta í fulltrúadeildinni. Nú getur hann kennt þeim um ef efnahagslífið þróast til hins verra og nú hefur hann fullkomna afsökun fyrir að geta ekki komið neinu í verk næstu tvö árin. Þessu getur hann hamrað á fyrir næstu kosningar og bent á að þessu þurfi að breyta og þannig reynt að fá kjósendur til liðs við repúblíkana. Hann er sem sagt kominn með nýjan og augljósan óvin sem er á allt annarri línu en hann sjálfur.

Þrátt fyrir tapið geta repúblíkanar glaðst yfir árangri einstakra frambjóðenda. Ted Cruz stóðst atögu Beto O'Rourke, helstu vonarstjörnu demókrata, í Texas. Aðrir frambjóðendur sem náðu góðum árangri voru meðal annars í Flórída, Indiana, Norður-Dakóta og Missouri. Demókratar geta glaðst yfir góðum sigrum í Flórída, Virginíu, Pennsylvaníu og Minnesota en þessir sigrar ættu að blása þeim bjartsýni í brjóst fyrir kosningarnar eftir tvö ár.

Tímamót hjá konum og minnihlutahópum

Þau tímamót urðu í kosningunum að þessu sinni að metföldi kvenna var kjörinn til setu í fulltrúadeildinni en þær verða um 100 en voru 84 á kjörtímabilinu sem er að ljúka og 22 konur voru kjörnar til setu í öldungadeildinni.

Einnig fengu margir frambjóðendur, úr röðum minnihlutahópa, góða kosningu. Þar má nefna að tvær konur af ættum frumbyggja voru kjörnar á þing og tvær islamskar konur náðu kjöri og eru fyrstu islömsku konurnar sem eru kjörnar á þing. Í Colorado var Jared Polis kjörinn ríkisstjóri og er hann fyrsti samkynhneigði ríkisstjóri, að minnsta kosti sá fyrsti sem fer ekki leynt með kynhneigð sína. Í Arizona og Tennessee voru konur kosnar til setu í öldungadeildinni en það er í fyrsta sinn sem það gerist í þessum ríkjum.

Í New York var Alexandria Ocasio-Cortez kjörin á þing fyrir demókrata en hún er aðeins 29 ára og yngsta konan í sögunni til að taka sæti í fulltrúadeildinni. Hún þykir vera langt til vinstri í flokknum og hefur vakið mikla athygli fyrir vasklega framgöngu í kosningabaráttunni og vann glæsilegan sigur í kjördæmi sínu þar sem hún fékk 78 prósent greiddra atkvæða. Fyrir aðeins ári vann hún á bar til að framfleyta fjölskyldu sinni.

Árangur kvenna er sérstaklega glæsilegur og margir fagna honum og telja að nú verði ákveðin tímamót í bandarískum stjórnámum þar sem konur láti meira til sín taka. Tími hvíttra karla, í aðalhlutverkum á þingi, sé að líða undir lok. ■



Nancy Pelosi
Leiðtogi Demókrata í neðri deild Bandaríkjaþings.

bandarískum stjórnámum. Fulltrúadeildin sem hefur undanfarið samþykkt herta innflytjendalöggjöf, ógilt Obamacare og skorið grimmt niður í félagslegum útgjöldum mun nú væntanlega breyta um stefnu undir stjórn demókrata. Fyrsta mál á dagskrá að sögn Nancy Pelosi, sem verður væntanlega leiðtogi demókrata í deildinni, er að samþykka frumvörp um síðferði innan stjórnkerfisins og endurbætur á kosningakerfinu. Þessi frumvörp munu síðan væntanlega daga uppi í öldungadeildinni en demókratar munu með vinnu sinni ætla að sýna kjósendum hvað þeir muni gera ef þeir ná meirihluta í báðum deildum eftir tvö ár og jafnvel forsetaembættinu.

Trump getur aðeins vonast til að koma frumvörpum í gegnum þingið með því að starfa þvert á flokkslínur. Það gæti reynst honum erfitt enda eyddi hann síðustu mánuðum í að ráðast harkalega á demókrata á kosningafundum víða um Bandaríkin og var orðfærið ekki alltaf fagurt. Það hlýtur einnig að valda honum áhyggjum að demókratar geta nú hert enn frekar þær rannsóknir sem eru í gangi á meintum tengslum forsetaframbóðs Trump við Rússa. Einnig kann að vera stutt í að skattaskýrslur Trump verði birtar opinberlega en hann hefur ekki viljað opinbera þær.

Trump er að vanda óútreiknanlegur og eftir að úrslit kosninganna lágu ljós fyrir fagnaði hann þeim og sagði þau „stórkostlegan árangur“. Þetta sagði hann þrátt fyrir að repúblíkanar hefðu misst

VEGGKLÆÐNINGAR

Fyrir allar gerðir húsa, nýjafnt sem gömul, fjöldi lita og gerða

Kostirnir eru ótvíræðir:

- Fallegra hús
- Ekkert viðhald

FEGURÐ
ENDING
MÝKT



ALTAK

Ál er okkar mál • Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • altak.is

PHILIPS

OLED 903

Ný kynslóð OLED+

Glæsilegt örþunnt OLED+ sjónvarp með mögnuðu þriggja hliða Ambilight sem dregur þig inn í atburðarásina og heldur þér þar. P5 myndvinnslan framkallar ótrúleg myndgæði með kröftugum litum og enn meiri skerpu. Hnökralaus og skemmtileg notkun með Android stýrikerfi og Google Assistant, því þegar stórt er spurt veit OLED 903 svarið.

Allir þessir eiginleikar ásamt sérhönnuðu hljóðkerfi frá Bowers & Wilkins gera OLED 903 að framúrskarandi sjónvarpsupplifun og tryggðu því EISA verðlaunin fyrir besta heimabíó sjónvarpið 2018-2019.



Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Þegar Ellie Holman flaug frá Lundúnum til Dúbaí í júlí til að heimsækja vini sína hófst atburðarás sem hún hefði gjarnan viljað sleppa við. Ellie er sænsk-írönsk, 44 ára, tannlæknir og býr í Kent á Englandi. Fjögurra ára dóttir hennar, Bibi, var með í för. Í flugvélinni buðu flugliðar upp á rauðvín og fékk Ellie sér eitt glas. Þegar hún kom á flugvöllinn í Dúbaí reyndist það vera dýru verði keypt því henni og Bibi var hent í hryllilegan fangaklefa þar sem þær þurftu að dúsa í þrjá daga. Þær urðu að sofa á gólfinu í illa lyktandi og „ómannúðlegum“ fangaklefa þar sem 30 til viðbótar máttu dúsa. Maturinn sem fangarnir fengu var myglaður.

„Ég hef aldrei heyrt litlu stúlkuna mína gráta svona áður. Ég var svo hrædd við hvað gæti gerst. Ég þorði ekki að loka augum í þrjá sólarhringa,“ sagði Ellie í samtali við samtökin Detained in Dubai eftir að hún var látin laus. Samtökin aðstoða Vesturlandabúa sem lenda í útistöðum við lögin í þessu litla og forríka furstadæmi.

Ellie hafði ekki hugmynd um að það væri stranglega bannað að vera með minnsta vott af áfengi í blóðinu þegar komið er til Dúbaí. Af þeim sökum þáði hún rauðvínsglasid sem var boðið upp á í fluginu með ríkisflugfélagi landsins, Emirates Airways. En þegar hún kom í tollinn upphófst vandræðin. Vegabréfsáritunin, sem hún var með, gilti aðeins fyrir för inn í landið. Landamæravörðurinn gaf henni því fyrirmæli um að fara beint heim til Lundúna. Ellie hryllti við tilhugsuninni um að þurfa að sitja strax aftur í átta klukkustundir í flugvél. Hún bað því um að fá að kaupa ferðamanna-vegabréfsáritun í flugstöðinni. En landamæravörðurinn hafnaði því með öllu og sýndi Ellie ekkert nema ókurteisi að hennar sögn. Þetta þróaðist yfir í deilur þeirra á milli og Ellie byrjaði að taka myndir af landamæravörðinum til að geta sýnt hversu dónalegur hann væri. Þegar hann spurði hana hvort hún hefði drukkið áfengi sagði hún hafa drukkið eitt glas. Þá birtist skyndi-



Ellie Holman
Þriggja daga
vítisvist í Dúbaí.

HINAR MÖRGU GILDRUR SEM BÍÐA FERÐAMANNA Í DÚBAÍ

■ Eitt vínglas í flugvélinni og þú getur lent í fangelsi

lega um tugur lögreglumanna og umkringdi hana. Þeir tóku vegabréf hennar og farsíma af henni og neyddu hana til að láta blóðprufu í té. Niðurstaða rannsóknar á henni var að hún var með 0,04 prómill af alkóhóli í blóðinu. Í þá þrjá daga sem hún sat í fangaklefanum fékk hún ekki að hafa samband við neinn og fjölskylda hennar vissi ekkert um hrakfarir hennar fyrr en vinir Ellie í Dúbaí náðu að grafast fyrir um hvað væri í gangi. Mæðgunum var síðan sleppt úr haldi en sagt að þær mættu ekki yfirgefa landið vegna rannsóknar málsins og að Ellie ætti margra ára fangelsisvist yfir höfði sér.

Ekki einsdæmi

Mál Ellie er ekkert einsdæmi í Dúbaí, heldur einfaldlega skólabókardæmi um ótrúlegan lagalegan frumskóg í landinu. Þessi lög gera að verkum

að fólk á á hættu að vera saksótt fyrir eitthvað sem það hefur ekki hugmynd um að sé ólöglegt. Til dæmis er fjöldinn allur af hótelum og börum sem selur áfengi á löglegan hátt. En hins vegar er algjörlega óheimilt að drekka þetta sama áfengi á almannafæri og skiptir þá engu hvort það er keypt á hóteli eða inni á bar, hvort tveggja telst almannafæri. Þetta veldur fólki oft vandræðum því það telur að það megi drekka áfengið þar sem það er selt. Oftast er litid framhjá þessu en ef einhverjum misbýður og hringir í lögregluna hefjast vandræðin og fólk á á hættu að enda í fangelsi.

Þetta á ekki einungis við um áfengi því konur hafa lent í vandræðum á ströndinni fyrir að vera í bikiníu en fjöldi kvenna í bikiníu er þar nær alla daga. Þör hafa verið handtekin fyrir að haldast í hendur en á sama



Lögreglan í Dúbaí.

tíma má sjá vændiskonur bjóða þjónustu sína á nær hverju einasta götuhorni í borginni. Yfirvöld horfa að jafnaði í gegnum fingur sér með þetta til að hræða ekki ferðamenn á brott en landið er markaðssett sem nútímaleg ferðamannaparadís. En undir yfirborðinu er hins vegar ótrúlega íhaldsamt samfélag. Lögunum er ekki breytt því íhaldssömum ráðamönnum finnst það vera einhvers konar árás á íslömsk gildi.

Ellie var ákærð

Eftir að Ellie var látin laus var hún ákærð fyrir að hafa drukkið áfengi, fyrir að hafa móðgað landamæravörð og fyrir að hafa tekið myndir af honum án leyfis. Eftir fjórar vikur var hins vegar fallið frá öllum ákærum og henni sagt að hún gæti farið heim og væri alltaf velkomin aftur til Dúbaí. Þá voru tvö eldri börn hennar kominn til hennar.

„Þeir borguðu flugmiðana, fylgdu okkur út á flugvöll, voru með rósir fyrir mig og hamborga handa börnunum og báðust margoft afsökunar á því sem gerðist,“ sagði Ellie í samtali við Daily Mail eftir heimkomuna. En allt eru þetta orðin tóm því ekkert hefur breyst í Dúbaí, engum lögum og reglum hefur verið breytt og allt er við það sama. Það er því aðeins tímaspursmál hvenær næsti ferðamaður lendir í gildrunni.

Fyrst eftir heimkomuna ræddi Ellie við fjölmiðla og skýrði frá atburðinum í Dúbaí. En í kjölfarið hófst mikil áróðursferð á samfélagsmiðlum og nú þörir hún ekki lengur að veita viðtöl vegna málsins. Ellie og hennar fólk er sannfært um að nettröll á vegum yfirvalda í Dúbaí séu hér að verki og hafi það að markmiði að eyðileggja orðstír Ellie og gera út af við rekstur hennar. Nettröllin hafa sakað hana um að

hafa logið öllu um atburðarásina, að hún sé ósiðleg. Aðrir skrifa að þeir voni að börnin hennar deyi og að hún verði sett í fangelsi til æviloka eða að glæpamaður nauðgi henni og hún eignist ógeðslegt barn. Þá var eitt sinn hringt í hana og sagt að sprengja væri við hús hennar og að börnin hennar skyldu deyja. Meira að segja vinir hennar í Dúbaí hafa neyðst til að biðja hana að fjarlægja allar myndir af Facebook og Instagram þar sem þeir sjást með henni.

Þetta ber að varast í Dúbaí:

■ Gættu að hvað þú skrifar á samfélagsmiðla. Neikvæð skrif um stjórnvöld í Dúbaí, um íslamstrú eða íbúa landsins geta kostað fólk fangelsisvist.

■ Ýmsar tegundir verkjalyfja, sumar sem eru ekki lyfseðilsskyldar, eru ólöglegar í Dúbaí sem og rafrettur. Fólk getur verið handtekið ef það er með þessi lyf eða rafrettur í fórum sínum.

■ Gættu að þér þegar þú tekur myndir. Fyrir fimm árum var asískur maður dæmdur í eins árs fangelsi fyrir að hafa tekið myndir af íbúa í Dúbaí að berja indverskan bílstjóra sinn. Það er bannað að taka myndir af opinberum byggingum og fólki nema það veiti samþykki sitt fyrst.

■ Það getur varðað sektum, fangelsi eða brottvísun úr landi að bölvu eða sýna ósæmileg merki með fingrum. ■ Það er bannað að borða og drekka frá sólarupprás til sólsetur þegar föstumánuðurinn ramadan stendur yfir.

■ Ekki klæðast „djarft“, til dæmis með því að sýna axlirnar. Það getur endað með fangelsisvist.

■ Farðu varlega í að daðra. Bara það eitt að horfa aðeins of lengi á ókunnuga konu getur endað með sekt eða fangelsisdómi. ■

ÞÚ FÆRÐ MYNDVARPANN HJÁ OKKUR



FERIS



LEITIN AÐ JÓLAKETTINUM

Eftir sögustund hjá ömmu Sigu ákveður Sara að halda af stað upp á Esju til þess að fanga jólaköttinn. Hún leggur af stað með tveimur bestu vinum sínum.

Höfundurinn, Óliver Þorsteinsson, vinnur á leikskólanum Kópahvöll í Kópavogi.



JÓLAGJAFIR SEM ÖLL BÖRN MUNU ELSKA



DAGBÓK KIDDA KLAUFA LEYNIKOFINN

10. bókin í þessum gríðarlega vinsæla bókaflakki um Kidda klaufa



LEYNDARMÁL LINDU

Fimmta bókin um Leyndarmál Lindu.



Þú getur fylgst með okkur á facebook: Tindur-bókaútgáfa

Tindur
Bókaútgáfa



Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Vandræðalegt fyrir Sósíalista

Samkvæmt nýjustu skoðana-könnunum á fylgi stjórnmalaflokkanna er Sósíalistaflokkurinn ekki að ná neinu flugi. Hlýtur það að vera áhyggjuefni fyrir Gunnar Smára og félagi að flokkurinn mælist aðeins með um eitt prósent á landsvísi. Stuðningsmenn Sósíalista-flokksins gætu haldið því fram að langt sé í kosningar og flokkurinn hafi aldrei boðið fram áður til þings. En hafa ber í huga að flokkurinn er nú þegar orðinn hreyfiast í þjóðfélaginu. Í maí síðastliðnum náði flokkurinn manni inn í borgarstjórn, Sönnu Magdalenu sem hefur verið mjög áberandi. Einnig dyljast fáum þeir þræðir flokksins sem liggja inn í verkalyðsforystuna.

Sambærilegt dæmi gæti verið Miðflokkurinn á Akureyri. Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor mældist flokkurinn á einum tímamarki með tæplega níu prósentu fylgi. Þá var ekki búið að tilkynna neinn lista og ekki víst að flokkurinn yrði yfirhöfuð í framboði. Miðflokkurinn var þá mun nýrri stjórnmalahreyfing en Sósíalistaflokkurinn er nú. Gunnar Smári og félagar hljóta að tala upp flokkinn á landsvísi því staðan nú er vandræðaleg.

Fjölmiðlasjálhverfa

Fjölmiðlar elska að fjalla um sjálfa sig. Nýjastadæmið er leiðari nýjasta tölublaðs Læknablaðsins þar sem geðlæknir talar um upplifun sína af umfjöllun fjölmiðla um heilbrigðismál. Athygli vekur að fjölmiðlar hafa sjaldan fjallað jafn ítarlega um eina grein úr Læknablaðinu. Þeir sem lesa reglulega Læknablaðið klóra sér margir hverjir í höfðinu yfir því hvers vegna svo sé, enda sé grein geðlæknisins alls ekki sú merkilegasta sem birst hefur á síðum blaðsins að undanfögnu.

Réttur til þungunarrofs er nauðsyn

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Þungunarrof, eða fóstureyðingar eins og áður var sagt, er nú á milli tannanna á fólki. Er það vegna nýs frumvarps sem vikkar út rétt og tímaramma kvenna í þeim efnum. Það er vel og mætti vikka rammann enn frekar. Að neita konu um þungunarrof og neyða hana til þess að ganga með fóstur sem hún vill ekki er glæpur og mannréttindabrot af verstu sort. Hrein forneskja.

Hryllileg er sú saga kvenna í gegnum aldirnar sem þurftu að ganga með og eiga börn sem þær gátu ekki eða vildu ekki eiga. Lá sú ábyrgð ekki hjá þeim konum heldur siðapostulum og valdamönnum þess tíma. Langoftast karlmönnum.

Þurftu þessar konur í skjóli myrkurs að láta framkvæma ólöglegar fóstureyðingar við slæmar aðstæður og lítið hreinlæti. Ekki lifðu allar af heldur létust vegna blæðinga eða sýkinga. Einnig gátu þær verið dregnar til ábyrgðar sem og þær ljósmæður sem yfirleitt framkvæmdu þessar aðgerðir. Á Íslandi voru dulsmál algeng. Konur huldu þá meðgönguna eins og þær gátu og fyrirfóru

barninu strax eftir fæðingu. Oft voru þetta ungar stúlkur sem bóndinn á bænnum hafði barnað og jafnvel nauðgað. Viðurlögin voru dauði.

Erfitt eða ómögulegt er fyrir karlmann að setja sig í þessi spor. En þó liggur það í augum upp að þungunarrof er aldrei auðveld ákvörðun. Sérstaklega ekki seint á meðgöngunni þegar konan þarf að ganga í gegnum fæðingu með öllum þeim líkamlegu og andlegu áskorunum sem því fylgir. Alltaf liggur góð ástæða þar að baki.

Andstaðan við réttinn til þungunarrofs kemur oftast frá sömu átt. Trúuðu, íhaldssömu og eldra fólki, sérstaklega karlmönnum. Þeir róttækustu líkja þungunarrofi við barnsmorð. Skilningsleysið á aðstæðunum og virðingin fyrir mannréttindum er engin. Konur sem eru að ganga í gegnum einhvern erfiðasta tíma lífs síns eru úthrópaðar sem morðingjar.

Ég vil trúá því að Ísland sé frjálslýnt land þar sem mannréttindi eru virt. Að mannúð sé höfð í hávegum þegar fólk er að ganga í gegnum erfiða tíma og aðstæður sem það ræður ekki við. Ekki samfélag þar sem trúarkreddur og bábiljur standa í vegi fólks og geri því erfitt fyrir. ■



Drekking Aftökuaðferð fyrir konur sem báru út börn sín.

Grænkerar eru frekjur



Svarthöfði

Á næstunni stendur til að sameina félag grænmetisæta og félag veganista, sem nú vilja láta kalla sig grænkerar. Er áætlað að meðlimafjöldinn í hinu nýja félagi verði um 400 manns og komi flestir þeirra úr fyrrnefndu samtökunum.

Engu að síður verða áherslurnar samhljóða stefnu grænkerar. Það eru frekjurnar. Hvað varð um allar ærlegu grænmetisæturnar sem sáu sóma sinn í því að éta egg og mjólkurvörur? Margar af þeim höfðu einnig vit á því að borða fisk. Þetta fólk er flæmt í burtu eða beygt undir ægivald grænkeranna. Minnir þetta óneitanlega á yfirtöku BDSM á Samtökunum '78 þar sem ærlegir hommar og lesbíur mátu lúta í gras. Fólkíð sem byggði upp samtökin.

Svarthöfði hefur ekki farið varhluta af áróðri þessara grænkerar. Alls staðar vaða þeir uppi með frekju og yfirgang, nú síðast

Það er bæði þjóðlegt og heilnæmt að éta lítið lamb

í miklu havaríi fyrir utan sláturhúsið á Selfossi. Skilst Svarthöfða einnig að út sé að koma barnabók þar sem boðskapurinn er innrættur. Ætli grænkerar verði ekki brátt komnir inn í skólana og á námskrá? Og að allar dýraafurðir verði teknar úr eldhúsum hins opinbera?

Íslendingar hafa étid kjöt og drukkið mjólk frá landnámi. Við hefðum aldrei komist í gegnum fátækt og harða vetur síðasta áhrpúsunds á því að éta eintóman mosa og fjallagrös. Grænkerarnir sjálfir



Lömb þjóðleg og heilnæm til átu.

komast ekki einu sinni í gegnum tæknivæddan nútímann án þess að úða í sig verksmiðjuframleiddum bætiefnum. Segir það sitt um hversu burðug þessi stefna er.

Það er bæði þjóðlegt og heilnæmt að éta lítið lamb. Á tímum þar sem offramleiðsla er í greininni er það einnig þjóðhagsleg nauðsyn og heldur úti byggð á öllu landinu. Það sama með sjávarútveginn. Hvað eiga bátarnir að veiða? Þang? Þessir grænkerar verða að setta sig við þá staðreynd að Ísland getur aldrei orðið korn- eða ávaxtaframleiðsluríki. Kropp-

ar dýra smyrja hér hjól atvinnulífsins og þangað til frekjurnar komu fram á sjónarsviðið voru allir pollrólegir yfir því.

Engu að síður heldur áróðursstríðið áfram og er því fyrst og fremst beint að börnum. Vita grænkerarnir að fullorðnum og þroskuðum sálum eins og Svarthöfða verður ekki snúið svo glatt með dramatískri framsetningu og myndlíkingu. Svarthöfði veit fyrir víst að Sláturfélag Suðurlands á ekkert skylt við Auschwitz nema kannski skammstöfunina. ■

Spurning vikunnar

Hvað finnst þér um kaup Ícelandair á Wow?



„Er sáttur í bili, á meðan verið er að greiða úr stöðunni“

Gunnlaugur Jónsson



„Ég er ekki hrifin“

Linda Björk Ævarsdóttir



„Væntanlega eru góð rekstrarleg rök á bak við þetta“

Jóhann Þorvaldsson



„Ég heyrði aðeins af þessu í morgun en hef ekki myndað mér skoðun“

Þórunn Elfa Ævarsdóttir



EINS OG FÆTUR TOGA

Fábærar vörur á góðu verði!



Fólkið í göngugreiningum

Lýður, Elva og Alexander eru sérfræðingar í göngugreiningum og hafa tekið yfir 60.000 Íslendinga í göngugreiningu og því skoðað meira en 120.000 fætur.

OOFOS
feel the oo



- Fagleg þjónusta
- Göngu- og hlaupagreiningar
- Vörur fyrir endurheimt líkamans
- Fjölbreytt meðferðarúrræði fagfólks
- Allt fyrir hlauparann
- Vandaðir vinnuskór

BROOKS



Við erum í fararbroddi í göngu- og hlaupagreiningum, greiningarbúnaði, innleggjum, skóm og fylgihlutum.

Reynslumesta starfsfólkið í nánu samstarfi við íþróttahreyfinguna og fagfólk í heilbrigðisstétt.



**AÐEINS
25.990 kr.**

Hyperice

Hyperice Vyper 2.0 er tæknilegasta og öflugasta nuddrúllan á markaðnum!

Í fjölda prófana og rannsókna hefur verið sýnt að með notkun Vyper 2.0 fyrir og eftir átak eykur þú liðleika um u.þ.b. 40% og u.þ.b. 3x meiri aukning á blóðflæði

Frábær jólagjöf!



**AÐEINS
19.990 kr.**

Hypersphere

Nuddkúla með þremur stigum af aflmiklum vörðing. Kúlan er alveg stíf og nær því mjög djúpt inn í vöðvana. Hypersphere hentar þar af leiðandi einstaklega vel til að finna punkta og setja þrýsting á þá til að losa um bandvefina.

Frábær jólagjöf!



**AÐEINS
69.990 kr.**

Hypervolt

Einstök víbrandi nuddbyssa. Hypervolt er fyrsta alvöru græjan sem þú getur notað til að nudda auma vöðva, frábær hvort sem er fyrir einstaklinga eða meðferðaaðila.

Frábær jólagjöf!



EINS OG FÆTUR TOGA

www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 Reykjavík og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100

Hafa ekki greitt í félagið í meira en 20 ár

■ Aldnir heiðursfélagar í trúnaðarmannaráði Sjómannafélagsins ■ Ráku Heiðveigu Maríu ■ Neituðu flestir að tala

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Mikið umstang hefur átt sér stað innan Sjómannafélags Íslands undanfarið eftir að Heiðveigu Maríu Einarsdóttur var vísað úr félaginu. Vísaði trúnaðarráð félagsins Heiðveigu Maríu úr félaginu með 18 atkvæðum gegn 4. Í trúnaðarráðinu eru 48 menn, allt karlmenn. DV hafði samband við stóran hluta þeirra manna sem sitja í ráðinu og spurði þá sem voru á fundinum hvaða afstöðu þeir tóku vegna brottvikningar Heiðveigar Maríu. Eingöngu einn af þeim fjölmörgu sem DV ræddi við vildi gefa upp afstöðu sína. Sá einstaklingur kaus um að vísa Heiðveigu úr félaginu. Blaðamaður ræddi einnig við meðstjóranda í félaginu, en öll stjórnin situr í trúnaðarráðinu.

„Ég hef ekkert að segja um þetta mál, Jónas talar fyrir okkar hönd,“ sagði hann. Þegar blaðamaður spurði hvort hann sem meðstjóranda væri ekki með sjálfstæða skoðun á málinu þar sem hann tók afstöðu, svaraði hann með því að skella á.

„Heiðursfélagar“ með kosningarétt hafa ekki borgað í félagið í yfir 20 ár

Stjórn Sjómannafélagsins ákvað að vísa Heiðveigu Maríu úr félaginu vegna meintra niðrandi ummæla hennar um félagið. Hafa fjórir meðlimir í félaginu gefið út yfirlýsingu þar sem þeir lýsa á mjög furðulegan hátt hvernig Gunnar Smári Egilsson væri að reyna taka yfir félagið með baktjaldamakki. Byrjaði sú vegferð Gunnars þegar hann átti vísit að hafa hringt inn á skrifstofu félagsins til að spyrjast fyrir um hvenær kosningar yrðu í Sjómannafélaginu. Í yfirlýsinguinni vitna þeir einnig í blaðgreinar og Facebook-ummæli máli sínu til stuðnings. Niðurstaðan í

Jónas Garðarsson DV hefur ítrekað reynt að ná tali af formanninum.



þessari tilkynningu er sú að Heiðveig María sé að vinna fyrir Sósíalístaflakinn og Gunnar Smára og er markmið hennar að taka yfir félagið með baktjaldamakki og áhlaupi utanaðkomandi fólks.

Eins og kemur fram hér að framan ræddi DV við allmarga einstaklinga innan félagsins og kom þá í ljós að margir þeirra hafa ekki greitt í félagið í mörg ár. Í einu tilfelli meira en 20 ár. Sitja þeir samt sem áður í trúnaðarráði félagsins ásamt því að mæta á aðalfundi og hafa þar atkvæðisrétt. DV ræddi við einn meðlim trúnaðarráðs og spurði hann hversu langt væri síðan hann hafi verið starfandi: „Það eru að fara verða 10 til 12 á ... Ég þarf ekkert að segja þér hvenær ég hætti að vinna, vertu blessaður.“

„Þú hefur ekkert að gera með þá“

DV hefur undanfarna fjóra daga

reynt ítrekað að ná tali af Jónasi Garðarssyni, formanni Sjómannafélags Íslands. Hefur blaðamaður ítrekað hringt í farsímann hans, skilið eftir skilaboð á skrifstofu félagsins ásamt því að fara niður á skrifstofuna sjálfa. Blaðamaður beið í rúman klukkutíma á skrifstofu Sjómannafélags Íslands þar sem honum var tjáð að Jónas hefði skroppið frá til að grípa sér eitthvað að borða. Eftir um klukkutíma beið var honum tjáð að hann hlyti nú að hafa skroppið í eftirlitsferð. Á meðan heimsókn blaðamanns stóð náði hann tali af Bergi Þorkelssyni, gjaldkera félagsins og stjórnarmeðlimi sambandsins, sem einnig situr í trúnaðarmannaráði.

Heiðveig María hafði kallað eftir ársreikningum félagsins hjá Bergi til að geta kynnt sér fjárhag félagsins og svaraði Bergur henni þá: „Þú hefur ekkert að gera með



þá.“ Spurði blaðamaður hann út í þessi orð hans og staðfesti hann að hafa látið þessi orð falla. Segir Bergur að honum sé ekki heimilt að veita henni ársreikninga félagsins frá þessum árum þar sem hún hafi ekki verið meðlimur í félaginu þegar ársreikningarnir voru gefnir út. Blaðamaður spurði þá hvort hann mætti fá afrit af þessum ársreikningum. „Ég hef bara enga heimild til að afhenda þér þá.“

Er eitthvað í lögum félagsins sem bannar þér að afhenda mér þá?

„Já, þeir eru aðeins afhentir félagsmönnum og liggja fyrir á aðalfundi. Ég þarf að fá leyfi stjórnarinnar til að afhenda þér þá.“

Ekkert kemur fram í lögum Sjómannafélagsins um að ekki megi afhenda ársreikninga. Hvað þá að eingöngu megi afhenda félögum þá.

Spurður út í svokallaða heiðursféлага sagði Bergi ekkert athugasvert við það að menn sitji í trúnaðarráði og kjósi á aðalfundi félagsins þrátt fyrir að hafa ekki greitt í félagið árum saman. Samkvæmt yfirlýsingu frá félaginu segja þeir að samkvæmt lögum félagsins þurfi einstaklingur að vera búinn að vera í félaginu í þrjú ár en samkvæmt lögum félagsins er talað um að hafa greitt í félagið síðastliðin þrjú ár.

Drífa Snædal, nýkjörinn forseti Alþýðusambands Íslands, hefur opinberlega gagnrýnt brottreksturinn harðlega. Þá hafa mörg önnur verkalyðsfélög gagnrýnt þessa ákvörðun Sjómannafélags Íslands. Segir lögfræðingur Heiðveigar Maríu að brottreksturinn sé kolólöglegur og að málið fari fyrir Félagsdóm. ■

SÉRHÆÐ Í EL RASO

ÍBÚÐ Í VILLAMARTIN

VERÐ FRÁ € 136,000

FÁÐU SENDAN BÆKLING Í TÖLVUPÓSTI OG KYNNTU ÞÉR HVAÐ ER Í BOÐI Á COSTA BLANCA Á SPÁNI

VERÐ FRÁ € 128,000

HAFÐU SAMBAND 555 0366
MASAICELAND@GMAIL.COM
JÓN BJARNI & JÓNAS

Næsti kafli
hefst hjá okkur

GIMLI
FASTEIGNASALA

Bjóðum uppá
frítt söluerðmat



FOSSALEYRNIR 16, 112 REYKJAVÍK

Bjart og rúmgott atvinnuhúsnæði miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu samtals 936,4 fm, þar af skrifstofuhúsnæði, á 2.hæðum, alls 636,2 fm og iðnaðarhúsnæði, 2 bil með innkeyrsluhurðum, alls 300,2 fm. Stór hluti húsnæðisins er í útleigu, traustir leigendur.

Allar nánari upplýsingar veitir Halla fasteignasali s. 659 4044, halla@gimli.is

235.000.000 kr.

Tegund Atvinnuhúsnæði

Stærð 936 M²

GIMLI
FASTEIGNASALA

Halla Unnur Helgadóttir, lögg. fast. s.659 4044

gimli.is / Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / 570 4800 / gimli@gimli.is

Hjálmar sagði að kennitöluflakk kæmi ekki til greina í akstursþjónustu fatlaðra

■ Eigendur Prime Tours halda áfram rekstri í nýju fyrirtæki ■ Framkvæmdastjóri Strætó nýtur trausts

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Í vikunni gerði stjórn Strætó bs. samkomulag við fyrirtækið Far-vel ehf. varðandi akstursþjónustu fatlaðra. Var það framsal á samningi sem Prime Tours átti en það félag var nýlega tekið til gjaldþrotaskipta. Stjórnarformaður Far-vel er Hjörleifur Harðarson sem var forráðamaður Prime Tours fyrir gjaldþrotaskiptin. Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi og stjórnarmaður í Strætó, fullyrti fyrir samkomulagið að kennitöluflakk mætti ekki eiga sér stað.

Sagði ákvæði um keðjuábyrgð mikilvæg

DV hefur áður fjallað um samning Strætó við Prime Tours. Félagið fékk samning framseldan eftir útboð árið 2014 en hét þá Ný tækni og var ekki með leyfi til hópflutn-

„Ef við tölum um Prime Tours þá skilst mér að þeir hafi fengið mjög góða einkunn hjá tveimur einstaklingum sem ég þekki sem eru að nota þjónustuna.“

inga. Aðrir verktakar vísuðu málinu til kæruneftar útboðsmála og var tvívegis úrskurðað að Strætó hefði skapað sér skaðabótaskyldu og var gert að greiða samtals 1,6 milljónir króna í málskostn-



Hjálmar Sveinsson Heyrði góð meðmæli með akstursþjónustu Prime Tours.

1.
Metsölulisti Eymundsson
Allar bækur - 31. okt. - 6. nóv.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

að. Hitt málið var vegna þess að Strætó hafði úthlutað Prime Tours of miklum verkefnum miðað við rammisamning.

Erfið fjárhagsstaða Prime Tours var vel þekkt í langan tíma og eftir árangurslaust fjárnám og nauðasamninga var félagið tekið til gjaldþrotaskipta í október. Engu að síður hélt Strætó áfram að starfa með þeim. Jafnvel eftir að upp komst að fötludum var ekið á ótryggðum bílum.

Hjálmar Sveinsson er nýlega kominn inn í stjórn Strætó. Eftir að verktakar sendu honum fyrirspurnir um stöðuna skrifaði hann bréf þar sem stóð að hann teldi ekki koma til greina að fyrirtæki í þessari þjónustu gæti skipt um kennitölu og haldið áfram eins og ekkert væri. Hann þekkti þó ekki lögfræðina í slíkum málum. Jafnframt fullyrti hann að ákvæði um keðjuábyrgð væru mikilvæg og

þeim yrði fylgt eftir.

Treystir framkvæmdastjóranum

Í samtali við DV segir Hjálmar að eftir að hafa fengið álit frá lögfræðingum hafi framsal samningsins verið samþykkt.

„Samkvæmt þessu álitinu var ekki hægt að hafna framsalinu á forsendum viðskiptasögu.“

Þú sagðir áður að kennitöluflakk kæmi ekki til greina. Hvað var það sem sannfærði þig um að þetta væri rétt ákvörðun?

„Ég tók það fram að ég þekkti ekki allar lögfræðilegar hliðar. Eftir að hafa farið yfir þetta álit þá stóð ég með þessari ákvörðun.“

Er þessum aðilum treystandi til þess að sjá um þjónustuna, í ljósi þess að þeir hafa til dæmis keyrt fatlaða á ótryggðum bílum?

„Skiptastjóri kom með þessa tilögu. Ef við tölum um Prime Tours

þá skilst mér að þeir hafi fengið mjög góða einkunn hjá tveimur einstaklingum sem ég þekki sem eru að nota þjónustuna. Það er það eina sem ég hef heyrt.“

Nú var slæm staða Prime Tours þekkt í langan tíma og Strætó tvisvar úrskurðað skaðabótaskyldt vegna þess. Hefði ekki átt að bregðast strax við?

„Ég er nýkominn þarna inn og þekki ekki forsöguna nema að mjög litlu leyti.“

Verður allt þetta mál kannað í stjórninni?

„Alveg örugglega, en ég held að sagan liggi nokkuð ljós fyrir.“

Nýtur Jóhannes Svavar Rúnarsson framkvæmdastjóri enn þá trausts?


„Hann nýtur alla vega míns trausts. Ég get ekki talað fyrir hönd annarra.“ ■

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantarir á varahlutum.

BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNNS

SIÓVÁ



VÍS

vörður



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27, Kópavogi
www.bilasprautun.is

 554 2510

Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús • sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010



Fimm staðir til að finna álfa

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Meirihluti íslensku þjóðarinnar trúir á álfa, yfirnáttúrulegar verur sem búa í steinum og úti í hrauni. Fram kom í könnun sem DV gerði fyrir 20 árum að 54,4% landsmanna trygðu á álfa og huldufólk, í könnun Háskóla Íslands tæpum 10 árum síðar hafði trúin aukist

og trúðu þá 62% á álfa og huldufólk. En hvar eru þessir álfar? Í bókinni Krossgötur - Álfatrú, álfabyggðir og bannhelgi á Íslandi eftir Bryndísi Björgvinsdóttur og Svölu Ragnarsdóttur er fjallað um þá staði sem talið er að finna megi álfa hér á landi. DV tók saman lista yfir fimm staði á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess þar sem talið er að álfar haldi sig.

Borgarholt, Kópavogi

Það er ástæða fyrir því að svæðið við Kópavogskirkju er látið í friði en þar er talið að sé blómleg álfabyggð. Sagan segir að þegar Borgarholtsbrautin var lögð hafi Kópavogsbúinn Sveinn Gamalielsson varað álfana við áður en steinar voru sprengdir í burtu, álfarnir hafi þá fært sig. Álfarnir í Borgarholtinu virðast hrifnari af börnum en fullorðum og er sagt að þeir hafi átt á samskiptum við leikskólabörn.



Smiðjuhóll, Arnarnesi í Garðabæ

Smiðjuhóll stóð suður af gamla Arnarnesbænum en er nú inni á einkalóð. Sagt er að á honum hvíli álg og ef hann yrði sleginn þá myndu bestu mjólkurkýrnar í fjósinu falla niður dauðar. Þrátt fyrir að fjósið og kýrnar séu löngu farnar af Arnarnesinu þá er hann enn vaxinn háum stráum. Sagan segir að breskur sjáandi hafi skoðað hólinn að beidni íbúa og hafi átt erfitt með svefn eftir að hafa fundið inngang álfanna inn í hólinn. Eins og áður segir er hólinn á einkalóð og því líklegast best að skoða hann úr fjarlægð, þá einnig til að forðast álg og svefntruflanir.

Sauðhóll, Breiðholti í Reykjavík

Samkvæmt fornleifaskrá Reykjavíkur er álfabyggð í hólum við blokkina Vesturberg 2-6 í Breiðholti. Hóllinn er rúmum tíu metrum frá blokkinni og er kallaður Sauðhóll. Blokkinn átti að standa þar sem hóllinn er en það var talið óráðlegt vegna álfanna. Skammt frá er

grunnskólinn Fellaskóli, hóllinn er mjög grýttur og segir sagan að kennarar við skólann hafi sagt börnunum að hann væri bannhelgur til að koma í veg fyrir að börn meiddu sig við leik.



Jólagleði á Ránni í Reykjanesbæ



Eyfi sér um
jólasterminguna

JÓLAHLAÐBORD

**FÖSTUDAGINN 30.
NÓV. OG 7. DESEMBER**

**LAUGARDAGANA
1. OG 8. DESEMBER**



Merkurgata, Hafnarfirði

Við Merkurgötu stendur stór álfasteinn sem virðist standa úti á miðri götu. Sagan segir að til hafi staðið að brjóta hann niður árið 1937 en það hafi ekki tekist vegna hulduveru sem býr inni í steininum. Járnkarl sem átti að nota til að brjóta hann niður stendur enn upp úr steininum. Álfasteinninn í Merkurgötu er fríðaður af Hafnarfjarðarbæ. Merkurgata er á milli Vesturgötu og Vesturbrautar, skammt frá bæjartorginu við verslunarmiðstöðina Fjörð.

Hamarinn, Hafnarfirði

Hafnarfjörður er sannkallaður álfabær. Fram kom í úttekt sjáandans Erlu Stefánsdóttur, sem hún gerði fyrir Hafnarfjarðarbæ á tíunda áratug síðustu aldar, að þar sé merkilegasta og stærsta álfabyggðin í bænum. Ein elsta frásögnin af staðnum er um Gunnar Bjarnason, bónda í Hamarskoti, sem heyrði söng frá Hamrinum að kvöldi til um jól. Gunnar gekk á hljóðið og fann dyr. Fór hann inn í hóbýli álfanna en lét sig fljótt hverfa þegar söngnum lauk. Hamarinn er fyrir ofan Lækinn í Hafnarfirði, við hliðina á Flensborgarskólanum.



**BORDAPANTANIR Í
SÍMA: 852 2083
PANTANIR@RAIN.IS**

**TRAPICHE
ARGENTINA**

NÓVEMBER 20% TILBOÐ

AFSLÁTTUR AF
HREINSUN Á

GLUGGATJÖLDUM
TEPPUM
SÆNGUM
ÚLPUM
FRÖKKUM
KÁPUM

VITASTÍG 13
ÚÐAFOSS



herra húsið

PEYSUSPRENGJA!

30% afsláttur
af öllum peysum
föstudag og laugardag



Bison hálfrennd
Verð ~~8.500kr.~~
Nú **5.950 kr.**



Bison Jakki
Verð ~~14.900kr.~~
Nú **10.430 kr.**



Bison rennd
Verð ~~12.900kr.~~
Nú **9.030 kr.**



Lindbergh rennd
Verð ~~16.500kr.~~
Nú **11.550 kr.**



Lindbergh rúllu.
Verð ~~14.900kr.~~
Nú **10.430 kr.**



Bison þykk peysa
Verð ~~14.900kr.~~
Nú **10.430 kr.**

VERIÐ VELKOMIN Í HERRAHÚSIÐ, LAUGAVEGI 47

GYLFI HEFUR TEKIÐ FRAM ÚR EIÐI SMÁRA

■ Hermann Hreiðarsson trónir á toppnum ■ Jóhann Berg og Aron geta fíkrað sig upp listann

Hörður Snævar Jónsson
hodd@433.is



Gylfi Þór Sigurðsson er orðinn næst leikjahæsti íslenski leikmaðurinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar. Hann fór á dögunum fram úr Eiði Smára Guðjohnsen og hefur nú leikið 220 leiki í vinsælustu íþróttadeild í heimi. Ekki er ólíklegt að Gylfi muni einn daginn taka fram úr Hermann Hreiðarssyni sem lék 332 leiki í deildinni. Gylfi þarf að klára þetta tímabil og þrjú til viðbótar

að öllum líkindum til að ná Hermann.

Þrjú félag Gylfa:

Gylfi hefur leikið fyrir þrjú félag í ensku úrvalsdeildinni, flestir af leikjum hans hafa komið fyrir Swansea en talsvert magn fyrir bæði Everton sem hann leikur með í dag og einnig Tottenham. Hermann lék leikina sína með sex félögum, Eiður Smári með fjórum en 186 af þeim komu með Chelsea. Tveir fyrrum leikmenn Bolton koma í fjórða og fimmta sætinu yfir leiki Íslendinga í ensku úrvalsdeildinni.

Þrjú leikmenn í deildinni í dag

Þrjú íslenskir leikmenn eru í deildinni í dag, auk Gylfa eru það Aron Einar Gunnarsson og Jóhann Berg Guðmundsson. Aron hefur lengst af verið í næst efstu deild með Cardiff og Coventry en er nú á sínu öðru tímabili í ensku úrvalsdeildinni, hann hefur spilað 26 leiki í deildinni. Jóhann Berg Guðmundsson er á sínu þriðja tímabili með Burnley í deildinni og hefur spilað 65 leiki, hann er áttundi leikjahæsti Íslendingurinn í ensku úrvalsdeildinni. ■

1. Hermann Hreiðarsson (332 leikir)

2. Gylfi Þór Sigurðsson (220 leikir)

3. Eiður Smári Guðjohnsen (211 leikir)

4. Guðni Bergsson (135 leikir)

5. Grétar Rafn Steinsson (126 leikir)

6. Heiðar Helguson (96 leikir)

7. Ívar Ingimarsson (73 leikir)

8. Jóhann Berg Guðmundsson (65 leikir)

9. Arnar Bergmann Gunnlaugsson (45 leikir)

10. Brynjar Björn Gunnarsson (43 leikir)

11. Brynjar Björn Gunnarsson (43 leikir)

12. Lárus Orri Sigurðsson (29 leikir)

13. Aron Einar Gunnarsson (26 leikir)

Aðrir:

14. Þorvaldur Örlygsson (15 leikir)

15. Þórður Guðjónsson (10 leikir)

16. Jóhann Birnir Guðmundsson (9 leikir)

17. Eggert Gunnþór Jónsson (3 leikir)

Jóhann keyrði aftan á bíl og
tognaði á hálsi.

Hann fékk 3,7 m.kr. í bætur.

Lifðu lífinu - Við sækjum bæturnar.

SLYSABÆTUR.IS





Vélar, verkstæði og verktakar

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sværissón / agustb@dv.is



SMÁKRANAR:

Hífa stærstu rúður á Íslandi

Smákranar ehf. er öflugt fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað fyrir 15 árum þegar eigendur þess, Erlingur Snær Erlingsson og Hildur Björg Ingibertsdóttir, kynntust nýrri tegund af vinnuvélum – svonefndum smákrönum. Stærð, eða smæð krananna gerir það að verkum að hægt er að fara með þá á afvikna og þrönga staði þar sem önnur tæki komast ekki að, til dæmis inni í byggingum, í gördum, kjallara- byggingum, uppi á þökum háhýsa o.fl. Smákranar veita þannig sérhæfða þjónustu á sviði lyftingatækni þar sem leitast er við að uppfylla þarfir og væntingar viðskiptavina á sem hagkvæmasta hátt.

Smáir kranar, risastór verk-efni og risastór gler

Stærsti hluti af starfsemi fyrirtækisins frá upphafi hefur verið hífingar á stórum og miklum glerjum allt frá um 150 kílóa rúðum upp í þyngstu rúður sem hafa verið settar upp á Íslandi. Smákranar vinna fyrir aðila sem setja upp stök gler eða heilu gluggakerfin í húsnæði í einkaeigu eða í eigu opinberra aðila. „Umsvif fyrirtækisins hafa hægt og sigandi aukist og frá því við byrjuðum höfum við tekið þátt í mörgum af stærri framkvæmdum sem hafa verið á Íslandi undanfarinn áratug. Meðal annars má nefna stækkun flugstöðvarinnar í Keflavík, Háskólann í

Reykjavík, Hörpuna, H&M í Smáralind, hótél Bláa lónsins og margt fleira,” segir Erlingur.

Fossinn: stærsta rúða á Íslandi

„Árið 2007 settum við upp mörg tonn af gleri í Arion bankahúsinu. Þar á meðal hífðum við stærstu og þyngstu rúðu sem hefur verið sett upp á Íslandi,” segir Erlingur. Um er að ræða verk sem kallast Fossinn en vatn rennur niður glerið og myndar eins konar foss. Rúðan er 3x6 metrar eða 18 fermetrar og vegur hún um 1.800 kíló. Þurfti þá að nota tvo smákrana og lyftara til þess að setja upp ferlikið.

Tekur 6 tonn í bekk

Smákranar hafa enn fremur tekið þátt í miklum fjölda verkefna og t.a.m. voru kranar fyrirtækisins notaðir til að hifa upp hvalalíkon fyrir Hvalasýninguna Whales of Iceland á Granda. „Í dag erum við með stóran smákrana sem getur farið inn í hús og lyft allt að 6 tonnum. Við notuðum hann nýverið við að hifa innandyrna 4,5 tonna flugvélamotor af Boeing 747 sem Air Atlanta gaf flugvirkjanámi Keilis,” segir Erlingur.

Ótrúleg lyftigeta

Í dag eru Smákranar með umboð frá þýska fyrirtækinu Robert Kappel sem einblinir á framleiðslu á sogskálum til hífingar og uppsetningar

á allt að 6 tonna glerjum. Smákranar eiga fimm sogskálar með 300–1.500 kílóa lyftigetunni. „Við erum í raun eina fyrirtækið á Íslandi sem getur hift þyngri gler en 1 tonn með ábyrgum og öruggum hætti. Ef einhver kemur til okkar og



þarf að hifa allt að 6 tonna gler þá gætum við pantað viðeigandi sogskál frá Robert Kappel og hift glerið með öruggum hætti,” segir Erlingur.

Einnig bjóða Smákranar upp á leigu á sogskálanum og meðal annars hafa verið sett upp 12–14 fermetra rúða í Brimborg og fjórar 900 kílóa rúður í Hafnartorgi með sogskálinni góðu. Helstu eiginleikar sogskálanna er sá að hægt er snúa glerjunum úr láréttri stöðu í lóðréttu með móturum sem eru á skálinni í stað þess að nota handafl. Enn fremur er hægt að halla glerjun-

um frá því að vera lóðrétt yfir í lárétt með rafstýrdum glussatjökkum. Þetta gerir flutning og hífingar á stórum glerjum töluvert áhættuminni en áður. „Nú síðast nýttum við eiginleika sogskálarinnar til þess að skáskjóta fjórum 500 kílóa rúðum inn um inngang í Smáralindinni fyrir nýjan


verslunarglugga þar inni,” segir Erlingur.

Nánari upplýsingar má nálgast á smakranar.is Stórhjalli 15 – 200 Kópavogur Sími: 699-4241 Netpóstur: ese@smakranar.is.■



Partasölur.is

ALLAR HELSTU PARTASÖLUR
Á EINUM STAÐ



partasolur.is / info@partasolur.is / s. 663 9700



LEIGUVÉLAR
NORÐURLANDS

LEIGUVÉLAR NORÐURLANDS:

Fjölbreytt vinnutæki og góð þjónusta

Haustið 2017 keypti Björn Ómar Sigurðarson fyrirtækið Leiguvélar Tobba á Akureyri og breytti nafni fyrirtækisins í Leiguvélar Norðurlands. Leiguvélar Tobba þótti vera öflug tækjaleiga á Norðurlandi en á þessu eina ári sem liðin eru frá eigendaskiptunum hefur umfang starfseminnar engu að síður tvöfaldast og Leiguvélar Norðurlands eru nú með á bilinu 60 til 70 tæki í útleigu. Þetta eru alls konar vinnulyftur, til notkunar innan- og utandyra, skæralyftur og spjótlyftur af ýmsum stærðum; einnig smágröfur og stærri gröfur, kranabílar og vinnupallar.

„Við leigjum til allra aðila sem standa í framkvæmdum, stórra og smárra,“ segir Björn Ómar. Markaðssvæðið er líka stórt og teygir sig langt í báðar áttir út frá Akureyri. „Við erum að leigja tæki alla leið í Húnavatnssýslurnar og svo austur á Egilsstaði og þar um kring, þetta er gríðarlega stórt svæði,“ segir Björn.

Tækin eru flutt milli landshluta á sérhæfðum flutningsbílum, oft 3–4 tæki í einu, eftir eðli og umfangi verkefna.

Eins og nærri má geta kostar það bæði mikla fjármuni og fyrirhöfn að halda svo stórum tækjafloða við. „Við bæði gerum við mest af tækjunum sjálfir og svo endurnýjum við mikið, nýlega keyptum við til dæmis fimm ný tæki. Við reynum að hafa þessi tæki í toppstandi, annars gengur þetta ekkert upp,“ segir Björn Ómar.

Þrjú til fjórir starfsmenn eru hjá Leiguvélum Norðurlands og ávallt er einhver á vakt. Má segja að tekið sé við fyrirspurnum allan sólarhringinn því oft ber brátt að með tækjavöntun og verkefni eru í gangi á öllum tímum.

Algengasta pöntunarleiðin á tækjaleigu er í gegnum símanúmerið 862-4991. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið lvn@lvn.is Þá má senda skilaboð á Facebooksíðunni Leiguvélar Norðurlands. Þar eru einnig nánari upplýsingar um starfsemina, myndir og fleira. ■



MD VÉLAR:

Nýtt umboð um alhliða þjónustu - Þenslutengi í öllum stærðum og gerðum

MD Vélar var stofnað í byrjun árs 1990 til að annast sölu, ráðgjöf og þjónustu fyrir Mitsubishi diesel vélar á Íslandi og öðrum búnaði sem tengist þeim. Starfsemin hefur aðallega snúist í kringum sjávarútveginn og veitir fyrirtækið vélþjónustu, sölu varahluta og viðgerðarþjónustu. „Við erum með umboð fyrir Mitsubishi og SOLE Diesel vélar frá Spáni. Við erum með stóran varahlutalager en getum einnig útvegað varahluti með stuttum fyrirvara ef þeir eru á lager hjá birgja, þetta þýðir það að ef þú kemur til okkar að morgni og pantar varahlut geta varahlutirnir verið komnir í okkar hendur um hádegi næsta virka dag. Við leggjum metnað í að veita okkar viðskiptavinum bestu þjónustu og ráðgjöf,“ segir Laila Björk Hjalta-dóttir, fjármála- og viðskiptastjóri MD Véla.

Alhliða þjónusta VW Compensators
Í fyrra fékk MD Vélar nýtt umboð á þenslutengjum frá VM Kompensator í Danmörku sem býður upp á fyrsta flokks þenslutengi. „Sérstæða VM Kompensator er að þeir bjóða upp á alhliðaþjónusta frá A-Ö. Þá fara þeir út í fyrirtækin og mæla, ráðleggja

og sérhanna eftir þörfum. Þá bjóða þeir einnig upp á uppsetningu fyrir kúnnann,“ segir Laila. VM Kompensator framleiða vef- og stáltengi eftir óskum og þörfum viðskipavinarins og eru einnig með umboð fyrir gúmmitengi frá Trelleborg. Stáltengin fást frá DN25-DN5000 en veftingin eru sérhönnuð eftir þörfum, náð samstarf við viðskiptavininn er lykilatriði til að tryggja að tengin standist þær kröfur og aðstæður sem eru fyrir hendi.

VM Kompensator hefur það fram yfir marga aðra aðila að veita alhliða þjónustu og margra ára sérþekkingu starfsmanna. Einnig bjóða þeir upp á þá aukþjónustu fyrir stærri fyrirtæki að mæla ástandið á þenslutengjum til að koma í veg fyrir tjón og að tryggja rekstraröryggi. „Ef svona tengi fara þá getur það valdið gríðarlegu tjóni og þess vegna er mikilvægt að vera með réttu tengin og skipta þeim út áður en skaðinn skeður,“ segir Laila.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.mdvelar.is
Vagnhöfða 12, 110 Reykjavík
Opnunartími Skrifstofu: Mán-Fös
8.00-16.00
Sími: 567-2800
Netfang: mdvelar@mdvelar.is ■




MD VÉLAR
þekking - reynsla - þjónusta

VM Kompensator AS
Expansion joints

HÁGFÆÐA ÞENSLUTENGI
Ráðgjöf, þjónusta og sala - 30 ára reynsla

GÚMMI - VEFUR - STÁL
Standard tengi eða sérhönnuð eftir þörfum viðskipavina
Uppmælingar og uppsetning ef óskað er

Vagnhöfða 12 | 110 Reykjavík | Sími 567 2800
mdvelar@mdvelar.is
www.mdvelar.is



GÆÐASPRAUTUN:

Faglegar og umhverfisvænar endurbætur á tjónabílum

Fyrtækið Gæðasprautun sérhæfir sig í þjónustu við eigendur tjónabíla og sér til að eigendurnir fái bílana jafn góða til baka eftir viðgerð. Gæðasprautun er með samstarfssamninga við tryggingafélögin og er traustur áfangastaður fyrir þá öikumenn sem lenda í tjóni og vilja fá bílinn sinn til baka úr tjónaviðgerð á stuttum tíma.

„Ég er með marga ánægða viðskiptavinum sem koma aftur og aftur en við þjónustum bílaleigurnar mikið. Stærstu bílaleigurnar leita mikið til okkar,“ segir Ricardas Navickas, eigandi fyrirtækisins, en hann er frá Litháen. Ricardas hefur búið hér á landi síðan árið 2006 og vegnað afar vel enda fagmaður fram í fingurgóma.

Gæðasprautun flutti nýlega í stærra húsnæði á sama stað og segir Ricardas að það dugi samt ekki til, enda eftirspurnin eftir þjónustunni mikil. Fimm manns starfa hjá Gæðasprautun við tjónaskoðun, réttingar og bilasprautun.

Gæðasprautun býður upp á mjög umhverfisvænar réttingar því ef lakk er ekki skemmt í beyglunni þá geta þeir lagfært skemmdina án þess að nota lakk með því að beita svokölluðum smáréttingum. Þar með á engin litabjöggun sér stað því það er sami liturinn áfram á tjónaða svæðinu og billinn jafn góður og áður. Þessu er náð fram með sérstakri tækni og góðum tækjabúnaði.

„Þetta geta ekki allir gert en við erum með mörg sérhæfð verkfæri til að fást við þessar beyglur og ná þessu fram,“ segir Ricardas sem viðurkennir að tjónavinnan sé mjög erfið og krefjist mikils af þeim sem við hana fást. „Við vinnum okkar vinnu af metnaði og ástriðu,“ segir Ricardas.

Biðtími eftir bíl sem þarf að sprauta eða lakka er oft 2–3 dagar. Gæða-



sprautun skilar hins vegar bíl úr viðgerð samdægurs. Þannig sparast bæði mikill tími og kostnaður fyrir bíleiganda.

Gæðasprautun er fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem lagar beyglur á þaki bílsins með litlum tilkostnaði. Ricardas segir það mjög algengt að komið sé með bíla til viðgerðar þar sem staðið hefur verið á bilpakinu þannig að sér á bílnum á eftir. Slik viðgerð hefur falið

í sér að skipt er um þakið með ærnum tilkostnaði, Gæðasprautun hins vegar lagar slíkar skemmdir án þess að skipta um þakið eða lakka. Kostnaðurinn er því mun minni en ella.

„Stundum komum við á staðinn og réttum beyglur hjá bíleigandanum, til dæmis hjá bílaumboðum og bílaleigum og þessa þjónustu kann fólk mjög vel að meta. Við höfum oft komið á staðinn eftir að viðskiptavinur

bílaleigu hefur lent í tjóni og gert við beyglur á hálf tíma eða klukkutíma og allir eru alsælir, málið er leyst,“ segir Ricardas.

Einnig má bæta við að öll efni sem Gæðasprautun notar við viðgerðirnar eru umhverfisvæn.

Gæðasprautun er í Súðarvogi 38, Reykjavík. Símanúmer er 557-1515, einnig má senda skilaboð í gegnum Facebook: Gaedasprautun. ■



UPPLYFTING VINNULYFTUR:

Liprari og ódýrari

Margur er knár þó að hann sér smár – Upplýfting vinnulyftur er fyrirtæki sem nýtir sér smæð sína á markaðnum. Lipur þjónusta, hagstætt verð og umhverfisvæn starfsemi eru á meðal helstu einkenna fyrirtækisins sem leigir út skæralyftur fyrir byggingasvæði og hvers konar viðhaldsvinnu. Hlutverk skæralyftna er að lyfta vinnumönnum upp í þá hæð sem verkefnið krefst. Helstu viðskiptavinir fyrirtækisins eru smærri aðilar á byggingamarkaði og svo almennir borgarar sem þurfa að nota lyftur við viðhaldsvinnu, málun og annað slíkt.

„Þetta byrjaði smátt en hefur farið vaxandi. Ég byrjaði með tvær lyftur en í dag eru þær átta og sú níunda er væntanleg um mánaðamótin,“ segir Jóhann Sigurjón Jakobsson, eigandi fyrirtækisins. Stærsta lyftan, sú sem er væntanleg, er utandyragræja og nær 15 metra vinnuhæð. Minnstu lyfturnar hafa hins vegar 5,2 metra hæð, aðrar fara upp í 7,8 metra, 9,2 og 10,2 metra.


„Þessar litlu lyftur eru einstaklega meðfærilegar. Þær veiga aðeins um 500 kíló og eru það nettar að hægt er að keyra þær beint inn í lyftu í fjölbýlishúsum og öðrum byggingum. Það er ekki hægt með þessar stærru lyftur sem aðrir aðilar á markaðnum bjóða upp á,“ segir Jóhann.

Skæralyfturnar hjá Upplýftingu

koma allar frá ítalska framleiðandanum Imer. Umhverfisvæn áhersla er í tækjavalinu hjá Jóhanni því allar átta lyfturnar sem hann er með núna ganga fyrir rafmagni og stóra lyftan sem er væntanleg og nær 15 metra hæð er tengitvinnvél sem gengur bæði fyrir rafmagni og dísilolíu.

Sem fyrr segir er Upplýfting mjög heppilegur aðili fyrir smærri fyrirtæki á byggingamarkaði og einstaklinga sem þurfa á góðum og öruggum skæralyftum að halda með litlum fyrirvara og á hagstæðu verði. Þess má geta að allar lyftur eru afhentar fullhlaðnar og tilbúnar til notkunar. Þær eru reglulega skoðaðar af Vinnueftirlitinu.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni upplyfting.is, í síma 892-2800 og í gegnum netfangið leiga@upplyfting.is. ■





ÞJÓTANDI:

Sérhæfing og ný tækni í jarðvinnu og vegagerð

Fyrtækið Þjótandi á Hellu er eitt af stærri fyrirtækjum á Suðurlandi í jarðvinnu. Í dag er fyrirtækið með um 20 starfsmenn í vinnu, yfir 50 vinnuvélar og 18 vörubíla. Fyrirtækið var ekki stórt í upphafi, en árið 1991 keypti Ólafur Einarsson, sem er fæddur og uppalinn á Hellu, sér gröfu eftir að hann varð atvinnulaus eftir gjaldþrot þáverandi vinnuveitanda síns.

„Við erum í allri jarðvinnu, vegagerð, og allri mannvirkjagerð sem tilheyrir jarðvinnu,“ segir Ólafur. „Við erum sérhæfðir í lagnavinnu, vinnum mikið fyrir veitustofnanir og sveitarfélög við að leggja lagnir, jarðstrengi, hitaveitu og vatnslagnir og ljósleiðarastrengi.“

Við sinnum einnig vetrarþjónustu fyrir sveitarfélög og Vegagerðina með snjómokstur og hákuvarnir.“

Ekkert verk er of stórt eða of lítið fyrir Þjótanda. „Við sinnum öllu frá smáverkum upp í stærri verkefni og erum með gröfur frá 2 tonnum upp í risagröfur sem eru 60 tonn.“

Verkefni fyrir sveitarfélög

Þjótandi vinnur mikið á útboðsmark-

aðnum, þar sem fyrirtækið býður í verkefni hjá ýmsum aðilum. „Stærsta verkefnið í dag er verkefni fyrir Vegagerðina sem heitir Gjábackavegur á Þingvöllum og strenglagnir fyrir Rarik og sveitarfélög. Einnig er verið að vinna við gatnagerð á Hellu.“

Nýlega tók fyrirtækið upp nýja tækni sem kallast klapparfræsari. „Það er sög sem sagar fyrir strengjum í klappir. Þetta er nýjung hér á landi í strenglagn, því þá þarf ekki að fleyga fyrir jarðstrengjum í klappirnar sem hefur verið mjög tímafrekt og kostnaðarsamt.“ Þjótandi er eina fyrirtækið hér á landi sem býr yfir þessari tækni. Fyrirtækið hefur yfir að ráða 4 jarðýtum sérútbúnum með víbraplögum til strenglagna.

„Við erum að bora undir vegi, getum borað allt að 70 sentimetra rör undir vegi fyrir lögnum,“ segir Ólafur. „Þjótandi er einnig með bílkrana og sá stærsti er 85 tonn.“

Þjótandi ehf. er staðsett á Hellu, en tekur að sér vinnu um allt land.

Allar upplýsingar má fá í síma 893-9190 og á netfanginu tjotandi@simnet.is. ■





VÉLFANG EHF:

Þekking, reynsla og rík þjónustulund

Vélfang ehf. var stofnað vorið 2004 af þeim Eyjólfri Pétri Pálmassyni, Skarphéðni Erlingssyni, Stefáni G. Ármannssyni, Þórði Jónssyni og Kristjáni Ragnarssyni. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað og í dag selur fyrirtækið og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, vélaverktaka, golfvelli og sveitarfélög.

15 ára reynsla

„Við veitum framúrskarandi þjónustu og miðlum þekkingu sem byggir á tæplega 15 ára reynslu. Hjá okkur starfar fámenn en öflug liðsheild með mikla starfsreynslu á sviði bú- og vinnuvéla. Í raun er erfitt að skilgreina starfssvið hvers og eins en eitt eiga starfsmennirnir sameiginlegt: Það er rík þjónustulund og vilji til að leysa þau verkefni sem framundan eru. Við höfum allt frá upphafi lagt áherslu á að ráða gott og öflugt fólk til starfa, sem passar inn í þann hóp og þann góða anda sem fyrir er. Einn okkar er til dæmis svo skáldmæltur að hann getur beinlínis talað í ferskeytlum. Hann heitir Kristján og sér um vísnapátt fyrirtækisins,“ segir Eyjólfur og bendir á að andinn innan fyrirtækisins sé sérstaklega góður.

Þjónustar nýjar vélar, gamlar og varahluti

„Starfsmenn okkar keppast við að uppfylla þarfar viðskiptavina sinna, hvort sem um er að ræða sólu og þjónustu á notuðum eða nýjum vélum eða við útveggun varahluta. Stundum hentar góð, notuð vél jafn vel og ný, og öfugt,“ segir Eyjólfur. Stór hluti af starfsemi Vélfangs ehf. er varahlutaþjónustan. Fyrirtækið er með umboð fyrir fjölda fyrirtækja sem þjónusta vinnuvélar. „Því höfum við tök á að afgreiða flesta sem til okkar koma með skjóttum og öruggum hætti,“ segir Eyjólfur. Helstu framleiðendur sem Vélfang hefur umboð fyrir eru CLAAS, Fendt, Kuhn, Redrock, og margir fleiri.

JCB heimsklassa fjölskyldufyrirtæki

„Við erum stolt að segja frá því að Vélfang ehf. tók við umboði fyrir JCB-vinnuvélar á haustmánuðum 2009. JCB er einn stærsti framleiðandi vinnuvéla í heimi og í gegnum tíðina hefur hann fjárfest mikið í rannsóknum og



þróun. Með þessu móti heldur fyrirtækið sér fremst í flokki nýsköpunar og að sama skapi getum við útvegað fyrsta flokks vinnuvélar fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Eyjólfur.

Gæðafatnaður á góðu verði

„Nýlega stækkaði Vélfang verslun sína og ákváðum við að bjóða upp á meira úrval í gæðafatnaði, fyrir alla fjölskylduna, minjagripum og leikföngum. Við bjóðum upp á gott vöruúrval af sterkbyggðum vinnufatnaði fyrir alla fjölskylduna, svo sem samfestinga, smekkbuxur, boli, hanska og fleira. Einnig erum við með geysivinsælar hettupeysur með traktor framan á og vinnuhanska fyrir börn. Úrval af leikföngunum er alltaf að aukast hjá okkur sökum mikillar eftirspurnar. Við erum einnig með frábært verð á leikföngunum og fatnaði sem kemur á óvart,“ segir Eyjólfur.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.velfang.is og Facebook-síðunni Vélfang ehf.

Gylfaflöt 32, Grafarvogi og Frostagötu 2a, Akureyri

Sími: 580-8200

Opið alla virka daga frá 08.00-17.00

Netpóstur: velfang@velfang.is





INGVASYNIR:

Flytja hvað sem er hvert á land sem er

Fyrir rúmlega ári fóru þeir bræður Þórir Már og Ármann Ingi Ingvasynir í rekstur á flutninga-fyrirtækinu Ingvasynir. „Við byrjuðum í raun bara á tveimur jafnstærkum, en svo vatt þetta fljótt upp á sig. Næst fjárfestum við í vörubíl og svo „pick-up“. Við höfum aldrei farið fram úr okkur enda er ekki snefill af útrásarvíkingablóði í æðum okkar. En á rúmu ári höfum við stækkað ótrúlega mikið vegna þess að menn hafa hent reiður á hvað við erum traustir og snöggir að leysa verkefni,” segir Þórir.

Flytja allt á milli himins og jarðar

Ingvasynir eru þekktir fyrir fagleg og vönduð vinnubrögð og gefa fast verð í alla flutninga. Þeir taka að sér hvers kyns flutninga, hvort heldur er á bílum eða öðrum hlutum, hvert á land sem er. Þeir bræður búa enn fremur yfir margra ára reynslu í akstri úti á landi.

„Okkar aðalstofnæð eða grunnrekstur er í bílaflutningum, en við getum í raun flutt næstum hvað sem er. Við höfum yfir að ráða vörubíl með úrvali af vögnum og tvo „pickupa“ með vagna. Þannig að við höfum líka verið í malarflutningum, flutningi á

traktorum og mörgu fleiru,” segir Þórir.

Lítið en lipurt flutningafyrirtæki

Ingvasynir er ekki stórt fyrirtæki, en samt sem áður er ekkert verkefni of stórt fyrir þá. „Okkar mottó er að

leysa öll verkefni eins hratt, lipurlega og vel og unnt er,” segir Þórir.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni Ingvasynir Ehf Bílaflutninga og Verktakaþjónusta
Sími: 866-7739 ■





Kistufell, bifreiðaverkstæði með sögu

Kistufell er gamalgróið fyrirtæki sem var stofnað fyrir hartær sjötíu árum af bræðrunum Jónasi og Guðmundi Jónassonum sem fæddust einmitt á bæ undir Kistufelli í Esjunni. „Það er náttúrulega heilmikil saga sem fylgir fyrirtækinu sem hefur starfað linnulaust frá því 1952. Ég er til dæmis þriðji ættliðurinn til þess að sjá um rekstur á Bifreiðaverkstæðinu Kistufelli,“ segir Guðmundur Ingi Skúla-son, barnabarn Guðmundar.

Á tíunda áratugnum skiptist fyrirtækið upp í tvö fyrirtæki. Annars vegar varahlutaverslun og hins vegar vélaverkstæði sem er sá hluti fyrirtækisins sem Guðmundur sér um í dag. Heitir fyrirtækið nú Bifreiðaverkstæðið Kistufell og sérhæfir það sig í bílum og viðgerðum á þeim, ásamt vélavinnu. Það er staðsett að Tangarhöfða 13.

„Áður vorum við meira í að gera upp vélar og sinna þeim hluta bílsins, en í dag hefur reksturinn meira þróast í bæði vélavinnu og almennar bifreiðaviðgerðir. Eins vorum við meira í að þjónusta önnur verkstæði og sinna bílaumbodum. Nú höfum við fært reksturinn meira yfir í einkabílinn þó svo við séum enn að sinna stærri kúnum sem eru stór hluti af okkar viðskiptavinum,“ segir Guðmundur.

Bæði með varahluti og viðgerðir

Bifreiðaverkstæðið Kistufell veitir hagkvæma og samkeppnishæfa þjónustu í bílaviðgerðum en sérhæfir sig jafnframt í innflutningi á varahlutum frá viðurkenndum aðilum sem framleiða parta í allar tegundir véla. „Við erum með túrbinur og spissa í disilvélar, stimpla, legur og pakkningar. Á verkstæðinu erum við með fimm lyftur þar sem við gerum við allar tegundir bif-

reiða, smábíla, jeppa, rútur, vörubíla og fleira. Við sinnum öllum bílaviðgerðum almennum sem sértækum. Þá skiptum við um tímareimar, hjólalegur, spyrnur, bremsur, headpakkningar og raunar allt sem viðkemur bifreiðum og viðhaldi á þeim,“ segir Guðmundur.

Endurvinnslan fyrir umhverfið og veskið

Í raun má segja að Bifreiðaverkstæðið Kistufell sé gamalgróið endurvinnslufyrirtæki þar sem þeir eru einnig í því að endurbyggja vélar. „Okkur finnst mikilvægt að bjóða upp á þessa þjónustu fyrir þá sem vilja endurnýta hlutina í stað þess að kaupa alltaf nýtt. Oft á tíðum eru menn að fjárfesta í nýjum tækjum í stað þess að fara með í viðgerð, þrátt fyrir að það sé í raun hagstæðara að gera við. Okkar mottó er að gera við, endurnýta og endurvinna það sem hægt er þangað til það þarf að skipta út. Það er bæði betra fyrir umhverfið og seðlaveskið,“ segir Guðmundur.

Alltaf dýrast að trassa viðhaldið


Guðmundur bendir á að bílaviðgerðir séu og verði alltaf dýrar. „Það er þó alltaf dýrara að sinna ekki viðhaldi á bifreiðinni. Ódýrasta tryggingin til þess að þurfa ekki að lenda á bifreiðaverkstæðinu hjá mér er að smyrja bílinn reglulega. Og ef menn hugsa skynsamlega um tækin sín þá endist þetta auðvitað töluvert lengur. Þetta vita allir en stundum þarf að impra á þessu,“ segir Guðmundur.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.kistufell.com

Tangarhöfði 13, 110 Reykjavík

Sími: 577-1313

Opið er á verkstæðinu alla virka daga frá 08–17 ■





KVIKKFIX:

Viatti-dekkin eru bylting í vetrardekkjum

Rússarnir koma – við erum að fara að bjóða, í fyrsta skipti til almennings á Íslandi, nýja gerð af dekkjum sem eru alveg geggjúð. Um er að ræða vetrardekk sem hönnuð eru af Ítölum og Þjóðverjum í samvinnu og framleidd í verksmiðjum í Rússlandi – sérstaklega fyrir rússneska veturinn og rússneska sveitavegi. Þetta eru virkilega agressif vetrardekk sem henta líka sérstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður og eru á hlægilega lágu verði,” segir Hinrik Morthens hjá bílþjónustufyrirtækinu Kvikkfix. Rússnesku dekkinn Viatti verða bylting á dekkjamaarkaðnum hér á landi.


„Stóru bílaleigurnar hafa verið að nota þessi dekk undanfarið með frábærum árangri en núna er kominn tími til að bjóða almennum bíleigendum þau. Það var heildsali í Belgíu sem fékk leyfi til að selja dekkinn í Evrópu og hann hefur ekki undan,” segir Hinrik.

Kvikkfix flytur inn alla sína varahluti sjálf og tekst með þeim hætti að halda verði á þjónustunni mjög niðri. „Það er allur heimurinn undir og við flytjum inn varahluti frá ýmsum löndum. Við erum engum háðir og getum boðið frábært verð. Við þykjum vera vægast sagt sanngjarnir í verði,” segir Hinrik. Kvikkfix sérhæfir sig meðal annars í dekkjum, rafgeymum, olíu- og síuskiptum, bremsum, rúðupurrkum, pústkerfum og dempurum.

Fyrir utan góðar vörur á lágu verði býður Kvikkfix upp á toppþjónustu enda er fyrirtækið í góðu húsnæði með fyrsta flokks búnaði og toppaðstöðu.

KvikkFix er til húsa að Hvaleyrarbraut 4-6 í Hafnarfirði. Sími er 575-1500. Bráðlega líður að þeim tíma þegar bíleigendur þurfa að hringja og panta dekkjaskipti fyrir bílinn. Þá er kjörið að prófa nýju mögnuðu Viatti-vevtrardekkinn á frábæru verði.

Sjá nánar á vefsíðunni kvikkfix.is. ■



KvikkFix

Hvaleyrarbraut 4-6 - Hafnarfjörður - S: 575-1500



Ljósboginn er rótgróið fyrirtæki sem starfað hefur í rúmlega 60 ár

Ljósboginn er verslun sem sérhæfir sig í sölu alternatora og startara í allar tegundir bíla, vinnuvéla og báta. Við leggjum mikla áherslu á að eiga fjölbreyttan lager af original og eftirmarkaðs vörum frá birgjum í Hollandi, Þýskalandi og víðar. Einnig flytjum við inn rafstöðvar í öllum stærðum og eigum til á lager rafstöðvar frá 1-6kW. Síðan erum við með mikið úrval af ljósabúnaði á kerrur og vagna, vinnuljós og viðvörunarljós. Aðalljós og afturljós á vörubíla og hjólkoppar frá 15" upp í 22.5" fyrir vöru- og sendibíla.

Saga fyrirtækisins

Ljósboginn var stofnaður árið 1957 af Sveini B. Ólafsyni rafvélaameistara. Var fyrirtækið þá staðsett á Hverfisgötu. „Þar unnu menn aðallega við að vinna rafmótora og við viðgerðir á dínamóum og störturum. Einnig var unnið við húsarafplagnir og rafvéla viðgerðir ásamt fleiri tilfallandi verkefnum svo sem viðgerðir á jólaseríum og einnig öðrum heimilisrafmagnsáhöldum. Á þessum tíma var náttúrlega engu hent sem einhver not voru í. Það var reynt eftir fremsta megni að lægfæra alla hluti,“ segir Sveinn.

Reksturinn breytist

Árið 1980 festi Ljósboginn kaup á húsnæði að Mjöllnisholti. Þar var mun rýmra um reksturinn og var innflutningur á efni til endurnýjunar á rafmóturum, dínamóum og störturum orðinn mun umsvifameiri. Árið 1986 flutti Ljósboginn í Rauðagerði, en þá hætti Sveinn viðgerðum á rafmóturum, alternatorum og störturum. Hann

sneri sér þá aðallega að innflutningi á alternatorum og störturum og tengdum varahlutum. Næstu árin þjónaði fyrirtækið aðallega rafvéla verkstæði og einstaklingum.

Reksturinn í dag

Árið 2006 seldi Sveinn Ljósboginn til Ársæls Friðrikssonar og Þórarins Ásgeirssonar. Fljótlega eftir sölu flutti Ljósboginn að Bíldshöfða 14 í stærra húsnæði. Nýju eigendurnir hafa unnið í því að fjölga vöruflokkum til að geta sinnt þörfum viðskiptavinnanna sem allra best og bjóða góðar vörur á hagkvæmu verði.

Nánari upplýsingar má nálgast á

www.ljosboginn.is

Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík

Sími: 553-1244

Netpóstur: ljusbogin@ljusboginn.is



ALTERNATORAR & STARTARAR

Í FÓLKSBÍLA, JEPPA, VÖRUBÍLA OG VINNUVÉLAR



- ✓ Bíldshöfði 14, 110 Reykjavík
- ✓ Sími: 553 1244
- ✓ ljusboginn@ljusboginn.is
- ✓ www.ljosboginn.is

 LJÓSBOGINN.IS

ÞJÓNUSTA Í 60 ÁR
1957-2017

RAFSTÖÐVAR



- KIPOR RAFSTÖÐVAR**
- 1-6 KVA
 - Mjög hljóðlátar (54-75 dB)
 - Fyrir bændur og iðnaðarmenn
 - Í húsbílinn, sumar bústaðinn o.fl.

 LJÓSBOGINN.IS

Góð kaup

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sverrisson / agustb@dv.is

ICEPHONE:

Góð kaup og umhverfisvæn símalausn í uppgerðum símum

Fyrirtækið Icephone býður upp á hraða þjónustu á símaviðgerðum, símafylgihluti og eldri síma, sem hafa verið uppgerðir. Einnig býður fyrirtækið upp á tölvu- og iPadviðgerðir.

Icephone hefur verið á biógangi Kringlunnar við Te&Kaffi síðan í ágúst 2016 og nú í lok júlí var önnur verslun Icephone opnuð í miðbænum, að Týsgötu 1, á horni Týsgötu og Skólavörðustígs. „Okkur fannst vanta 90 mínútna viðgerðir á iPhone-símum í miðbæinn,” segir Halldór, framkvæmdastjóri Icephone.

Góð kaup og umhverfisvæn símalausn í uppgerðum símum

Hjá Icephone fást símar sem hafa verið uppgerðir. „Við erum með tvær lausnir, annars vegar erum við að bjóða síma frá erlendu fyrirtæki sem gerir upp síma og selur í pakningum með öllum fylgihlutum. Þetta er um það bil 20–30% ódýrara en að kaupa nýjan sambærilegan síma,” segir Halldór.

Icephone gerir einnig upp síma sem hafa verið keyptir af viðskiptavinum. „Við kaupum yngri síma sem eru bilaðir eða með brotnum skjá og förum yfir þá, skiptum oftast um skjá og/eda batterí og bjóðum nýjum eiganda sex mánaða ábyrgð á símanum. Þannig er séð um okkar viðskiptavini. Við erum mest að kaupa iPhone og yngri síma,” segir Halldór, og bætir við að Icephone kaupir einnig yngri Samsung-síma. „Með þessu getum við lengt líftíma símanna og þá þarf ekki að kaupa allt nýtt.”

Slagorðið er 90 mínútna viðgerðir

„Það er algengt að símar lendi í vatnsskaða eða höggskemmdum, hvort tveggja er yfirleitt utan ábyrgðar framleiðanda. Við fáum talsvert af slíkum tilfellum til okkar, auk þess sem við sjáum mikið af símum sem eru með slöpp batterí.

Það getur tekið langan tíma fyrir fólk að fá símana sína til baka úr viðgerð. Við förum af stað með slagorðið 90 mínútna viðgerðir, þannig að fólk getur sinnt sínum erindum í Kringlunni eða í miðbænum á meðan við gerum við símann. Vinir og vinna er er allt í



símanum hjá fólk í dag, auk samfélagsmiðla þannig að viðskiptavinurinn má alls ekki við því að missa tækið í marga, marga daga. Okkar markmið er að vera sneggri og reyna að klára viðgerð samdægurs eða daginn eftir,” segir Halldór.

„Ef viðskiptavinur velur 90 mínútna viðgerð, þá þarf að panta slíka viðgerð. En ef við fáum til dæmis iPhone, sem þarf skjáviðgerð, inn fyrri part dags, þá klárum við viðgerð á tækinu sama dag ef ekkert óvænt kemur upp á. Við erum mest að gera við iPhone og Samsung, enda eru það algengustu símarnir á markaðinum.”

Ekkert skoðunargjald hjá Icephone

Ekkert skoðunargjald er hjá Icephone. „Þannig að við tökum við símanum og greinum hann fyrir þig. Viðskiptavinir eru eðlilega oft stressaðir yfir hvað hlutirnir kosta, við tökum símann inn, greinum hvað er að, höfum síðan samband við viðskiptavininn og segjum honum hvað sé að tækinu og hvað viðgerð muni kosta og viðskiptavinurinn getur þá valið hvort hann vill láta gera við símann eða ekki.”

Íhlutir eru dýrir og skjár

sem við notum eru dýrir vegna gæða. „Skjár og skjár er ekki það sama þótt fólk haldi oft annað, Icephone notar original Samsung-ihluti, það er meira framboð af ihlutum frá þriðja aðila í iPhone og gæði eru mjög mismunandi sem skýrir mismunandi verð. Við erum hins vegar komnir með ágætis reynslu af okkar birgjum þannig að við treystum okkur til að bjóða sex mánaða ábyrgð á þeim ihlutum sem við notum,” segir Halldór.

Fylgihlutir fyrir síma

Icephone selur einnig fylgihluti fyrir síma. „Við seljum einnig símafylgihluti, hulstur, skjáfilmur, hleðslutæki, fyrirframgreidd simakort, vatnshelda poka og fleira. Auk þess erum við með Popsocet, sem er mjög vinsælt í

dag, en það er sett aftan á símann til að halda betur á honum eða tylla honum á borð.”

Heimsendingarþjónusta

„Við bjóðum núna upp á heimsendingarþjónustu sem er þægilegt núna þegar fer að vetra fyrir alvöru,” segir Halldóra.

Hægt að panta tíma á

Icephone.is.

Icephone er staðsett í Kringlunni á bióganginum og á Týsgötu 1, síminn er 546-5444.

Opnunartími er í takt við verslanir Kringlunnar og á Týsgötu frá kl. 10–18 alla virka daga.

Heimasíða: icephone.is og Facebooksíða: IcePhoneViðgerðir. ■



TÓNASTÖÐIN SKIPHOLTI:

Rótgróin en síung

Frjá því hjónakornin Andrés og Hrönn stofnuðu fjölskyldufyrirtækið Tónastöðina árið 1987 hafa þau aðstoðað tónlistarmenn, jafnt unga sem aldna, við val á hljóðfærum og nótum, fyrst við Óðinstorg en seinustu 15 árin að Skipholti 50d þar sem verslunin er til húsa. „Þetta er ein elsta hljóðfæraverslun landsins og stundum grínast ég með að við eigum líklega elstu kennitöluna í bransanum,” segir Andrés.

Þekking og reynsla

Á þeim árum sem Tónastöðin hefur verið starfrækt hefur skapast mikil reynsla og þekking hjá í fyrirtækinu. „Allir sem hér starfa eru með yfirgrípsmikla þekkingu og hafa annaðhvort kennt lengi eða starfað lengi í þessum bransa. Við aðstoðum alla sem hingað koma, jafnt áhugamenn sem atvinnumenn, í öllu sem viðvíkur tónlistariðkun,” segir Andrés.

Það besta verður ávallt ódýrast

Í dag kostar furðulítinn pening að koma sér upp góðum búnaði til þess að að spila og taka upp tónlist og ættu flestir sem hafa áhuga á að geta gert það. „Við höfum líka alltaf lagt ríka áherslu á gæði ekki síður en gott verð. Kjörorð okkar eru enda þau að það besta verður ávallt ódýrast, því bestu kaupin eru í hlutum sem endast og reynast vel í langan tíma,” segir Andrés og bendir á að hljóðfæri og upptökubúnaður séu gjafir sem endist og séu því margfaldlega peninganna virði: „Góðir íþróttaskór kosta tugi þúsunda og endast árið en góður gítar getur enst alla ævi.”

Andrés bendir á að hljóðfæri í Tónastöðinni séu almennt á góðu verði miðað við löndin í kring. „Kennarar hafa m.a. komið frá Noregi og Skotlandi til að kaupa nótnabækur og segjast hvergi komast í betri nótnaverslanir í sínum heimalöndum. Einnig kaupa ferðamenn töluvert af hljóðfærum, þá sérstaklega dýrari hljóðfæri.”

Aldrei og seint eða of snemmt að byrja að læra

Andrés bendir á það sé mikilvægt að offjáfesta ekki þegar tónlistamenn taka fyrstu skrefin, en jafnframt að gæðin verði að vera nógu mikil til að þeir verði ekki fyrir vonbrigðum. „Við leggjum áherslu á að þjónusta alla, börn, byrjendur og lengra komna á öllum aldri. Hér er til dæmis gott úrval af hljóðfærum sem eru sérsniðin fyrir börn þ.e. eru í réttum hlutföllum við stærð barnanna. Að sjálfsgöðu ráðleggjum við foreldr-

um hvað passar hverju barni hvað varðar gæði og stærð,” segir Andrés.

Tónastöðin er einnig með gott úrval af hljóðfærum fyrir örvhenta. „Viðskiptavinir Tónastöðvarinnar eru á öllum aldri, jafnt ungir sem aldnir. Þetta fólk er mjög mislangt komið í tónlistinni og okkur finnst sérstaklega gaman að fá eldra fólk hingað, sem hefur kannski aldrei snert hljóðfæri, og er að stíga sín fyrstu skref í tónlistinni,” segir Andrés og bendir á að það sé aldrei of seint að byrja að læra.

Gífurlegt úrval og góð þjónusta

„Við erum stolt af því að eiga mesta úrval af nótnabókum á landinu. Hér fást margar þúsundir titla og ættu flestir geta fundið nótur að uppáhaldslögunum sínum. Hér fást líka allar tegundir hljóðfæra. Við erum með trommur, pianó, gítara, rafmagnsgítara, upptökutæki, magnara og svo margt fleira, úrvalið hefur aldrei verið meira.”

Hvað á svo að gefa í jólagjöf?

Fyrir þá sem eru farnir að hugsa til hátíðanna þá eru gjafabréf í Tónastöðinni ávallt vinsæl enda svo margt til þar sem gleður tónlistarmenn og tónlistaráhugafólk. Gjafabréfin er hægt að fá með upphæð að eigin vali. Einnig er auðvelt að skipta út vörum ef það heppilegasta hefur ekki verið valið.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.tonastodin.is og á Facebook-síðunni Tónastöðin Skipholti 50d, Reykjavík, Sími: 552-1185 Netfang: tonastodin@tonastodin.is



KYON APPAREL:

Glæsilegur götufatnaður



Kári Már Óskarsson er lærdur einkaþjálfi og byrjaði árið 2016 að hanna íþróttaföt á hagstæðu verði undir merkinu Kyon Apparel. „Í dag hefur línan færst meira yfir í götufatnað, en það var alltaf ætlunin að byrja í íþróttafatnaði og færa sig svo yfir í götutískuna. Íþróttafötin verða áfram til staðar enda seljast þau grímt vegna gæðanna og núna erum við með flott úrval af glæsilegum götufatnaði,” segir Kári.

Kyon alls staðar

Kári hefur hannað fatnað frá því árið 2016. „Ég hef alltaf haft áhuga á fötum og er mjög smámunarsamur þegar kemur að fatnaði. Þess vegna finnst mér gott að hanna mín eigin föt,” segir Kári. Einnig hefur Kári verið að vinna með þekktum tónlistarmönnum á Íslandi við að hanna fatnað fyrir þá. „Við erum að vinna sérstaka línu fyrir þessa einstaklinga og kallast hún KYON X,” segir Kári leyndardómsfullur.

Vel tekið á Íslandi og erlendis

Fatnaðurinn frá Kyon Apparel fæst hér heima í hönnunarversluninni Jöklu á Laugavegi 90. Verslunin sérhæfir sig í sölu á íslenskri hönnun og er fatnaðurinn frá Kyon Apparel sérlega vinsæll. Einnig er hægt að fá vörurnar keyptar á vefverslun Kyon Apparel, kyonapparel.is. Vörunum hefur svo verið vel tekið erlendis og fást meðal annars



í Bandaríkjunum, Bretlandi og Rússlandi.

Með því að nota afsláttarkóðann DV25 inn á heimasíðu Kyon Apparel fá lesendur DV 25% afslátt af vörum út nóvember.

Nánari upplýsingar má nálgast á kyonapparel.is, Kyonapparel á Instagram, Facebook-síðunni Kyon Apparel og Facebook-síðunni jokla.iceland.

Jökla, Laugavegi 90, 101 Reykjavík





SKÍÐAÐU JÓLASTRESSIÐ Í KAF:

Hlíðarfjall Akureyri

Besta leiðin til þess að koma sér burt frá jólastressinu er klárlega að skella sér á skíði, renna burt frá öllu amstri og sveigja kringum áhyggjurnar. Síðustu ár hefur skíðafærið ekki endilega verið upp á marga fiska á höfuðborgarsvæðinu en það er engin ástæða til þess að örvænta. Hlíðarfjall á Akureyri mætti segja að sé eins og Tenerife skíðamannsins. Þar er afburðagóð aðstaða fyrir skíðafólk, hvort heldur þá sem stunda venjuleg skíði, gönguskiði eða snjóbretti. „Við stefnum á að opna um

mánaðamótin nóvember–desember og ég mæli heilshugar með því að fólk skelli sér á skíði á milli jóla og nýárs og skilji endilega jólastressið eftir heima. Hægt er að fá gistingu á fjölmörgum hótélum eða gistihúsum hér í bænum og svo eru Akureyringar margrómaðir fyrir afbragðs matargerð,” segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Skíðasvæðisins Hlíðarfjall.

Allir skíða

Í Hlíðarfjalli eru fjölmargar skíðalyftur og brekkur sem henta bæði byrj-

endum sem lengra komnum. Einnig eru margar gönguskiðabrautir fyrir gönguskiðafólk. Hlíðarfjall býður að auki upp á skíðaleigu með góðu úrvali hefðbundinna skíða, gönguskiða og bretta og margt fleira. Svo starfrækir skíðasvæðið skíðaskóla þar sem ungum jafnt sem öldnum er kennt á skíði eða bretti á öruggan hátt. „Við bjóðum sérstaklega velkomna í skíðaskólann skíðaiðkendur á aldrinum 5–12 ára,” segir Guðmundur.

Engar biðraðir

„Hægt er að kaupa vetrarkortin á vefsíðunni okkar hlidarfjall.is og er hægt að kaupa annars vegar kort sem duga allan veturinn fram til 28. apríl eða borga fyrir hvert skipti inn á Sidata kortin okkar. Við gerðum fólk kleyft að kaupa miða á netinu sem hefur nær útrýmt biðröðum í miðasölu og í lyfturnar,” segir Guðmundur.

Sími: 462-2280

<http://www.hlidarfjall.is/is>

<https://hlidarfjall.skiperformance.com/shop/is/store> ■

Forsala
á vetrarkortum*

Á miðasöluvefnum á hlidarfjall.is

***23%**
afsláttur fram
að opnun



Hlíðarfjall
Akureyri

STEFNUM Á OPNUM 29. NÓVEMBER



INNRETTINGAR OG TÆKI:

Litagleði og baðherbergislausnir fyrir nútímamanninn

Fyrir um það bil einu og hálfu ári fórum við að selja alveg frábæra sturtubotna frá fyrirtækinu Gala á Spáni. Um er að ræða sturtubotna úr granit/stonex-efni sem er alveg sérstaklega endingargott og sterkbyggt," segir Íris Jensen. Botnarnir eru sérstaklega gerðir fyrir opnar sturtur (walk-in) sem hægt er að ganga inn í. Gala-sturtubotnarnir fást í eins til tveggja metra lengdum og koma tilbúnir með innbyggðum halla sem auðveldar alla uppsetningu til muna. Flísarnar eru í þriggja sentimetrar þykkt og er hægt að skera eftir máli þannig að þær passa inn í flesta sturtuklefa og sturtulausnir. Þær eru enn fremur bornar stamri gelkvoðu sem gerir botninn að stöðugu undirlagi fyrir fólk að ganga á og athafna sig í sturtunni.

Litagleði

Það skemmir svo ekki fyrir að granit/stonex-botnarnir frá Gala fást í ýmsum litum. „Þeir eru ekki bara hvítir, heldur er líka hægt að fá svarta botna, drapplitaða og grúa. En undanfarið hefur fólk verið að leita töluvert meira eftir að fá liti inn í baðherbergin.

Við bjóðum til dæmis upp á svört, mött blöndunartæki frá FIMA Carlo Frattini á Ítalíu, sem eru alveg einstaklega smart. Einnig erum

við með litaðar handlaugar og lituð salerni frá GLOBO á Ítalíu. Við erum ekki að tala um pastelliti áttunda áratugarins, eins og ljósbleik salerni eða ljósgul. En það kemur kannski aftur," segir Íris og hlær en bendir síðan á að í dag velji fólk meira jarðliti eins og gráan og drapplitaðan. „Þessir litir koma alveg einstaklega vel út inni á baðherbergjum nútímans," segir Íris.

Engin fúga, ekkert vesen

„Mesti lúxusinn Gala-botnana er að það er engin þörf fyrir fúgu, sem gerir botninn að algjöru himnaríki þegar kemur að þrifum. Auk þess sem fúga á milli flísa á það til að

gulna, litast og eyðast með tímanum. Með Gala-sturtubotnunum er þetta vandamál úr sögunni. Engin fúga, ekkert vesen," segir Íris.

Glerlausnir fyrir lítil rými

Innréttingar og tæki bjóða upp á mikið úrval af glerveggjum í ýmsum stærðum og gerðum sem passa til dæmis með sturtubotnunum góðu. „Við erum til dæmis með fasta glerveggi með lausum væng fyrir lítil rými svo þau nýtist til fullnustu," segir Íris.

Stór lager, engin bið

„Við erum yfirleitt með um þrjátíu gerðir af sturtulausnum til á lager

sem gerir það að verkum að þegar fólk kemur til okkar þá er biðtími eftir sturtulausnum og öðrum baðherbergislausnum nánast enginn. Það er oft hægt að fara beint heim og byrja á uppsetningu undir eins. Þar sem Gala-sturtubotninn er sérpantaður þá er hann allajafna ekki til á lager," segir Íris.

Nánari upplýsingar má nálgast á jensenbjarnason.is
Ármúli 31, 108 Reykjavík
Sími: 588-7332
Póstfang: i-t@i-t.is
Opíð alla virka daga frá 9-18 og laugardaga 11-15. ■



KOMDU Á SKÍÐI



25%
AFSLÁTTUR
AF VETRARKORTUM
FYRIR
FJÖLSKYLDUNA

25% afsláttur af vetrarkortum fyrir fjölskylduna til 30. nóvember.
Til að fá fjölskylduafsláttinn þarft þú að kaupa að lágmarki vetrarkort
fyrir 1 fullorðinn auk vetrarkorts fyrir 1 unglíng eða barn.

Nánar á skidasvaedi.is / Sími 530 3000

 /skidasvaedin

 #bláfjöll


SKÍÐASVÆÐIN

MI ICELAND:

Borgaðu minna fyrir meira

Mi Iceland er viðurkenndur endursölu- og dreifingaraðili á Íslandi fyrir kínverska snjalltækjaframleiðandann Xiaomi, betur þekktan sem Mi, sem hefur skapað sér sterkan sess í tækniheiminum á stuttum tíma með áreiðanlegum tækjum á góðu verði. Fyrsti síminn frá Mi kom á markaðinn árið 2011 og aðeins þremur árum síðar var framleiðandinn orðinn sá þriðji stærsti í heiminum.

Mi framleiðir miklar gæðavörur en þar sem merkið er ekki jafnþekkt og til dæmis Samsung eða Apple þá eru þessar vörur yfirleitt mun ódýrari en þekktari merki í sama gæðaflokki, allt að þrefalt ódýrari.

Mi Iceland er vefverslun á síðunni mii.is og er úrvalið afar mikið. Sifellt eru að koma fram nýjar og spennandi vörur. Hér eru nokkur nýleg dæmi:

Mi Band 3

Það hefur verið mikil eftirvænting síðastliðið vegna nýja snjall- og heilsuúrsins frá Xiaomi, Mi Band 3. Þiðin hefur svo sannarlega verið þess virði þar sem allt hefur verið betrubætt frá forvera þess, Mi Band 2. Helstu eiginleikar úrsins eru enn stærri skjár þar sem hægt er að skoða heil SMS-skilaboð, stærri rafhlaða, vatnshelt að 50 metra dýpi svo ekkert mál að taka það með sér í sund og veðurupplýsingar næstu daga svo eitthvað sé nefnt. Það sem gerir þetta snjallúr ólíkt mörgum öðrum er möguleikinn á að skipta um ól á úrinu og gjörbreyta á sama tíma útliti þess.

Mi 8

Árið 2012 setti Xiaomi á markað sinn annan síma, Mi 2, sem varð strax það vinsæll að Xiaomi varð 2. stærsti farsímaframleiðandi í heiminum það ár. Nú, sex árum seinna, hefur tæknin þróast gífurlega og Xiaomi sannar það svo sannarlega með Mi 8. Síminn hefur tvöfalda 12MP myndavél að aftan og 20MP myndavél að framan með AI-assisted face unlock sem gerir þér kleift að aflæsa símanum með því einfaldlega að horfa á hann. Nýi Snapdragon 845 örgjörvinn og 6GB vinnsluminni gerir símann að sannkölluðum vinnuhesti.

Mi A2

Í fyrra kom á markað fyrsti síminn sem unninn var í samstarfi við Google, Mi A1. Síminn fékk strax frábærar viðtökur og hefur salan farið langt fram úr væntingum úti um allan heim. Í ár kom Mi A2 og hefur flest, ef ekki allt, verið betrubætt frá forvera hans, Mi A1. Samstarf Xiaomi og Google liggur fyrst og fremst í hreinu Android-stýrikerfi sem hefur marga kosti í för með sér en sá mikilvægasti er að síminn sjálfur er hraðari fyrir vikið og uppfærslur á stýrikerfinu skila sér mun fyrr. Mikil áhersla hefur verið lögð á að bæta myndgæðin við dimm skilyrði og myndgæðin almennt. Myndavélin að aftan er tvöföld 12MP + 20MP og 20MP að framan.

hugsar um þegar kemur að haustinu? – Rigning, kvef og hiti. Það eiga allir gamlan hitamæli heima en af hverju hafa hitamælur lítið sem ekkert þróast síðustu ár? iHealth -hitamælirinn er svo sannarlega rétt þróun á hitamælum og ætti að vera staðalbúnaður á öllum heimilum. Það sem einkennir þennan hitamæli er ekki bara

fallegt útlit heldur er hann einnig snertilaus. Þetta þýðir að þú þarft einungis að beina hitamælinum að

manneskju úr 3 sentimetra fjarlægð og hitamælirinn skilar þér niðurstöðum á innan við 1 sekúndu. Þar sem hann er snertilaus þarftu ekki að hafa jafn miklar áhyggjur af því að þrifa hann eftir hverja einustu mælingu eins og með aðra hitamæla.

Flestir símarnir frá Mi Iceland ásamt fleiri vörum (Mi Band 3, Mi Scale 2, Mi

Bluetooth speaker, ferðahleðslur og aukahlutir) eru komin í sölu hjá símafyrirtækinu Hringdu ásamt því að vera til sölu í vefverslun Mi Iceland á mii.is.

Mi Iceland sendir hvert á land sem er og er enginn sendingarkostnaður. Sjá nánar á vefsíðunni mii.is. ■



iHealth hitamælir

Hvað er það fyrsta sem þú





Ljósmynd frá Hársnyrtistofu Írisar í Hafnarstræti

IRIS HEFUR KLIPPT HÁR Í FJÖRTÍU ÁR SALON NES:

Heimilislegt andrúmsloft

Iris Gústafsdóttir hefur verið að klippa hár í hartnær 40 ár og má með sanni segja að hún sé reynslubolti þegar kemur að hári. Sveinsprófið í hársnyrtimeistararnum tók hún vorið 1980 og hefur ekki lagt skærin frá sér síðan þá. „Ég hef klippt heilu fjölskyldurnar og fastakúnnarnir mínir eru afar tryggir. Það skiptir mestu máli að viðskiptavinurinn sé ánægður og að hann fái klippingu sem hentar honum. Sumir vilja tískuklippingu, aðrir vilja ekki þurfa að hafa of mikið fyrir hárinu,” segir Iris Gústafsdóttir sem framkvæmir allar óskir viðskiptavinarins af stökustu list.

Fjölbreyttar vörur fyrir alls konar hár

Iris er með frábært úrval af hárvörum á stofunni. „Ég vil vera með gott úrval af góðum vörum og hef verið að skipta við ýmsa aðila. Núna er ég í viðskiptum við þrjá aðila sem framleiða mjög góðar vörur á góðu verði. Ein uppáhaldsvaran mín í dag er OZHU-hárfroða, Lift o mat 04, sem gerir hárið alveg svakalega þykkt og falllegt. Í sitt hár er ég svo með frábæra vöru sem ég kalla flækjusprey og er frá Milkshake. Þetta er hálfgerð kremsprey eða hárnæring sem þú skilur eftir í hárinu (leave in) og með vörunni verður ekkert mál að greiða í gegnum þykkasta hárfloka,” segir Iris.

Facebook-leikur: Mythic Oil

„Einmitt núna erum við með leik í gangi á Facebook-síðunni okkar. Við erum að gefa rosalega fina olíu í hárið. Ólían heitir Mythic Oil og er með mjög fingerðu glimmeri sem gefur fallegan gljáa á hárið. Ólían hentar vel fyrir þurr, sítt hár. Það er um að gera að kíkja á síðuna okkar og taka þátt í leiknum,” segir Iris.

Barnvæn stofa

Iris er snillingur í öllu sem viðkemur hári og gerir allt frá því að særa hárenda, líta, eða setja hár í lagningu. „Mér finnst mikilvægt að þjónusta allar gerðir af viðskiptavinum. Ég klippi konur og karla á öllum aldri og svo börn, en ég setti upp barnahorn með leikföngum þannig að það er ekkert mál fyrir foreldra með ung börn að koma til mín og láta klippa sig. Þau leika sér bara á meðan,” segir Iris.

Notalegt andrúmsloft og vinaleg þjónusta

Iris hefur verið með hársnyrtistofu á Seltjarnarnesi í þrettán ár og enn fremur búið þar í 50 ár. Margir í kúnnahópi hennar eru af Nesinu en þónokkrir koma lengra að enda er andrúmsloftið á Salon Nes alltaf jafn notalegt. „Ég byrjaði fyrst með sjálfstæða stofu, Hársnyrtistofu Írisar, í Hafnarstræti fyrir 30 árum. Salon Nes keypti ég svo með vinkonu minni árið 2005 eða fyrir 13 árum. Það fylgdu mér margir viðskiptavinir á nýju stofuna sem var þá staðsett á Austurströnd 1 á Seltjarnarnesi. Margir eru fastakúnnar mínir enn í dag þar sem ég rek nú sjálf Salon Nes á Austurströnd 12. Að auki hafa margir nýir bæst í hópinn og koma til mín reglulega,” segir Iris. „Ég kys að hafa svolítið heimilislegt hér á stofunni minni. Bæði vegna þess að ég er hér allan daginn, en líka fyrir viðskiptavininn. Margir hafa líka haft orð á því hvað það sé notalegt að koma til mín í klippingu,” segir Iris.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni, Salon Nes Hársnyrtistofa og www.salonnes.is Austurströnd 12, 170 Seltjarnarnes Sími: 562-6065 Netpóstur: iris@salonnes.is Opið er alla virka daga frá 9-17 ■



Iris með dóttur sinni sem ætlar að verða hárgreiðslumeistari eins og mamma sín





Siðferði og umhverfisvernd í fyrirrúmi

Ethic er íslensk verslun sem leggur áherslu á umhverfisvænar vörur framleiddar á siðferðislega réttan hátt. Upphaflega hófst þetta ástríðufulla áhugamál hjá hjónunum Matthíasi Haraldssyni og Hafrúnu Ósk Pálsdóttur sem netverslunin www.ethic.is áður en opnuð var glæný verslun á Suðurlandsbraut 4A. Verslunin er opin alla virka daga frá 12 til 18 og er opið annað slagíð um helgar, en þá er það sérstaklega auglýst.

Samkvæmt eigendunum er markmið verslunarinnar að bjóða Íslendingum fatnað og skó sem framleiddir eru með umhverfisvernd, siðferði og FairTrade að leiðarljósi á sambærilegu verði og gengur og gerist í Skandinavíu og Evrópu. Fataiðnaðurinn er einn mest mengandi iðnaður í heiminum í dag en þeir

framleiðendur sem Ethic er í samvinnu við nota eingöngu umhverfisvæn efni við sína framleiðslu, borga sanngjörn laun og tryggja góðar vinnuaðstæður fyrir starfsfólk svo fátt eitt sé nefnt.

„Við veljum framleiðendur sem eru með umhverfisvæna framleiðslu og vinna eftir FairTrade-hugsjóninni,” segir Matthías. Við erum með hágæðaskó frá sænska merkinu Kavát sem hafa reynt ótrúlega vel við íslenskar aðstæður en Kavát hefur verið í skóframleiðslu síðan 1945 og notið mikilla vinsælda í Skandinavíu. Nú er farið að kólna í veðri

og Kavát er með frábær kuldastígvél og kuldaskó á börnin ásamt flottum vatnsheldum leðurskóm fyrir börn og fullorðna.“

Verslunin sérhæfir sig einnig í barnafötum frá Mini Rodini, kvenfatnaði frá People Tree, Frieda Sand, Jan 'N June og fleiri framleiðendum sem eiga það sameiginlegt að vinna eftir FairTrade-hugsjóninni, sem gengur

út á sjálfbærni og er með umhverfisvernd að sjónarmiði.

Þau hjónin bæta við að þau planti tré fyrir hverja selda vöru og sé það gert til þess að jafna kolefnissporin sem myndast við flutning á vörum til viðskiptavina. „Fyrir árið 2017 plöntuðum við þúsund plöntum ekki langt frá Egilsstöðum,” segir hann og tekur fram að spennandi verði að fylgjast með þeim fjölda trjáa sem verður plantað fyrir sölu þessa árs. ■



Fór tólf ára úr klóm prests og í gin fíknar

■ Misnotaður af Séra Georg í Landakoti ■ Kom að móður sinni eftir sjálfsvíg
■ Gildin falla í neyslu ■ Myndlistin er flótti

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



ævi hans og raunir.

Gat átt von á hverju sem var

Valgarður er 47 ára og uppalinn í Reykjavík. Sonur Braga Kristjónssonar fornbókasala og Nínu Bjarkar Árnadóttur skálds sem lést árið 2000. Foreldrar Valgarðs voru frjálsslynt menningarfólk, „hippar“ eins og hann segir sjálfur. Valgarður er annar í röðinni af þremur bræðrum. Þegar hann var tveggja ára flutti fjölskyldan til Kaupmannahafnar og dvaldi þar í þrjú ár.

„Við bjuggum á Friðriksbergi þar sem var mjög stór hópur íslenskra listamanna á þessum tíma. Alfreð Flóki, Helga Hjörvar, Ólafur Torfason, Signý Pál, Tryggvi Ólafs og fleiri. Þar var glatt á hjalla eins og gengur og gerist í þessum heimi. Þá var líka mikil tíska að pæla í kaþólsku og íslenska þjóðkirkjan þótti frekar þurr bita. Það þótti meiri dýpt í kaþólskunni. Mamma og pabbi tóku upp kaþólska trú og þá við bræðurnir líka,“ segir Valgarður.

Hvernig var æskuheimilið?

„Menningarlegt og frjálst.“

rómantískt fólk. Það vildi mikið út úr lífinu, skilja allt og bæta þennan vonlausu heim. En þessar aðstæður voru ekki góðar fyrir börn og sköpuðu ótta. Við gátum átt von á hverju sem var.“

Hvaða áhrif hafði þetta á þig?

„Ég varð snemma var við það að þau sem ég þurfti að reida mig á voru ekkert endilega starfinu vaxin. Ég lærði því að bjarga mér sjálfur mjög ungar. Það var mikil hlýja og við vorum ekki beittir ofbeldi. En það er erfitt að sjá mömmu sína veinandi á leiðinni út í sjúkrahús eftir sjálfsvígstilraun. Það er mikið áfall fyrir krakka.“

Valgarður var rólegt barn og lét ekki hafa mikið fyrir sér. Það var meðvitað að rugga ekki bátum eða gera of miklar kröfur. Hann átti vini en tók ekki þátt í neinu félagslífi.

Ofurmennið

Þegar fjölskyldan sneri heim frá Danmörku opnaði Bragi bókabúðina og Nína sneri sér að ritstörfum. Þau bjuggu í Þingholtunum en drengirnir voru sendir í Landakotsskóla. Það var kaþólskur einkaskóli sem þótti fínt að vera í á þessum tíma. Seinna kom í ljós að starfsfólkið hafði beitt nemend-

prestur í Landakoti og skólustjóri í aldarfjórðung. Þremur árum eftir að hann lést árið 2008 komst ofbeldið sem hann og hin þýska Margrét Müller höfðu beitt börnin í hámeði. Bæði í skólanum sjálfum og í sumarþingunum í Ríftúni, þar sem Valgarður var tvö sumur.

„Strax og ég byrjaði í skólanum tók hann mig inn á skrifstofu til sín. Síðan einu sinni eða tvisvar í viku eftir það. Þá byrjaði okkar ást-arsamband sem varði í sex ár. Ást-arsamband í þeirri merkingu að hann lét mig finna að hann elskaði mig og vildi allt fyrir mig gera til að verða übermensch. Ég var kallaður inn úr frímínútum til hans og stundum sóttur í miðjar kennslustundir, sá eini í mínum bekk. Hann sagði mér hluti og fræddi mig, en eftir á sé ég að þetta var heilapvottur. Talaði mikið um guð og mömmu mína og fékk mig til að tala um þetta allt. Georg vissi allveg hvað hann var að gera og hafði sennilega gert þetta oft áður.“

Misnotkun séra Georgs

Georg lét Valgarð finna fyrir væntumþykju og Valgarði leið eins og Georg væri að hjálpa honum í gegnum veikindi móður hans. En þegar Valgarður braut á einhvern

hún í hárið á mér og dró mig inn til hans. Hún hvíslaði í eyrað á honum og hann horfði sorgmæddur á mig.“

Ofbeldið sem Valgarður varð fyrir í Landakotsskóla var ekki aðeins líkamlegt og andlegt heldur einnig kynferðislegt.

„Þegar ég var í átta ára bekk fékk hann mig inn til sín og fróaði sér. Hann hnepti frá skyrtunni minni, lyktaði af mér og fíktaði í hárinu.“

Valgarður segist hafa áttað sig á því að þetta væri rangt en hann vissi samt í raun og veru ekkert hvað var að gerast.

„Í dag fá börn fræðslu í skólunum og við sjáum auglýsingar í sjónvarpinu um hvar mörkin eru. Það var ekkert talað um svona hluti á þessum tíma. Ég vissi ekkert hvað hann var að gera þegar hann stakk typpinu ofan í kokið á mér. Ég vissi samt að þetta var ekki í lagi og fór á einhvern hátt út úr líkamanum. Sjálfsfróun, kynlíf ... ég vissi ekkert hvað þetta var.“

Stundum gistu nemendur í skólanum, í turninum þar sem Margrét bjó. Valgarður telur að sér hafi verið byrðuð ólyfjan í flóaðri mjólk sem hann fékk þar.

„Eftir það var ég með þessa

Pað er erfitt að sjá mömmu sína veinandi á leiðinni út í sjúkrahús eftir sjálfsvígstilraun

þetta. Mér finnst það skrytið að enginn hafi verið búinn átta sig á þessu.“

Sástu önnur börn verða fyrir ofbeldi?

„Já, það gerði ég. Til dæmis í Ríftúni. Þar sá ég Georg eiga við einn dreng inni á klósetti um miðja nótt.“

Einsamall drengur, fastur í helvíti

Samband Valgarðs og Georgs varð sífellt nánara og Valgarður fór sífellt meira inn í trúna. Hann fór að trúa því að hann væri útvalinn eins og Georg hafði sagt honum. Samhliða því einangraðist hann frá öðrum börnum og hegðunin breyttist.



Ungur morfínfíkill Faldi og fjármagnaði neysluna með lygum og þjófnaði.

Ég vissi ekkert hvað hann var að gera þegar hann stakk typpinu ofan í kokkið á mér

„Eftir öll skiptin sem Georg meiddi mig þá bað hann mig afsökunar og virtist líða illa yfir þessu. Eins og hann hefði verið á einhvers konar „fyllerí“ og fengið útrás fyrir eitthvað. Ég sagði honum þá að þetta væri allt í lagi og hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af þessu. En síðan endurtók þetta sig. Hann sagði mér líka að ef ég segði mömmu eða einhverjum öðrum frá þessu myndi hún fara til helvítis. Hann var mjög klárt kvikindi,“ segir Valgarður og brosir hæðnislega.

Margrét Müller beitti nemendur í Landakotsskóla kynferðisofbeldi líkt og Georg. Valgarður segir að hún hefði aðeins beitt hann líkamlegu ofbeldi, slegið hann og rífið í háar.

Átta ára gamall byrjaði Valgarður að æfa ballett og tveimur árum síðar karate og íslenska glímu. Um þetta leyti var hann að átta sig á því að meðferð Georgs væri ekki í lagi og hann þyrfti að losna undan aðstæðunum.

„Ég hætti að kenna sjálfum mér um og sá að þetta var sjúkt. Ég var einsamall, fastur í helvíti og komst ekki út. Gat hvorki hætt í skólanum né sagt neinum frá þessu. Heldur ekki hringt í barnavernd, vissi ekki einu sinni að hún væri til. Þegar ég var á síðasta árinu mínu í skólanum notaði ég það sem ég hafði lært í karate og lamdi Georg. Hann fór í gólfíð inni á skrifstofunni og þá urðu ákveðin vatnaskil. Þá sá Georg að hann var búinn að missa mig og hætti að boða mig á skrifstofuna. Væntanlega tekið einhvern annan í staðinn.“

Valgarður fékk refsingu fyrir uppreisn sína. Allan tólf ára bekk-

inn var hann látinn dúsa í skammarkróknum í enda stofunnar. Í stærðfræði, sem Georg kenndi, var Valgarður oft tekin upp að töflu og niðurlægður fyrir framan bekkinn.

„Georg horfði alltaf á mig með sorgarsvip eftir þetta, en ég upplifði frelsi. Mér var alveg sama þó að ég þyrfti að sitja í þessum skammarkrók og væri tekinn fyrir í tímum. Ég var svo feginn að vera laus.“

Séra Georg lést sumarið 2008 og skömmu síðar fleygði Margrét Müller sér út um glugga turnans í Landakoti. Þremur árum síðar komu glæpir þeirra upp á yfirborðið og nemendur lýstu opinberlega því skelfilega ofbeldi sem þeir höfðu sætt. Það var á þessum tíma sem Valgarður komst í fréttirnar fyrir reiðikast sem hann tók þar sem hann braut 21 rúðu skólans.

Tólf ára fíkill

Um það leyti sem Valgarður var að klára Landakotsskóla var hann í stífum ballett- og karateæfingum, fimm sinnum í viku. En hann var mikið verkjaður, bæði í olnbogum og hnjám. Hann sagði móður sinni frá verkjunum og hún lét hann hafa lyf við þeim, sem hún átti nóg til af. Voru það verkjalyf á borð við Dolvípar, Parkódín og vægari morfínskyld lyf. Fann hann strax fyrir því að lyfin slógu á verkina og honum leið mun betur.

„Þá fór ég á fullt í að misnota þessi lyf. Ég tók inn lyf og um leið og áhrifin dvinuðu útvegaði ég mér meira. Ég stal frá mömmu. Stal á öllum stöðum sem ég kom, ömmu, afa, frændfólki. Ég var í gagnfræðaskóla en orðinn algjörlega háður þessum lyfjum. Ef þú ert háður morfílyfjum verður þú veikur ef þú tekur þau ekki. Þessi lyf voru til á velflestum heimilum og ég vissi hvert ég átti að fara, í eldhúsin, svefnherbergin og baðherbergin. Fjórtán og fimmtán ára var ég farinn að brjóstast inn. Ég fann opnar svaladyr og fór inn en passaði mig á að taka ekki of mikið og aðeins lyfin, því þá gat ég komið aftur seinna. Ef ég fann ekkert, gat ég keypt hjá tveimur fíkniefnasölum sem ég kynntist.“

Kunni að halda kjaftri

Í gegnum þessa fíkniefnasala kynntist Valgarður fíkniefnaheiminum. Hann segir að þessi heimur hafi verið allt annar en í dag. Flestir notuðu hass og amfetamín en fáir morfílyf. Morfínfíklar voru yfirleitt fólk sem hafði prófað allt og var komið á vissa endastöð í neyslunni. Það má því segja að Valgarður hafi byrjað á öfugum enda í sinni neyslu.

Varstu að drekka líka?

„Nei, ekki fyrr en ég var orðinn sautján ára. Þá var ég á löggustöðinni nánast í hverri viku, alltaf í slagsmálum og látum. Þegar maður drekkur ofan í þessi lyf verður maður alveg snarruglaður. Fer í „blackout“ og gerir alls kyns vit-

leysu. Ræðst á annað fólk, brýst inn á heimili og gerir óskunda. Maður verður alveg stjórnlauus.“

Gastu haldið þér gangandi, í námi og slíku, þótt þú værir alltaf í vímu?

„Já, einhvern veginn. Ég fór í MR og út á við var líf mitt ósköp venjulegt. Ég náði að halda þessu leyndu, lærði að ljúga, stela, spila með fólk og fá mínu framgengt. Fjölskylda mín vissi ekkert af þessu þegar ég var svona ungur. Ég hafði lært hvernig ætti að halda kjaftri hjá séra Georg, eitt af því fyrsta sem hann kenndi mér var að geyma leyndarmál. Með tímanum átti ég minni og minni samleið með öðrum unglíngum og einangr-

aðist. Ef ég var í hópi sem var til dæmis að spila tölvuleiki, á Commodore eða Sinclair, gat ég ekki samsamað mig. Þeir voru í annarri vídd en ég. Ég var farinn að finnast ég vera tveir menn. Oft velti ég því fyrir mér hvor ég væri, góði mömmustrákurinn og menntaskólagaæinn eða lygin, þjófóttur fíkill.“

Valgarður var ungur og fékk væga meðhöndlun hjá lögreglunni. Aldrei sat hann meira en yfir eina nótt í fangelsi. Hann fékk engar ákærur og enga dóma. En hann fékk heldur aldrei nein boð um hjálp við sínum vanda, heldur var beðið eftir að hann kæmi aftur. Hann kláraði stúdentsprófið „mökkruglaður“ ▶

GJAFAVA VÖRUDAGAR



GJAFAVARA
20%
AFSLÁTTUR

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Myndlistarmaður
Hefur teiknað síðan í barnsku.



eins og hann lýsir því sjálfur, en síðan kom að tímamótum. Þegar hann var 21 árs gamall og búinn að vera í næstum áratug í neyslu fór hann í meðferð.

„Ég hafði þá stolið hellingi af lyfjum frá móður minni og 30 þúsund kalli í peningum. Hún gómaði mig og spurði mig út í þetta. Ég sagði henni eitthvað en ekki allan sannleikann. Svo fór ég beinustu leið á Vog og Staðarfell í meðferð hjá SÁÁ. Ég væri dauður ef SÁÁ væru ekki til því að þá fór ég að geta verið edrú í nokkurn tíma og fór að vinna í mínum málum. Þetta er búinn að vera langur og krefjandi vegur,“ segir Valgarður.

Sjálfsvíg mömmu

Um tíma fór Valgarður í bókmenntafræðinám í Háskóla Íslands en hann fann sig ekki þar. Á þeim tíma var hann einnig farinn að feta sömu slóð og móðir hans í skáldskap. Hann orti ljóð og gaf út bækur. Hjá SÁÁ fékk Valgarður leiðsögn um skaðsemi morfín- og áfengisneyslu sem hann meðtók. Hann sá fram

á að ef hann héldi áfram á sömu braut myndi hann enda annaðhvort í fangelsi eða gröfnni. Það sem vantaði hins vegar var skýr stefna, einhvern annan valkost.

Eftir meðferðina flutti hann til Kaupmannahafnar og fór í nám í Alexanderstækni. Það er aðferð í líkamsbeitingu sem tónlistarfólk og aðrir hópar hafa tileinkað sér. Um tíma starfaði hann einnig í bókabúð. Á þeim tíma ánetjaðist hann kannabisefnum.

„Margir segja að þetta sé miklu skárra en harðari efnin, en þetta er engu að síður mjög hættulegt. Maður verður mjög tæpur á geði, þunglyndur og með ofsóknarbrjálæði. Minnið fer líka.“

Árið 1997 flutti hann aftur heim til Íslands og fór að vinna hjá Smekkleysu við að hengja upp tónlistarplaggöt. Hann starfaði við það í tíu ár og margir muna eftir honum seint um nóttu í miðbæ Reykjavíkur með límfötuna í annarri hendi. Þá var hann einnig farinn að fást við myndlist, var kominn í sambúð og átti sína eigin fjölskyldu. Vor-

Hún hafði skipulagt þetta vel og stillt upp merktum hlutum í íbúðinni fyrir þann sem kæmi að

ið 2000 var hann búinn að vera edrú í fimm ár og lífið var gott. Þá kom áfallið. Valgarður segir:

„Ég sat á kaffihúsi og var að kjafta við vin minn. Skyndilega fannst mér eins og eitthvað flygi í gegnum hausinn á mér, eitthvað kalt. Það fyrsta sem ég hugsaði var: Mamma! Ég stóð upp og hljóp út og rakleiðis heim til hennar. Þá fann ég hana dána. Þá tókst henni að fyrirfara sér því miður eftir langt stríð við þunglyndi og fíknisjúkdóm sinn. Hún hafði skipulagt þetta vel og stillt upp merktum hlutum í íbúð-



Frjáls Losnaði undan klóm prestsins tólf ára.

inni fyrir þann sem kæmi að. Hún skrifaði nokkur sjálfsvígsbréf, stíluð á mig og aðra í fjölskyldunni.“

Valgarður hringdi á lögreglu og sjúkrahúsið sem komu um hæl og sóttu hana. Eftir að það var búið ákvað Valgarður að hreinsa íbúðina af öllu tengdu lyfjum. Hann vildi ekki að aðrir sæju það.

„Allt í einu stóð ég með fullan haldapoka af lyfjum. Verkjalýfjum og lyfseðilsskyldu amfetamíni. Ég fargaði þessum poka en innan við sólarhring síðar var ég fallinn. Þá fór ég í greni til morfínsala sem ég þekkti, var hjá honum í nokkra daga og byrjaði að sprauta mig.“

Dauðinn alltaf nálægur

Heimur sprautufíkla er fjarlægur og illskiljanlegur flestum öðrum en þeim sem hafa lifað í honum. Valgarður hefur séð neyðina og hörkuna með eigin augum.

„Ungar konur, innan við tvítugt, geta alltaf farið til sölumannsins þótt þær eigi engan pening. Þá hringir hann í einhvern gæja sem kemur, sefur hjá henni og borgar sölumanninum fyrir skammtinn hennar. Þetta sá ég oft í greninu og er með því ógeðfældasta sem kemur fyrir þessar ungu konur. Þeir sem keyptu voru oft í efri lögum þjóðfélagsins, til dæmis lögfræðingar eða þekktir embættismenn. Ungir karlar í þessari neyslu geta sjaldnast selt sig þannig að þeir brjótast inn og ræna.“

Er dauðinn ekki alltaf nálægur í þessum heimi?

„Jú, það hafa mjög margir sem voru í kringum mig farið. Ég ætti að vera einn af þeim og ég skil ekki alveg af hverju ég er hérna enn. Síðan ég fór í meðferð 21 árs gamall hef ég verið samantlagt átta ár í neyslu af 26 árum. Nú hef ég verið edrú í þrjú ár samfleytt. Ég hef nokkrum sinnum verið tæpur og tvisvar endað á bráðamóttökunni. Stundum hef ég orðið veikur en harkað af mér. Almennt var ég samt talinn kunna á efnin og var ráðinn í partí til að „kokka“ fyrir gesti.“

Valgarður segir að eitt af því sem einkennir heim morfínfíkla sé hnignun gilda. Hann segir:

„Maður hefur prinsipp í þessu rugli. Til dæmis að sprauta sig ekki. Svo ferð það. Þá kemur maður upp prinsippi um að sprauta ekki aðra. Svo fer það. Þá kemur maður kannski upp því prinsippi að ræna ekki sölumanninn. Á endanum fellur þetta allt saman.“

Kokkað fyrir Grænlandinga

Valgarður minnst sérstaklega atviks sem átti sér stað á ónefndu hóteli í Reykjavík þegar hann var ráðinn til að kokka og sprauta átta skipverja af grænlenstum togara.

„Þeir reykja stanslaust hass á meðan þeir eru úti á sjó og þegar þeir koma í land, eftir kannski þrjú mánuði þá vilja þeir fá sterkari efni. Á þessum tíma var ég á mínum lægsta punkti og tók verkið að mér. Ég var hins vegar sjálfur orðinn svo ruglaður af neyslu að ég klúðraði þessu og gaf þeim of mikið.“

BORÐPLÖTUR & SÓLBEEKKIR



Fanntófell

Gylfaflöt 6 - 8
S. 587 - 6688
fanntofell.is



Hjá okkur eru alltaf
RÚMADAGAR

Mikið úrval af heilsurúmum á frábæru verði



SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum Verð með botni og fótum

80x200 cm

Verð aðeins kr. 94.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 139.900.-

153x203 cm

Verð aðeins kr. 144.900.-

180x200 cm

Verð aðeins kr. 169.900.-

Ath. fleiri stærðir í boði.

VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna

Góð millistífl heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstrum. Verð með botni og fótum.

80x200 cm

Verð aðeins kr. 67.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 82.400.-

153x203 cm

Verð aðeins kr. 102.400.-

180x200 cm

Verð aðeins kr. 117.400.-

Ath. fleiri stærðir í boði.

MEMORY Deluxe

Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann

Cool Memory efnablandan aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Öll verð eru með botni og fótum

80x200 cm

Verð aðeins kr. 94.900.-

100x200 cm

Verð aðeins kr. 109.900.-

160x200 cm

Verð aðeins kr. 149.900.-

180x200 cm

Verð aðeins kr. 169.900.-

Ath. fleiri stærðir í boði.

Ný sending af hvíldarstólum



Sængur og heilsukoddar Mikið úrval



Úrval af stillanlegum rúmum

3E botn með Memory Deluxe

90x200 cm dýnum

Tilboðsverð frá kr. 299.900.-



TURIN stór og veglegur sófi með rafstillanlegum sætum og tungu Litir: Svart, hvítt og grátt Verð kr. 890.000.-



Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Ópið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00



Þá fór ég úr öllu nema nærbrókinni og gekk niður í anddyri þar sem var stór bar og pantaði mér mojito, allur útstunginn og hræðilegur.

Þá urðu þeir mjög veikir. Þá fór ég úr öllu nema nærbrókinni og gekk niður í anddyri þar sem var stór bar og pantaði mér mojito, allur útstunginn og hræðilegur. Fína fólkid fraus og allt í einu sá ég að lögreglan var að koma. Ég komst inn á herbergi og byrjaði að sturta dópinu niður klósettið þegar lögreglan braust inn og handtók okkur alla. Við biðum í haldi fyrir utan hótelið þangað til maður frá útgerðinni kom. Eftir að hann var búinn að tala við lögreglumennina kom hann til okkar og sagði okkur að koma okkur í burtu. Eftir þetta atvik rankaði ég við mér og fór til Svíþjóðar í meðferð. Ég þurfti að flýja land því að ég var orðinn eftirlýstur í undirheimunum út af þessu klúðri.

Hvað hefur yfirleitt valdið því að þú fellur?

„Aðallega að ég hef misst sjónar á boltanum. Ég þarf alltaf að vera meðvitaður um að halda mér hreinum. Þetta er mjög einfalt mál í rauninni og aðeins tvær leiðir í boði. Fólk í kringum mig er líka meðvitað um þetta og spyr mig ef ég er farinn að verða eitthvað skrytinn.“


Þakklæti og auðmýkt

Valgarður hefur nýlokið við tveggja vikna myndlistarsýningu í Gallerý Porti ásamt Sigtryggi Berg Sigmarssyni. Gekkt hún ljómandi vel og helmingur verkanna seldist. Valgarður hefur alla tíð teiknað og málað en ekki lært það í skóla.

Notar þú þína reynslu í sköpuninni?

„Já, hún hefur mótað mig og hefur áhrif á sköpunina. Ég er samt ekkert einsdæmi. Allt sem manneskjan gerir og hún lendir í, kemur aftur til hennar, þetta er hringrás. Á endanum eru það samt við sjálf sem ákveðum hvað við verðum, hvað við gerum og

Misnotaður af presti
„Georg vissi alveg hvað hann var að gera og hafði sennilega gert þetta oft áður.“



hver útkoman verður. Listin er útrás og flótti. Mjög ungur sá ég dökku hliðina á listaheiminum. Það var ekkert heillandi við það sem barn að vera fastur í fjögurra daga fylleríu í Flatey þar sem allir voru bæði fullir og í hassvímu,“ segir Valgarður og hlær. „Þegar ég fór í meðferðina ákvað ég að hætta allri sköpun. Hætti að skrifa, hætti að mála. Ég ætlaði ekki að fara inn í þetta volæði sem fylgdi listinni. Í listaheiminum sá ég líka ósvífna samkeppni, öfund og bakstungur. Ég sá fólk

sem var að búa til list fyrir eigið egó. Síðar lærði ég það að láta egóið ekki stjórna þessu. Maður verður að vera auðmjúkur og þakklátur fyrir að fá að iðka þetta og að fólk vilji njóta verkanna.“

Valgarður er á góðum stað í dag og tekur hverjum degi auðmjúkur. Hann hefur hins vegar áhyggjur af stöðunni varðandi fíkniefnaneyslu ungs fólks, hinn svokallaða læknaðópsfaraldur. Í dag þykir það venjulegt að unglingar byrji á neyslu morfínlyfja líkt og hann gerði fyrir rúmum

þrjátíu árum. Hann segir:

„Það skiptir engu máli hvernig persóna maður er. Það eru bara efnin sem stjórna manni. Ég hef gert hluti sem ég mun alla ævina þurfa að skammast mín fyrir og vinna í að gera gott úr. Það besta sem ég get gert er að vera ekki í neyslu og láta gott af mér leiða með því að hjálpa öðrum. Ég segi bara frá hlutunum eins og þeir eru í þeirri von að fólk geti séð og gert sér grein fyrir alvarleika málsins. Í dag eru mjög margir fíklar að verða til og það er að

mínu mati grafalvarlegt mál. Hreinlega upp á líf og dauða. Þegar ég var að byrja í neyslu höfðu flestir fíkniefnasalar þau prinsipp að selja ekki unglingsum. Núna er það prinsipp löngu farið.“ „Fólk leitar oft til mín. Þá ýmist fíklar, foreldrar þeirra eða fórnarlömb ofbeldis. Ég reyni að gera mitt besta til að hjálpa hverjum þeim sem leitar til mín. Það er mín leið til að borga til baka fyrir þann skaða sem ég olli sjálfum mér og umhverfinu. Þakklæti fyrir allt gott og slæmt.“ ■

REYKJAVÍK RAINCOATS
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM

ÚTSÖLUSTADIR
REYKJAVÍK RAINCOATS - HVERFISGATA 82
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖB

Castella
PIZZERIA

NÝJAR VÖRUR

HAMBORGARAR OG MEÐLÆTI

PANTAÐU
Á NETINU



KANIL BÁTUR

**ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR**

WWW.CASTELLOS.IS



DOLCE PIZZA



SÚKKULAÐI HÁLFMÁNI



LUX BORGARI



KEBAB PIZZA



OSTA STANGIR

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

MEÐ TÖSKU FULLA AF MÆJÓNESI

Sigríður Elva er ókrýnd mæjónesdrottning Íslands – Finnst sjálfsagt mál að bera mæjónes fram með öllum mat

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@div.is



Ég bara hreinlega veit ekki hvenær ástin á mæjónesi fæddist," segir fjölmiðlakonan Sigríður Elva Vilhjálmssdóttir og hlær. Það má með sanni segja að Sigríður Elva sé ókrýnd mæjónesdrottning Íslands en hún tengir þessa ást við þá staðreynd að hún hefur verið grænmetisæta í um 27 ár.

„Framan af, og jafnvel enn þann dag í dag, vildi það brenna við að það sem var í boði fyrir okkur grasæturnar var nákvæmlega það – sorgleg Iceberg-lauf og litlausir tómatar og ekkert. Mögulega tengist þetta því að þurfa að djúsa matinn aðeins upp. Ég hef verið þannig mjög lengi að ég get ekki borðað neitt sem er ekki með djúsi sósu. Svo er mæjónes bara svo ógeðslega gott. Hvernig er ekki hægt að elska eitthvað sem er hrein fita í formi flöfí, hvíts gúmmulaðis?“

Hamstrar lítil mæjónesbréf

Sigríður Elva er orðin alræmd fyrir þessa mæjónesást, enda er hún vanalega með töskuna fulla af litlum mæjónesbréfum sem hún rífur upp á mannamótum þegar vantar mæjónes í matargerðina.

„Ég á það til að vekja mikla gleði hjá samstarfsmönnum mínum þegar ég dreg upp litlu bréfin með mæjónesi og litlu dósina mína með salti ef mér er fært eitthvað óboðlegt á einhverjum veitingastað einhvers staðar. Ég hef ekki séð þessi bréf heima en þau eru á öllum betri búllum erlendis, að minnsta kosti sunnarlega í Evrópu. Þessi litlu, krúttlegu bréf, sem líta út eins og tómatsósubríf. Ég hamstra þau til að koma í veg fyrir yfirvofandi skort og hef oft verið með töskuna hálffulla af mæjónesi," segir Sigríður Elva létt í lundu.

Það er skrítið að við höfum ekki þroska til að færa okkur upp úr kokteilsósunni og í eitthvað kúltiveraðra

Fékk eitt og hálf kilo í gjöf

Svo mikla athygli hefur mæjónesástríðan vakið að yfirmaður hennar á útvarpsstöðinni K100, Auðun Georg, færði henni afar sérstaka gjöf fyrir stuttu.

„Tímamóttagjöfin sem Auðun Georg gaf mér þegar hann kom úr frí um daginn voru tvær 750 millilítra flöskur af Hellman's mæjónesi. Ég hélt að hann hefði í alvöru burðast með þetta frá útlöndum og hugsað til mín þegar hann sá Hellman's í súpermarkaði í Búdapest. En þetta voru víst leifar af Costco-innkaupum. Sjáðu til, hann og eiginkona hans eru með eðlilegt mæjónesmunstur og þurftu að kaupa heilan helling í Costco. Þá spurði konan hans hvort hann þekkti kannski einhvern sem gæti nýtt sér mæjónesið og þá stóð ekki á svörumum," segir mæjónesdrottningin. Tilfinningar hennar voru blendnar þegar henni var færð gjöfin góða.

„Fyrst hugsaði ég: Er verið að reyna að segja mér eitthvað með þessu? En hugsanlega er bara verið að tryggja að ég fari ekki í fylu í næsta hádegismat – mæjóneslaus og allslaus.“

En koma ofurstóru flöskurnar af mæjónesi nokkuð í staðinn fyrir fyrirnefnd bréf?

Sigríður Elva elskar mæjónes og alls kyns tæki.



„Ég er ekki alveg viss um að ég veki jákvæða athygli á sjálfri mér þegar ég dreg upp 750 millilítra flösku á næsta veitingastað. Það kemur ekki nógu vel út fyrir ímynd mína," segir hún og skellir upp úr.

Djúp og innileg vonbrigði

Sigríður Elva er hrifnust af Hellman's mæjónesi en tekur sig þó stundum til og býr til sitt eigið mæjónes.

„Mér finnst Hellman's alveg fínt. Ég er bara mjög sátt við það. Þannig að ég nenni ekki alltaf að búa til mitt eigið. Stundum hendi ég þó í mæjónes og nota til að mynda afgangsolíu úr fetaostskrukkum. Einhvern tímann átti ég ekki nóg af bragðlítilli olíu og hellti úr fetaostskrukkunni til að drýgja þetta og það var fínt," segir Sigríður Elva. Hún borðar nánast mæjónes

með öllu – frönskum, fransbrauði og salati svo dæmi séu tekin.

Hún segir það í raun hneisu að íslenskir veitingastaðir séu ekki meðvitaðri um ágæti mæjónes.

„Mér hefur alltaf liðið vel í Frakklandi og Ítalíu. Þar virðist ríkja almennur skilningur um að auðvitað áttu að bera mæjónes fram með öllu og auðvitað áttu að vera með mæjónes í morgunverðarhlaðborðinu. Þjóðverjar eru líka fínir í þessu. Margir veitingastaðir hérlendis sem henta grænmetisætum best bjóða upp á eitthvað hryllilegt eins og jógúrtsósu, sem siglir undir fölsku flaggi. Maður heldur að þetta sé einhver djúsi sósa en svo er þetta bara vonbrigði. Djúp og innileg vonbrigði. Þá er gott að vera með sitt eigið," segir hún og útilokar ekki frekari landvinninga í mæjónesheimin-



um í framtíðinni.

„Ég gæti lagst í mjög mikla rannsóknarvinnu á mæjónesgerð án þess að það færi mikið til spillis.“

En er mæjónes vanmetin matvara?

„Já, auðvitað. Það virðist vera að fólk hafi ekki skilning á því að það er hægt að hafa mæjónes með öllu. Þjóðin elskar bearnaise-sósu, sem er í raun bara mæjónes með smjöri, þannig að það er skrítið að við höfum ekki þroska til að færa okkur upp úr kokteilsósunni og í eitthvað kúltiveraðra.“

Saumastofa
ÍSLANDS



TÖKUM AÐ OKKUR MERKINGAR
OG FATAVIÐGERÐIR

EINNIG FRAMLEIÐSLU Á MINNI OG STÆRRI VERKEFNUM

MALARHÖFÐA 2, 110 REYKJAVÍK

Hér fylgir uppskrift að einföldu mæjónesi frá matarvef DV sem vonandi er nógu góð til að svala mæjónesþorsta Sigríðar Elvu.

Skothelt mæjónes

Hráefni:

- 1 stórt egg við stofuhita
- 1 msk. Dijon-sinnep
- 1 msk. hvít- eða rauðvínседik
- 1/4 tsk. salt
- 240 ml bragðlítill olía
- 1 tsk. ferskur sítrónusafi

Aðferð:

Setjið egg, sinnep, edik og salt í matvinnsluvél og vinnið saman í 20 sekúndur. Hreinsið hliðar skálarinnar og kveikið aftur á vélinni. Bætið olíunni ofurhægt við, bara einn dropa í einu þar til fjórðungur af olíunni er búinn að blandast saman við. Þá takið þið eftir að blandan byrjar að þykkna. Haldið áfram að blanda olíu saman við, nú í þunnri bunu. Þegar öll olían er komin í matvinnsluvélina þá hreinsið þið hliðar skálarinnar og blandið

saman í tíu sekúndur til viðbótar. Smakið mæjónesið til og bætið salti, sítrónusafa eða jafnvel meira ediki við eftir smekk.



DUNDERDON

Snickers
WORKWEAR



Framúrskarandi
fyrirtæki



Nú fást

Snickers
WORKWEAR

vinnuföt í

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Mikið úrval af öryggisvörum

uvex

MILLER

OTTER

TOE GUARD

SOLID GEAR

Honeywell


Hultafors

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

HILTI

Verkfæri og festingar

Tímarvélín



NAFNLAUS TÖLVUPÓSTUR OLLI USLA Í AÐDRAGANDA BISKUPSKJÖRS

■ Dulnefnið Eðvald Eðvaldsson ■ Hitafundur á Suðurlandsbraut ■ Kæra til lögreglu

Kristinn Haukur Guðnason
Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson
kristinn@dv.is / bjartmar@dv.is



Árið 2011 urðu mikil innan-hússátök innan kirkjunnar vegna nafnlausra hótunarbréfa sem bárust til þriggja presta. Voru þau send úr netfangi sem eignað var huldumanninum Eðvaldi Eðvaldssyni. Ljóst var að sendandinn þekkti vel til innviða kirkjunnar og var að öllum líkindum prestur. Málið var kært til lögreglunnar á sínum tíma en fór ekki lengra vegna þess að það var ekki talið vera nógu alvarleg hótun til að rannsaka frekar. Þólandanum sem kærði fannst það mjög miður enda pósturinn mjög rættinn.

Þessi bréf hafa verið sett í samhengi við kjör til biskups en Karl Sigurbjörnsson var á þessum tíma að hætta eftir mikla gagnrýni vegna meðhöndlunar á máli forvera síns, Ólafs Skúlasonar. Prestarnir þrír höfðu allir gagnrýnt yfirvöld kirkjunnar fyrir það hvernig tekið var á málinu. Tveir af þeim voru sterkelega orðaðir við embætti biskups og fóru loks í framboð árið 2012.

Þegar prestar voru farnir að kalla aðra til ábyrgðar fyrir póstin sendi Karl boð um að sakbendingu yrði hætt og var málið þaggað niður, mörgum til ama. Hvorugur framboðandinn sem fékk bréf frá Eðvaldi Eðvaldssyni náði í aðra umferð biskupskjörs. Allir þrír búa nú erlendis.

Séra Örn sakaður um að „rýma sviðið“

Málið hófst á þjóðhátúðardaginn árið 2011 þegar séra Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur í Neskirkju, fékk tölvupóst frá netfanginu edvaldedvaldsson@gmail.com sem einkenndist af mikilli vandlætingu. Virtist bréfið skrifað sem viðbragð við grein Arnar í Fréttablaðinu þann sama dag þar sem Örn gagnrýndi forseta kirkjuþings og séra Karl Sigurbjörnsson vegna viðbragða við skýrslu rannsóknarnefndar kirkjuþingsins um vinnubrögð við meðferð kynferðisbrota.

Á þessum tíma var mál séra Ólafs Skúlasonar, forvera Karls í embætti, í hámmæli og þáttur Karls í því máli. Fjöl margar konur stigu fram og

lýstu kynferðislegri áreitni og ofbeldi Ólafs í gegnum tíðina, þar á meðal dóttir hans, og var Karl harðlega gagnrýndur fyrir að hafa ekki tekið á þeim málum. Árið 2011 var Karl á leiðinni úr embætti og biskupskosningar í aðsigi. Í tölvupóstinum stóð meðal annars:

„Ég veit að þú hefur í samræðum við fólk sem ég þekki haft orð um að þú ættir erindi á biskupsstól. Ber að skilja þessa grein þannig að þú þurfir að rýma sviðið svo þú komist að? Aldrei hefði ég trúað því á æðsta kennimann Frímúrararæglunnar að hann gengi í lið með Sigríði Guðmarsdóttur sem virðist vera æðsti prestur haturs og hefndar á Íslandi.“

Sr. Karl mun ekki sitja lengi. Hann hefur lýst því yfir. Þið getið ekki unnt honum að fara í friði eftir að nauðsynlegar úrbætur hafa verið gerðar á skipulagi kirkjunnar.

Dettur þér í hug að allir rýtingarnir sem þið prestar berið jafnan fari ofan í skúffu ef Sr. Karl er hrakinn burt og einhver gliðstakur kosinn í staðinn?“

Í bréfinu var enn fremur sagt að sendandi hefði atkvæðisrétt í biskupskosningum og að hann óttaðist að kirkjan liðaðist í sundur fljótlega vegna sundurlyndis og blindum metnaði klerkastéttarinnar.

„Ég er ekki viss um að venjulegt kristið fólk vilji vera í svona liði. Til hamingju með þjóðhátúðardaginn og þitt framlag til dagsins. EE“

Auga fyrir auga og allt það

Degi seinna fékk séra Kristín Þórunn Tómasdóttir, héraðsprestur í Kjalarnesprófastsdæmi, sendan tölvupóst frá téðum Eðvaldi og var hann öllu rætnari og með kynferðislegum undirtón. Í póstinum var sagt að hann væri viðbragð við grein Kristínar sem birtist á svokölluðum prestatista. Í pósti Eðvalds stóð:

„Ég hélt að þú værir ekki jafn heiðin og sumir aðrir félagar okkar þar (á prestatistanum). Heiðin í þeim skilningi að þrá blóðförn til að friðþægja lýðinn. En nú veit maður að þig þyrstir í blóð. Þetta hefði maður svo sem átt að vita miðað við hvernig þú hefur komið fram við presta í prófastsdæminu.“

Enn fremur:

„En fyrirgefðu þú hefur ekki unnið

sem prestur er það. Þú ert einn best menntaði ritari sem um getur. Ritari í „Kjalarnesbiskupsdæmi.“ Varðhundur prófasts sem vilt ekki nein opin skoðanaskipti á fundum í héraði þar sem þú skrjár fundargerðir. Þetta er búið að vera kósi hjá þér er það ekki. Margar utanlandsferðir á kostnað héraðssjóðs. Ekki aðeins fyrir þig heldur fyrir þig og þína elskhuga sem gjarnan koma til að taka myndir.“

Enn fremur:

„Nú ert þú í hópi þeirra sem eru með rýtinginn á lofti. Dettur þér í hug ef ykkur tekst að slátra Karli að rýtingarnir verði allir lagðir til hliðar? Nei það verða bara aðrir með þá og beita þeim á þá sem þarf að hefna sín á fyrir víg Karls.“

Er ekki betra að lofa karlinum að halda ræðu á næsta kirkjuþingi, taka þátt í að koma breytingum í farveg og ganga svo út uppréttur. Verður þá ekki minni ástæða til bræðravíga og aðeins meiri von um málefnalega kosningabaráttu um embætti biskups. Kannski getum við sameinast um góða konu.“

Pósturinn var langur, ítarlegur, rættinn og persónulegur. Í lokin stendur:

„Ef þú ert að velta því fyrir þér af hverju ég skrifa ekki undir nafni þá er einföld ástæða fyrir því. Ég þarf að sækja stuðning frá stað þar sem þú hefur áhrif og ég óttast hefnd þína. Mun tjá mig síðar beint við þig. Sennilega þegar uppgjör hentar þér ekki og ég finn hjá mér þörf til að viðra mig. Þú manst. Auga fyrir auga og allt það.“

Póttist vera í Vantrú

Þriðji presturinn fékk tölvupóst frá Eðvaldi á þessum sama tíma, séra Sigríður Guðmarsdóttir í Grafarholtskirkju, sem er kölluð „prestur haturs“ í báðum hinum skeytunum. Pósturinn til Sigríðar var þó af öðrum meidi og mun styttri. Þar stóð:

„Ég vil fyrir hönd Vantrúar þakka þér fyrir. Þér hefur tekist að valda ríkiskirkjunni meira tjóni en okkur öllum. Það er frábært að sjá hve staðföst þú ert í að losa okkur við þessa óværu sem kirkjan er.“

Ef allt gengur svona vel þá þarf ekki að pirra sig neitt um jólin. Frábært ef þú getir losað okkur líka við

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



Agnes M. Sigurðardóttir
Var kjörin biskup vorið 2012.



Örn Bárður Jónsson
Skrifaði pistil í Fréttablaðið sem vakti reidi „Eðvalds“.



Kristín Þórunn
Fékk svæsin tölvupóst og kærði til lögreglu.



Magnús E. Kristjánsson
Mætti Erni Bárði á Suðurlandsbraut.



Skúli S. Ólafsson
Neitaði einnig að hafa skrifað bréfin.

messur í útvarpi.

Bestu þakkir og „keep up the good work.“

Fyrir hönd Vantrúar, Eddi.

Ps. Mig langar svo að þakka þér persónulega. Yngri bróðir minn sem því miður trúir á Guð og allt þetta dót býr í hverfinu hjá þér.

Hann er hættur að fara í messu, þökk sér þér. Kallar þig æðsta prest haturs og hefndar og vill ekki taka við sakramenti úr slíkri hendi.“

Ljóst var að bréfið kom ekki frá Vantrú heldur einhverjum sem þekkti vel til innviða Þjóðkirkjunnar. Þann 21. júní sóru Vantrúarmenn sig af því að eiga hlut að máli.

Tengir við biskups málið

Ekki er vitað um meiri tölvupóst til presta frá Eðvaldi Eðvaldssyni og af þessum var pósturinn til séra Kristínar alvarlegastur og rætnastur. Hún brást einnig við honum. Í samtali við DV segir Kristín:

„Strax og ég fékk bréfið sendi ég það á póstlistann til að aðrir prestar sæju það. Ég vildi hafa allt opið í sambandi við þetta. Þá fékk ég sterk viðbrögð frá mínum kollegum og mörgum var misboðið við að lesa bréfið.“

Hvernig fékk þetta á þig?

„Þetta var svoltítt áfall. Ég dró þá ályktun að þetta væri einhver sem hefði aðgang að lokuðum póstlista sem starfandi prestar í Þjóðkirkjunni á þeim tíma hefðu sín á milli. Bréfið var sent mjög stuttu eftir að ég hafði sett efni inn á þann póstlista og það var greinilegt að þessi aðili var inni í þeim málum sem var verið að ræða þar. Það fékk á mig að vita að þetta væri kollegi eða einhver sem tengdist kollega. Þetta var mjög rætið bréf og virtist skrifað af einhverjum sem þekkti til mín og samstarfsfólks míns.“

Hvaða tilgangi heldur þú að þetta hafi þjónað?

„Kannski að slá á einhverja putta í tengslum við biskups málið. Ég hafði tekið afstöðu og staðið með þeim konum sem sögðu frá áreiti af hálfu Ólafs Skúlasonar“

Kristín, líkt og Sigríður og Örn Bárður, tilheyrði á þessum tíma „órólegu deildinni“ innan presta-stéttarinnar og hafði gagnrýnt Karl Sigurbjörnsson fyrir viðbrögð hans.

„Ég tengdi við þetta mál og velti því fyrir mér hvort sendandinn væri einhver sem taldi að sér vegið. Mögulega einhver tengdur fyrrverandi biskupi.“

Á sínum tíma greindi DV frá því að Kristín hefði leitað til lögreglunnar vegna póstsins, sem hún hafði upplifað sem mikið ofbeldi. Kristín segir nú að ekkert hafi hins vegar komið út úr því.

„Ég hafði samband við lögregluna en eftir nokkur samtöl var mér sagt að bréfið væri ekki nógu alvarlegt til að þeir gætu krafist upp-

lýsinga frá Google, að hótanirnar gengju ekki nógu langt. Þetta fannst mér stórt af því að mér fannst langt gengið.“

Örn og Magnús hittast

„Eðvalds málið“ var mikið rætt á meðal presta og var það tekið fyrir hjá prófasti og vinnuhópi. Örn Bárður skrifaði bréf þar sem honum hafði brugðið við að sjá nafn Magnúsar Eðvalds Kristjánssonar á lista yfir kirkjuþingsmenn. Magnús er núverandi forseti kirkjuþings og þáverandi varaforseti. Faðir hans er Kristján Eðvald Halldórsson. „Þarna var þá kominn Eðvald Eðvaldsson sjálfur að því er ætla mætti,“ skrifaði Örn Bárður.

Magnús hafði samband við Örn Bárð og sagðist þurfa að tala við hann „og horfa í augu“ hans. Hittust þeir fyrir utan Suðurlandsbraut 20 og ræddu málin á fundi, og samkvæmt heimildum DV var mönnum heitt í hamsi. Hafnaði Magnús þá alfarið að hafa skrifað tölvupóstinn og sagðist Örn Bárður verða að trúá því.

Það segir einnig ónefndur prófastur sem var einn af þeim sem rannsökuðu málið í samtali við DV og spurði Magnús út í tölvupóstinn:

„Við héldum fund með þeim sem okkur þótti líklegir. Við fengum engan til að játa það að hafa sent þessi bréf. Niðurstaðan var einfaldlega sú að einhver hefði notað þetta netfang án þess að eigandi þess hefði verið á nokkurn hátt viðriðinn þetta mál. Það var í sjálfu sér ekkert leyndarmál að Magnús ætti netfangið, það benti allt til þess. En okkur fannst það ólíklegt að hann hefði komið nálægt þessu sjálfur. Maður veit ekki hvað gerist og hvernig vinskapur er á milli manna. Það kom aldrei nein niðurstaða í þetta mál.“

Í samtali við DV segist Magnús kannast við málið af því að það hafi hlotið umræðu á sínum tíma.

Kannast þú við fund sem var haldinn út af þessu máli, þar sem þú varst spurður út í það mál?

„Nei, ég man ekki eftir því. Ég var spurður um þetta vegna þess að ég er Eðvaldsson, en ég man ekki eftir neinum fundi.“

Magnús viðurkennir að prestur hefði borið þetta upp á hann.

„Hann var eini maðurinn sem hafði raunverulega, sem ég vissi, ætlað mér að standa í bréfaskriftum.“

Átt þú þetta netfang?

„Nei, ég hef aldrei viðurkennt það því að ég hef aldrei átt þetta netfang. Það var aldrei gengið frá því, ég hefði aldrei verið kosinn forseti kirkjuþings árið 2012 ef að ég hefði verið í þeirri stöðu.“

Biskup skipar fólki að hætta sakbendingum

Öðru nafni sem velt var upp var nafn séra Skúla S. Ólafssonar í Keflavíkirkju, sonar Ólafs Skúlasonar, fyr-

verandi biskups, og eiginmanns Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur lög- reglustjóra. Hafði hann haldið uppi vörnum opinberlega fyrir föður sinn og meðal annars komið fram í kastljósi og sagt minningar systur sinnar um kynferðisofbeldi vera falskar. Var hann beðinn að taka ekki sæti á kirkjuþingi fyrir Kjalarnesprófastsdæmi þar sem mál Ólafs var rætt. Kristín tók sæti hans á þinginu í staðinn.

Svaraði hann sendingu Kristínar á prestatilistann með þeim orðum að sendingin frá Eðvaldi væri döpur en nafnleysið í samskiptunum væri „blessunarlega alger undantekning.“ Væri þetta því einstakt tilvik og frekar ætti að einbeita sér að einhverju sem efldi kirkjuna.

Netfangið edvaldedvaldsson@gmail.com fannst á Facebook-auglýsingu hjá samtökum sem kallast Virkjun mannauðs á Reykjanesi, sem Skúli hefur starfað með og haldið fyrirlestur fyrir.

Skúli staðfestir í samtali við DV að hann hafi verið spurður hvort hann hefði haft aðkomu að tölvuskeytnum undir nafni Eðvalds Eðvaldssonar en hafnar því alveg.

„Þetta var mjög óhuggulegt því að í einhverjum bréfunum voru hótanir,“ segir Skúli. „Ég sór af mér alla sök í þessu máli enda kom ég ekkert nálægt þessu.“

Þann 21. júní sendi svo Karl Sigurbjörnsson skilaboð til presta í gegnum prestatilistann þar sem hann bað um að sakbendingum yrði hætt. Þar segir:

„Í Guðs bænnum hættið þessum sakbendingum hér á listanum. Gætið þess að það er verið að bendla fólk, sem ekki getur svarað fyrir sig, við þetta sorglega mál. Þetta er komið út yfir öll velsæmismörk.“

Var Örn Bárður mjög ósáttur við að málið yrði þaggað niður og sagði: „Nú biður biskup okkur um að hætta þessum leik. Slíkt er varla hægt. Við verðum að svæla út þá refi tvo sem hér eru sekir.“ Taldi Örn Bárður að gerendurnir væru tveir, annar sem skrifaði og hinn sem læki upplýsingum af prestatilistannum.

„Og það er skýlaus skylda biskupsembættisins að upplýsa málið eða gangast fyrir því að það verði upplýst. Á meðan það gerist ekki liggur öll prestastéttin undir grun.“

Málið var einnig tekið fyrir á fundi Prestafélagsins sem haldinn var á Akureyri en samkvæmt heimildum DV komu skipanir þar um að málið yrði ekki rætt frekar.

Biskup kjörinn

Eðvalds málið hefur verið sett í samhengi við biskupskjör enda eru biskupsskipti beinlínis rædd í tölvupóst-

„Mun tjá mig síðar beint við þig. Sennilega þegar uppgjör hentar þér ekki og ég finn hjá mér þörf til að viðra mig“

inum frá hinum nafnlausu aðila. Tveir af þeim þremur prestum sem fengu sendingarnar, voru orðaðir við biskupsembættið þegar ljóst var að Karl væri að láta af störfum.

Um veturinn var boðað til biskupskjörs og fór það fram vorið 2012. Sigríður og Örn Bárður buðu sig fram ásamt sex öðrum. Hvorugt þeirra komst í aðra umferð en þar sigraði séra Agnes Sigurðardóttir séra Sigurð Árna Þórðarson þann 25. apríl.

Enginn af prestunum þremur er búsettur á Íslandi í dag. Sigríður og Örn Bárður fluttust til Noregs og Skúli tók við brauðinu í Neskirkju af honum. Kristín er búsett í Genf í Sviss. ■

HÁDEGIS TILBOÐ VIRKA DAGA
GRILLAÐ ÞORSKSPIJÓT, HUMARSÚPA & BRAUÐ
2.850

EILÍF HAMINGJA

Sægreifinn
Við gömlu höfnina



41 ÁR FRÁ UPPHAFI TVEGGJA TÍMAMÓTAGEIMFERÐA

■ Voyager I og II ■ Eru enn að senda upplýsingar til jarðarinnar

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Þann 20. ágúst 1977 var geimfarinu Voyager 2 skotið á loft og þann 5. september sama ár var röðin komin að systurskipinu Voyager 1. Voyager 1 var skotið síðar á loft en kom engu að síður fyrir að gasrisanum Júpiter en systurskipið. Þetta var gert með því að láta Voyager 1 fara hraðari braut til Júpiter. Þegar þangað var komið 1970 hófust vísindalegar uppgötvunar geimfarsins. Það var bandaríska geimferðastofnunin NASA sem stóð á bak við þessa leiðangra.

Markmiðið með ferðum Voyager-geimfaranna var að rannsaka ystu plánetur sólkerfisins. Að því loknu tóku geimförin stefnu út úr sólkerfinu og eru nú órafjarri jörðinni. Til að fylgjast með ferðum geimfaranna og taka við upplýsingum frá þeim var notast við þrjár stöðvar hér á jörðu niðri, þekktar sem Deep Space Network.

Ein þeirra er í Madrid á Spáni, ein í Goldstone í Kaliforníu og ein í Canberra í Ástralíu. Þangað senda þau stöðugt upplýsingar um ferðir sínar og niðurstöður mælinga sem þau gera.

Aðalverkefni Voyager-geimfaranna var að fljúga að Júpiter og Satúrni og rannsaka pláneturnar. Ef vísindaleg markmið næðust átti Voyager 2 að fljúga áfram að Úranusi og Neptúnusi. Geimförin áttu að taka ljósmyndir og safna ýmsum vísindalegum gögnum og senda til jarðar. Þau verða seint talin frek á orku því við þetta notuðu þau jafn mikið rafmang og ljósapera í ísskáp þarf. Þyngdarafli plánetanna var síðan notað til að koma geimförum áfram og til næsta áfangastaðar.

Fyrstu nærmyndirnar af Júpiter

Þegar Voyager 1 kom að Júpiter sendi geimfarið fyrstu nærmyndirnar af plánetunni og tunglum hennar til jarðar. Rosaleg óveðurskerfi á Júpiter, eldgos á Io, sem er

eitt tungla Júpíters og vísbendingar um að undir frosnu yfirborði tunglsins Evrópu væri fljóttandi vatn var meðal þess sem vísindamenn sáu á myndunum. Auk þess uppgötvuðu geimförin 24 ný tungl á braut um ystu plánetur sólkerfisins.

Þegar geimförin höfðu sveimað um Júpiter var röðin komin að Satúrni og Voyager 1 var látið fara nærri Titan, hinu risastóra tungli Satúrnis. Að því loknu var Voyager 1 látið fara áfram í norðurátt, hærra en brautir plánetanna. Voyager 2 var síðan látið hefja ferð lengra út í sólkerfið til að heimsækja tvo gasrisa til viðbótar, Úranus og Satúrni. Geimfarið kom að Satúrni 1981 og Úranusi 1986. Árið 1989 var röðin síðan komin að heimsókn til Neptúnusar. Þegar Voyager 2 kom að Úranusi voru merkin, sem bárust til jarðar, orðin mun veikari en þegar geimfarið var við Satúrni. Það leit því ekki vel út með að geta verið í sambandi við geimfarið þegar það kæmi að



Júpiter Nærmyndir frá Voyager

Neptúnusi. NASA neyddist því til að láta smíða stærri loftnet fyrir móttökustöðvarnar hér á jörðinni. Það þýddi einnig að þá væri hægt að vera í sambandi við geimförin þegar þau færu út fyrir ystu pláneturnar.

Daufi blái punkturinn

Árið 1990 tók Voyager 1 eina mögnuðustu og frægustu mynd sem tekin hefur verið utan úr geimnum. Á henni sést jörðin í órafjarlægð, sem lítill og fólur blár punktur. Þetta var gert að frumkvæði hins heimspekta stjörnufræðings Carls Sagan. Hann sagði að þessi mynd ætti að hvetja mannkynið til „að vernda og varðveita þennan föla bláa punkt, einu heimkynnin sem við höfum nokkru sinni þekkt“.

Bæði geimförin eru nú órafjarri plánetunum í sólkerfinu og stefna í mismunandi átt frá sólkerfinu okkar. Þau senda enn gögn til jarðar og svara þar með spurningum sem við vissum ekki að við þyrftum að spyrja þegar þeim var skotið á loft. Það er stöðin í Canberra sem annast samskiptin við Voyager 2 því hún er eina stöðin sem getur gert það vegna stefnu geimfarsins sem stefnir í suður frá sólkerfinu. Vegna þess hversu fjarri jörðinni geimförin eru eru merkin frá þeim mjög dauf.

Árið 2012 var Voyager 1 fyrsta geimfarið til að yfirgefa sólkerfið og halda út í milligeiminn, svæði á milli stjarna í Vetrarbrautinni. Í milligeimnum gætir áhrifa sólarinnar okkar ekki lengur og rannsakar Voyager 1 því þetta áður óþekkt svæði.

Ferð beggja geimfaranna hef-

„Þegar næsti áratugur er liðinn verða bæði geimförin orðin straumlaus.“

ur verið söguleg og hefur markað mörk tímamót í geimrannsóknunum. Geimförin eru ekki stór, á stærð við litlar rútur og með takmarkaðan tölvubúnað ef miðað er við það sem er í boði nú. Ekki má gleyma að um borð í báðum geimförum eru gullplötur, svipaðar og vínplötur, sem innihalda eina og hálf klukkustund af tónlist og kvæðjum frá mannkyni en þær eru settar fram á 55 tungumálum. Einnig eru leiðbeiningar um hvernig á að spila plöturnar og kort sem sýnir staðsetningu jarðarinnar í Vetrarbrautinni okkar.

Þegar næsti áratugur er liðinn verða bæði geimförin orðin straumlaus, vísindabúnaður þeirra óvirkur og þau geta ekki lengur sent skilaboð til jarðarinnar eða tekið á móti skilaboðum. Þau munu samt sem áður halda för sinni áfram um óravíddir geimsins og leggja að baki rúmlega 17 kílómetra á sekúndu. Eftir 40.000 ár fer Voyager 2 framhá næsta sólkerfi við okkar, í nokkurra ljósára fjarlægð. Það munu líða 296.000 ár þar til Voyager 1 fer framhá hinni björtu stjörnu Sírius. Ekki er hægt að útiloka að Voyager-geimförin muni síðan halda för sinni áfram í milljarða ára.■

Útifuglafóður

Mikið úrval, gott verð

gæludýr.is

Smáratorg · Bildshöfði · Grandi · Hafnarfjörður

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Vill að áhorf- endur þjáíst



Rændi 800 þúsundum af perra á síðasta ári ■ Porsteinn trylltist á setti ■ Klipparinn byrjaði að nota fíkniefni

Kvikmyndin Lof mér að falla og þættirnir Lof mér að lifa hafa verið áberandi í umræðunni upp á síðkastið. Lof mér að falla er tvær myndir, sem leiðast út í grimman heim fíkniefna og ofbeldis og Lof mér að lifa eru tveir þættir sem voru sýndir á RÚV og fjölluðu um sannar sögur íslenskra kvenna sem voru vafðar inn í myndina. Það er einmitt það sem Lof mér að falla hefur verið sérstaklega lofuð fyrir, hún er raunveruleg, og það er ekki verið að skafa af neinu.

Í ár hefur umræða um ofkömmun lyfja og annars konar

fíkniefnaneyslu verið hávær og því pössuðu myndirnar við umræðuna eins og flís við rass. Baldvin Z leikstýrði myndinni. „Ég hef aldrei unnið í bíómynd þar sem við grétum jafnoft á setti. Til dæmis atriðið þegar Magnea og Stella hittast á ganginum á Stígarmótum, þegar búið var að lemja Magneu og Stella krýpur fyrir framan hana og spyr hvort hana vanti aðstoð. Eftir tókur voru bæði leikarar og tökulið grátandi. Það lifðu sig allir svo inn í þessa sögu.“

Baldvin reyndi einmitt að vinna með það. Í atriði þar sem Doddi, sem er leikinn af Guðjóni Davíð Karlssyni, Góa, hreytir í foreldra

Stellu: „Eru þið að leita að litlu rauðhærðu pussunni?“ trylltist Porsteinn Bachmann sem fór með hlutverk föður Stellu.

„Þá hafði ég hlaupið að Góa og sagt honum að segja þetta. Ég geri þetta til að fá alvöru viðbrögð frá leikurunum. Þetta virkaði alltof vel því Steini missti stjórn á sér. Hann eyðilagði atriðið því hann tryllist. Hann varð svo reiður þegar Gói sagði þetta að hann fór bara að grenja og óskra. Þetta er ógeðsleg setning.“

Verkefnið er búið að vera sjö ár í vinnslu, eða allt frá því að Baldvin Z, leikstjóri myndanna, fékk tilboð um að gera forvarnarverkefni



Úr kvikmyndinni Lof mér að falla

gegn fíkniefnum. Kvikmyndin er byggð á ævi Kristínar Gerðar sem hafði eytt mörgum árum í fíkniefnaneyslu og vændi áður en hún fyrirfór sér aðeins 31 ára gömul.

verulegt og sögurnar eru sannar. Þetta er ekki bara bíómynd sem gerist bara á tilbúnu leiksetti.“

Klipparinn byrjaði að nota fíkniefni

Sigurbjörg Jónsdóttir, sem klippti meðal annars myndina Vonarstræti, átti að klippa Lof mér að falla. Hins vegar hafði hún lengi átt við fíkn að stríða og var því miður ekki edrú þegar verkefnið Lof mér að falla fór af stað.

„Hún er rosalega reið við mig og finnst að ég hafi hrifsað myndina af henni. En ég gat ekki ráðið hana í vinnu þegar hún var í neyslu.“

Þótt Sigurbjörg, eða Sibba eins og hún er oft kölluð, hafi skilað af sér frábæru verki þegar hún klippti Vonarstræti, var ferlið brjálæðislegt og erfitt að sögn Baldvins, vegna þess að hún féll áður en hún lauk við að klippa myndina. „Þetta voru þrettán mánuðir af einhverju brjálæði með yndislegum tíma í bland, en hún skilaði af sér snilldarverki. Hins vegar get ég ekki skilað mögnumum bíómyndum og verið stöðugt úrvinda og taugahruga eftir á. Þetta er nógu flókið fyrir.“

Rætt var við Sibbu í þáttunum Lof mér að lifa þar sem hún lýsir því að hún sé með svokallaðan „Ferrari“-heila. Það er þekkt að krakkar sem eru mjög ofvirkir eða orkumiklir hrífist af heimi fíkniefna eða villist á þær slóðir og eigi erfitt með að rata aftur heim. „Hún vissi frá fjórtán ára aldri að þetta væri hennar leið. Það hefði þurft að grípa strax inn í hjá henni á mjög róttækan hátt. En það er að sjálfsgöðu flóknara en að segja ▶

Vill að áhorfendur þjáíst

Fyrst þegar Baldvin fór að segja fólki sögurnar úr dagbókum Kristínar þá trúði honum enginn. „Fólk hélt ég væri að ýkja. Ég trúði því varla sjálfur að fíkniefnaheimurinn á Íslandi væri svona grófur. Þegar ég kynntist stelpunum sem ég tók viðtöl við, komu jafnvel verri sögur.“

Þegar við vorum að skrifa handritið þá hafði ég upplifun mína við að lesa dagbækur Kristínar Gerðar í huga. Ég vildi að áhorfendur upplifðu sömu tilfinningar. Ég vildi gera langa mynd og ég vildi að áhorfendur þjáðust á myndinni. Þeir færu í tilfinningarússíbana sem myndi halda þeim eins lengi og mögulegt væri, og færu síðan miður sín út af myndinni. Því þannig líður fólki sem er í harðri neyslu. Þannig líður aðstandendum þeirra.“

„Maður veit aldrei hvenær maður er að ýta krökkum yfir línuna“

Hvort Lof mér að falla hafi forvarnargildi segir Baldvin að hann efist ekki um að hún hafi einhvers konar forvarnargildi. En það sé ekki einföld umræða.

Það er ekkert rómantískt og enginn töfraljóni yfir því sem er að gerast í myndinni. „Með þáttunum Lof mér að lifa er myndin tengd raunveruleikanum enn frekar. Fólk sér þá að þetta er raun-

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER



ÁLKLÆÐNINGAR &
UNDIRKERFI



HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

Lækkaðu símakostnaðinn



LEIGA Á SÍMKERFI - ÓTRÚLEGA EINFALT

Heildarlausn fyrir þitt fyrirtæki

Þú lækkar símakostnað verulega með því að leigja símkerfi hjá okkur og láta okkur fara yfir síma- og fjarskiptamál fyrirtækisins - **Hentar öllum stærðum fyrirtækja.**



- Lægri símtalskostnaður
- Hægt að tengjast kerfi óháð staðsetningu
- Hægt að nota í farsíma
- Yfirsýn yfir símsvörun fyrirtækisins
- Öflugt skýrslukerfi
- Hjálparsvörun og þrepaval
- Hægt að taka upp öll símtöl
- Samtenging við Outlook, G-mail o.fl.
- Hóteleining


UMSAGNIR ÁNÆGÐRA VIÐSKIPTAVINA

Í yfir 20 ár hefur Boðleið séð okkur fyrir símkerfisþjónustu með einstakri þrýði. 3CX hefur opnað fyrir okkur möguleikann til að starfa og hafa númer í nær hvaða landi sem er. Starfsmenn geta verið í innanhús símasambandi hvar sem er í heiminum á nær hvaða mobile tæki sem er, sem hefur minnkað símkostnað innanlands og til útlanda til muna. Einnig höfum við geta boðið viðskiptavinum og samstarfsaðilum mun lægri kostnað á innhringingum. Kerfið hefur tekið miklum framförum frá því við tókum það í gagnid og virðast þeir skilja vel að til þess að komast á toppinn þarf að hlusta vel á viðskiptavinum og endursöluáðila. Allar leiðbeiningar fyrir notkun og stýringu á kerfinu er frítt og hægt að nálgast á vefnum þeirra. Umsjón með kerfinu, dreifing á clientum, uppsetning og varakerfi er loksins á færi kerfisstjóra fyrirtækja en ekki í höndum fárra sérfræðinga og kostnaðurinn á kerfinu er ótrúlega lítill miðað við virkni þess. Starfsmenn Boðleiðar hafa sýnt fram á gríðalega þekkingu á kerfinu og hafa alltaf verið til staðar þegar þörf hefur verið á. **3CX er tær snilld.**

Sveinn Kristinsson
Netstjóri / Network administrator
VALITOR

Pantaðu fund
með ráðgjafa og sjáðu
hvað þitt fyrirtæki sparar
Sími: 535 5200





Sigurbjörg í viðtali í Lof mér að lifa.

„Ef þið spilið í bljúgri bæn í jarðarförinni minni þá geng ég út“

það, hvernig þú heldur þeim réttum megin, hvort þú viljir hafa þau nálægt þér eða hvort þú viljir loka þau af. Þetta er ógeðslega erfitt.“

Sibba er hins vegar ekki eina konan sem þekkir heim fíkniefna og ofbeldis á Íslandi. Þóra Björg Sigríðardóttir er önnur kona sem rætt var við fyrir gerð myndarinnar, og er í Lof mér að lifa. Hún var fyrirmynd Stellu þegar hún var yngri.

Stella eldri og Magnea eldri eru svo báðar byggðar á Kristínu Gerði, en saga Kristínar Gerðar er náttúrliga aðalástæðan fyrir því að myndin varð til. Þannig var málið að Kristín Gerður var í mikilli neyslu og vændi. Hún á hryllilega ljóta sögu að baki. En þegar hún var komin á þrítugsaldurinn náði hún að verða edrú. Á næstu árum var hún með forvarnarfræðslu fyrir krakka um hættur fíkniefnaheimsins. Draugar og djöflar úr fortíðinni vildu ekki sleppa henni og á endanum yfirbuguðu þeir hana. Og Kristín framdi sjálfsvíg aðeins 31 árs að aldri.

Allar lentu í kynferðisofbeldi

Það að heyra allar þessar grófu

sögur frá dagbókum Kristínar Gerðar, sögur frá Þóru Björgu og fleirum, tók svo sannarlega á. „Ég fann það ekki fyrr en við kláruðum myndina hvað ég var búinn á því. Ég get ekki meira í bili, sem er svo eigingjarnt því ég er ekki sjálfur að lenda í neinu, ég er bara að heyra sögur annarra. Hvað með þær sem upplifa þetta?“

Á meðan myndin var í vinnslu segir Baldvín að hann hafi náð að stilla sig af og komið fagmannlega að verkinu. „Þetta er bara vinna eins og hver önnur. En núna nýlega þá keyrði ég á vegg. Ég er búinn að innbyrða allar þessar sögur, allar þessar áhyggjur, búinn að vera með þessum stelpum í mörg ár og hef átt í alls konar samskiptum við þær daga og nætur.“

Baldvín segir að frumsýningin hafi verið sérstaklega erfíð. „Þóra Björg kom útúrðopuð á sýninguna. Hún segir að hún hefði ekki getað séð myndina öðruvísi. Þessar stelpur eru svo illa farnar, þær eru svo skemmdar. Það þarf gríðarlega mikið til að þúsla þeim aftur saman, þetta er hreinlega ömurlegt.“

Lentu allar konurnar sem þú

talaðir við í grófu kynferðisofbeldi?

„Já. Engin undantekning.“

Rændi 800 þúsundum af perra á síðasta ári

Viðmælendur Baldvins bera ekki vott af virðingu fyrir mönnum sem vilja nýta sér neyð kvennanna. „Ein stelpa sem ég ræddi við, var duglegust í að ræna perra sem ætluðu að kaupa af henni vændi og þénaði 800.000 krónur á því á síðasta ári. Hún sagði að þetta væru bara ljótir kallar og þess vegna skiptu þeir hana engu. Viðmælendur mínir myndu aldrei ræna góða menn, bara vonda menn. En stelpa sem var duglegust í þessu lenti í því að mynd af henni var prentuð út og send á milli einhverra perra til að vara við henni því hún væri að svíkja. Hún lenti líka einu sinni í því að fara heim til manns sem þekkti foreldra hennar. Hann reyndi náttúrliga að ljúga sig út úr því og segja að hann hafi vitað að hún væri í þessu og fengið hana til sín til að hjálpa foreldrum hennar að bjarga henni.“

Miðað við það sem hefur þegar komið fram þá hljómar Lof mér

að falla ekki eins og mynd ætluð börnum. Þann 6. október gagnrýndi Róttin, félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda, í færslu á heimasíðu félagsins, að grunnskólar færu í skipulagðar ferðir með börn á sýningu. Myndin er bönnuð innan fjórtán ára og ef um var að ræða yngri bekkir var beðið um leyfi foreldra.

Magnea hrynur andlega í partíinu

„Þegar Silja deyr í partíinu hefði Magnea getað valið tvær leiðir. Í byrjun myndarinnar er Magnea nú þegar komin í neyslu en dauði Silju var klófestingin. Hún hefði getað orðið edrú því hún vildi ekki enda eins og Silja, eða algjörlega hrunið andlega. Hún endaði á að fara seinni leiðina.“

Það var hluti í sögunni sem endaði ekki í myndinni, þar sem Magnea nær að rétta úr kútnum eftir dauða Silju. Hún stenst prófin í skólanum, slítur sig frá Stellu, gerir málin upp við Helgu, gamla vinkonu sína. Síðan hittir hún Stellu aftur og dópið er auðvitað alveg jafn heillandi. En við ákváðum að sleppa því að hafa þennan kafla inni, því okkur fannst sterkara að sjá Silju deyja og Magnea sleppir sér bara. Þetta hafði þau áhrif á hana.“

Við sjáum Magneu sprauta sig í fyrsta sinn í myndinni. „Ég vildi búa til fallegasta og besta augnablikið í lífi hennar. Stelpurnar sem ég talaði við lýstu þessu allan þannig, þessari alsælu. Þetta er geðveikt. Mér fannst allt í lagi að sýna hversu frábært henni fannst þetta því það var þegar komið fram í myndinni hvert Magnea var að fara í lífinu. Það átti alltaf að vera þessi undirliggjandi óþægindatilfinning þegar það var gaman hjá Magneu og Stellu. Áhorfendur áttu að vita að þetta ætti eftir að enda illa. Ég vil að fólk hugsi að næst þegar það prófar að sprauta sig með kotalgeni eða rítalíni, að eftir tuttugu ár verði það heima hjá einhverjum náunga sem er að berja það og nauðga því.“

„Ef þið spilið í bljúgri bæn í jarðarförinni minni þá geng ég út“

Þótt Baldvín leikstýrði myndinni á blaði segist hann vera nokkuð viss um að Kristín Gerður hafi stjórnað ýmsu. „Kristín er það sterkur persónuleiki að hún er að breyta Íslandi tuttugu árum eftir að hún deyr. Við sem lásam dagbækur Kristínar kynntumst henni rosalega vel. Hún var ótrúlega klár og góður penni. Þess vegna

tengdumst við henni svo sterk, maður fann ótrúlega vel fyrir henni.“

Sem dæmi má nefna þegar verið var að velja eithvert kristilegt lag sem Ólafur Arnalds átti að syngja í meðferðinni sem Magnea fór í. „Okkur vantaði eithvert Jesúlag og ákváðum að nota lagið Í bljúgri bæn. Síðan kemur systir Kristínar að horfa á myndina og spyr af hverju þetta lag sé í myndinni. Þá kemur í ljós að Kristín þoldi ekki þetta lag. Hún hafði sagt: „Ef þið spilið Í bljúgri bæn í jarðarförinni minni þá geng ég út.“ Þess vegna var þetta lag fullkomið.“

Baldvín segir að þetta sé eitt af mörgum dæmum um hvernig ýmislegt datt inn í myndina sem passaði fullkomlega við Kristínu án þess að það hafi verið ætluin upphaflega. „Kristín Júlla, sminkan í myndinni, sagði mér upphaflega frá Kristínu. Hún kom með svo mikla nærveru frá Kristínu á settið. Það voru mörg smáatriði sem hún kom með inn í verkefnið, sem við hefðum aldrei fattað að bæta við.“

Hissa á að Íslendingar gefi börnum sínum lyf

Lof mér að falla var sýnd á World Cinema-hluta Busan, sem er stærsta kvikmyndahátíð Asíu. „Það er allt önnur menning þar og þess vegna fengum við allt öðruvísi spurningar. Það er mjög lítt eiturlyfjavandi í Suður-Kóreu og þau skilja ekkert hvað er í gangi á Íslandi. Þau eru líka svoltíð hissa á að við séum að gefa börnunum okkar lyf. Það er mjög áhugavert að fá allt annað sjónarhorn á þessa mynd.“

Til dæmis var frekar spurt af hverju Stella verður edrú þegar hún á enga fjölskyldu en Magnea heldur áfram í neyslu. Hvort það sé verið að segja eitthvað með því. Þau voru alltaf að reyna að ráða í hvað ég væri að segja við áhorfendur.“

Baldvín segir að það sé frekar hlutverk áhorfandans að túlka bíómyndina og finna meiningar og tilgang á bak við hana. Leikstjórnin er bara málpípa sagnanna. „Það er ekki svona mikið af þælingum á bak við hlutina. Ég hef bara gaman af því að segja sögur og knýjandi þörf til að búa til gott bíó. Flóknara er það ekki.“ ■

Sólrún Freyja Sen skrifaði

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

NATURAL VITALITY
Lifandi Hindberja og Sítrónuberg

Náttúruleg SLÖKUN
Styrkur gegn streitu
Komur til vegna á kalk upptöku og jafnar
hálfrigt magn magnesíum í líkamann
226 gr

BETRI SVEFNI

SAKAMÁL



15. janúar, 1999, var dauðadómur yfir bandarísku konunni Judith Ann Neelley mildaður og honum breytt í lífstíðarfangelsi. Árið 1982 hafði Judith, í félagi við eiginmann sinn, Alvin Howard, rænt 13 ára stúlku, Lisu Ann Millican, og 22 ára konu, Janice Kay Chatman. Hjónin pnytuðu fórnarlömb sín og myrtu síðan. Alvin samdi við ákærvaldið og fékk lífstíðardóm fyrir vikið. Hann afplánaði dóminn svíkalaust því hann dó í þrúðun árið 2005. Judith er enn á bak við lás og slá í Julia Tutweiler-kvinnafangelsinu í Alabama.

HÁSKAMMAÐURINN HA

■ Jane Turner var auðnuleysingi ■ Áfengið reyndist henni fjötur um fót ■ Mætti

Lífið lék ekki við ensku konuna Jane Turner. Jane var 64 ára, bjó í Birmingham og þótti sopinn góður. Óhófleg drykkja hennar leiddi til skilnaðar hennar og manns hennar á jóladagskvöldi 1939 og þegar hér er komið sögu, í febrúar 1941, hafði Jane ekki átt fast heimili síðan. Um skeið fékk hún inni hjá giftri dóttur sinni, en þegar það gekk ekki lengur hafði hún þegið svefnstað hvar sem hann nú bauðst og dró fram lífið sem götusali.

Fær húsaskjól og missir

Það var sem sagt í febrúar, 1941, sem John nokkur Franklin sá aumur á henni. John hafði þekkt Jane í nokkur ár og bauð henni húsaskjól gegn því að hún yrði ráðskona á heimili hans við Palmer-stræti í Birmingham.


Jane gat þó ekki haldið sig frá flöskunni og skellti skollaeyrum við varnaðarorðum Johns.

Klukkan 11.30 að kvöldi 26. mars kom Jane heim vel við skál. John neitaði að hleypa henni inn og sagði henni að finna næturstað í loftvarnabyrgi.

Bjór á Bell-kránni

Næsta morgun, fyrir klukkan hálf

Loka-hnykkurinn
Um örlög morðingjans var upplýst í blöðunum.



sjö, var Jane mætt heim til Johns. Hann tók henni ekki fagnandi, vægast sagt, og lét hana fá þjónkur sínar og sagði henni að láta sig hverfa.

Segir nú ekki af ferðum Jane

fyrir en klukkan níu að kvöldi þessa dags. Þá arkaði hún inn um dyrnar á Bell-kránni við Bristol-stræti í fylgd fastagests. Þar var um að ræða Eli Richards, 45 ára verksmiðjuverkamann, sem var haltur

Það sást til þín þar sem þú kneypfir öl í félagsskap þessarar konu á Bell-kránni við Bristol-stræti á föstudagskvöldi



og sást sjaldan, ef nokkurn tímann, án göngustafs síns.

Kráin yfirgefin

Þau voru afgreidd með drykki, en um klukkutíma síðar var Eli kominn í hávaðarifrildi við hermann og var í kjölfarið gert að yfirgefa krána. Eli fékk þá öðrum kráargesti, James Gaffney, peninga svo sá gæti keypt handa honum tvær öflöskur. James varð við því og flöskurnar tvær enduðu í skjóðu Jane.

Örfáum mínútum síðar yfirgaf maður að nafni Herbert Pedley krána. Svo vildi til að hann var verkstjóri í verksmiðju þeirri sem Eli vann í. Herbert rak augun í Eli og Jane þar sem þau biðu eftir sporvagni á horni Bromsgrove-strætis.

Öll þrjú stigu upp í sporvagninn og Eli upplýsti Herbert um að hann hygðist fylgja Jane heim til systur hennar í Cotteridge.

Hitta heimavarnarliðsmenn

Jane og Eli stigu af vagninum á Pebble Mill-vegi og vagnstjórninn sá þegar þau stigu upp í annan vagn, sem þau síðar yfirgáfu á Kitchener-vegi.

Víkur nú sögunni að félögum úr heimavarnarliðinu, Robert Farman og Frank Walsingham. Þeir voru staddir við Cadbury's-súkkulaðiverksmiðjuna. Um hálf tólf leytið, er þeir voru á eftirlitsgöngu á Bournville-stíg heyrðu þeir öskur og sáu Jane og Eli þar sem þau stóðu saman á gangstéttinni.

Þú notar staf, ekki rétt? Hvar er stafurinn? Viltu ekki ná í hann?

Fylgd til Franklin-veg

„Hvert er vandamálið hér,“ spurði Walsingham. „Við erum villt,“ svaraði Eli og bætti við að þau hefðu stigið af vagninum á röngum stað. Farman spurði þá hvert leiðinni væri haldið og Eli svaraði: „Francis-veg.“ Ef þeir gætu vísað þeim á Franklin-veg þá mundi Eli rata þaðan.

Það var auðsótt mál, en Jane áfót að fara nema tvímenningarnir kæmu með. „Hann er búinn að draga mig hingað frá Small Heath og það hefur tekið hann óratíma,“ sagði hún. Farman og Walsingham slógust því í för með skötu-hjúnum.

Farman spurði hví þau væru að þvælast á þessum slóðum og Eli svaraði: „Ég er á leiðinni með hana til systur minnar, svo hún geti fengið sér lúr.“

Walsingham sagði þeim að drífa sig heim „og ekkert rifrildi.“ Á Franklin-vegi skildi leiðir.

SEGÐU NEI VIÐ PLASTI

umhverfisvæni ruslapokinn

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ



16 mánaða sonur Riu Ramkisson, Javon, var sveltur til bana. Þannig var mál með vexti að Ria var í sértrúarsöfnuði og sveltí son sinn að skipun leiðtoga söfnuðarins, konu sem nefndi sig Queen Antoinette. Yfirsjón Javons ku hafa verið að segja ekki „amen“ áður en máltíð hófst og sagði Queen Antoinette að það yrði að svelta hann því hann væri haldinn illum anda. Ria gerði sem henni var boðið enda dauðhrædd við leiðtogann og eilífa bölvun ef hún óhlyðnaðist. Ria fékk 20 ára dóm.

ALTRANDI

Örlögum sínum eftir drykkju á krá



Víð Cotteridge-garðinn Síðasti viðkomustaður Jane Turner.

Öskur í næturkyrró

William Witts bjó við Franklin-veg og hafði tekið á sig náðir þegar hann heyrði konu veina: „Nei, ó nei.“ Í kjölfarið heyrðist veikt öskur og fannst Witts sem það bærst frá Cotteridge-garðinum. Annar íbúi við götuna heyrði háværra öskur skömmu síðar.

Korter í fimm um morguninn var starfsmaður súkkulaðiverksmiðjunnar á heimleið af næturvakt. Sá hann þá ekki nema konu liggjandi á gangstéttinni rétt við rekkverkið að garðinum. Hann kveikti á eldspýtu til að sjá betur og sýndist sem konan væri liðið lík. Hann hljóp sem fætur toguðu á næstu lögreglustöð.

Brotin bjórflaska og göngustafur

Vissulega var konan látin og skilríki sem fundust í veski hennar staðfestu að þarna var engin önnur en Jane Turner. Andlit hennar var blóðugt, pilsíð hafði verið dregið upp og fölsku tennurnar lágu í rennusteininum og þar skammt frá lá göngustafur. Brotinn flöskustútur lá á milli fóta hennar og restin af þeirri flösku fannst fyrir innan rekkverkið að garðinum.

Dánarorsök var úrskurðuð þónokkur höfuðhögg og einnig var fjöldi annarra áverka á líkinu.

Grunaður heimsóttur

Farman og Walsingham lásu um líkfundinn í blöðunum og gáfu sig tafarlaust fram og sögðu frá kynnum sínum af konunni og karlmanni sem hafði verið með henni

í för.

Nánari eftirgrensulan lögreglu leiddi í ljós að Jane hafði verið á Bell-kránni með Eli Richards sem, vel að merkja, hafði ekki mætt til vinnu þennan morgun.

Þann 30. mars fór lögreglan heim til Elis og sá að honum svipaði til lýsingar Farman og Walsingham. Eli sór og sárt við lagði að hann vissi ekkert um málið.

Skráður á enni og enginn stafur

„Það sást til þín þar sem þú kneyfðir öl í félagsskap þessarar konu á Bell-kránni við Bristol-stræti á föstudagskvöldi,“ sagði rannsóknarlögreglumadurinn George Brown við Eli.

„Nei, ekki ég,“ svaraði Eli. Brown tók þá eftir skránum á enni Elis sem sagðist hafa fengið þær þegar hann féll af vagninum. Eli var þá sagt að hann kæmi með þeim á lögreglustöðina þar sem hann yrði settur í sakbendingu. Lögreglan hafði á orði að Eli haltraði: „Þú notar staf, ekki rétt. Hvar er stafurinn? Viltu ekki ná í hann?“

Eli sagðist þá hafa glatað honum þegar hann datt af vagninum síðastliðna nótt. „Ertu viss um að það hafi verið í gærnótt, ekki í fyrrinótt,“ spurði lögreglan þá.

Rifirldi og viðskilnaður

Á leiðinni á lögreglustöðina tók Eli sinnaskiptum og viðurkenndi að hafa setið við drykkju með konu á Bell-kránni. Einnig viðurkenndi hann að hafa spurt tvo heimavarnarmenn til vegar og



Skilríki í veski Jane fundust skilríki hennar.

Hann er búinn að draga mig hingað frá Small Heath og það hefur tekið hann óratíma.

hann og konan orðið þeim samferða til Franklin-veg. „Hún fór að rifast við mig og ég skildi við hana þar,“ sagði Eli. Sagðist hann hafa látið hana hafa einhvern aur og ekki séð hana síðar.

Eli skrifaði yfirlýsingu sína og undirritaði með krossi, sagðist vera óskrifandi.

Blóð á frakka

Ýmislegt benti til þess að Eli væri viðriðinn dauða Jane. Honum var sýndur stafurinn sem fannst á vett-

vangi og viðurkenndi að stafurinn væri hans. Á frakka Eli fundust blóðslettur og í einum vasa hans var alblóðugur vasaklútur. „Ég strauk á mér ennið með honum eftir að ég datt inn í runnann við Bournville-stíg,“ sagði hann um vasaklútinn og bætti við að konan hefði verið með honum þá og hann hefði misst göngustafinn í rennusteininum.

Eli var sagt að honum yrði haldið enn um sinn, enda fleiri spurningar sem brunnu á rannsóknarlögreglunni.

Glerbrot í nærbrókum

Við leit á heimili Elis fundust nýþvegnar nærbuxur og sagðist hann hafa þvegið þær; hann glímði við blóðkreppusótt. Við nánari rannsókn á buxunum fundust örfin glerbrot.

Eli var færður úr hverri spjör

og fékk nýjar til að klæðast. Þegar hann var að klæða sig í buxurnar sá einn rannsóknarlögreglumadur að Eli var hruflaður á hnjúm.

„Ég gerði ekki neitt,“ mótmælti Eli þegar hann loks var ákærður fyrir morðið á Jane Turner.

„Ég er saklaus“

Eli átti ekki möguleika við réttarhöldin, enda sönnunargögnin slík að nánast ómögulegt var að hrekja þau. Kvíðdómur komst að sekt Elis á öðrum degi réttarhaldanna og dómariinn, Stable, dæmdi hann til dauða.

„Ég er saklaus,“ sagði Eli Richards og haltraði síðan út úr dómshúsi.

Áfrýjun hans bar ekki árangur og 29. nóvember, 1941, var Eli hengdur í Winson Green-fangelsinu. Böðullinn var Thomas Pierrepoint. ■

fatboy

Fatboy Original

VERÐ 23.650 KR.

www.sekkur.is

Verslun á horni Ármúla og Grensásvegur

Einnig hægt að greiða með Netgíró.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan

HEILSURÚM

1866 Blóðugt stríð milli Austurríkismanna og Prússa.



80 FÓRU Í STRÍÐ EN 81 SNERI HEIM

Her Liechtenstein mætti lítilli andstöðu

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Smáríkið Liechtenstein er ekki beint þekkt sem mikið hernaðarveldi enda er íbúafjöldinn svipaður og í Kópavogi. Hertogadæmið hefur þó fengið sinn skerf af innrásum og yfirtöku líkt og flest Evrópuríki í gegnum aldirnar. Til dæmis þegar Napóleón Frakklandskeisari lagði það undir sig í upphafi nítjándu aldar í tilraun sinni til að verða alheimseinvaldur.

Landið er Alparíki, klesst á milli Sviss og Austurríkis. Það hefur því ekki beint verið í eldlínunni síðan á dögum Napóleons. Dátar frá Liechtenstein lentu síðast í átökum árið 1866 í hinu svokallaða

Sjö vikna stríði á milli Austurríkismanna og Prússa. Þá var landið hluti af laustengdu bandalagi þýskra ríkja.

Sum þýsk smáríki studdu Austurríkismenn en önnur Prússa í stríðinu. Auk þess studdu Ítalir, undir stjórn herforingjans Garibaldi, þá síðarnefndu. Jóhann II prins af Liechtenstein tók þá ákvörðun að styðja Austurríkismenn og sendi völdugan 80 manna her til að berjast fyrir keisarann.

Jóhann gat hins vegar ekki hugsað sér það að dátar hans berðust við aðra Þjóðverja. Því var stuðningur Liechtenstein bundinn því að dátarnir berðust einungis við Ítali. Tóku þeir sér stöðu við landmæri Liechtenstein og Austurríkis, á svæði sem nefnist Stillse Joch.

Hermenn Jóhanns prins stóðu

vörð í sjö vikur en aldrei kom her Garibaldi. Þann 22. júlí lauk stríðinu með afgerandi sigri Prússa. Engu að síður marseruðu hermenn Liechtenstein inn í höfuðstaðinn Vaduz við mikinn fögnuð bæjarbúa. Það sem var undarlegast við þetta var að 81 sneri til baka og hafði dátunum þá fjölgað um einn. Skýringin var sú að ítalskur maður hafði gengið í herdeildina og fór með henni til Vaduz.

Tveimur árum síðar var bandalag þýsku ríkjanna leyst upp og her Liechtenstein sömuleiðis. Jóhann lýsti yfir ævarandi hlutleysi landsins en tryggði jafnframt áframhaldandi tengsl við Austurríki. Hlutleysi Liechtenstein hefur haldið allar götur síðan og slapp landið við innrásir í báðum heimsstyrjöldum. ■

Duane Pearsall Faðir reykskynjarans.



REYKSKYNJARAR GETA BJARGAÐ MANNSLÍFUM

Hver er saga þeirra?

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Ef eldur kom upp í íbúðarhúsum í upphafi síðustu aldar voru um tíu prósent líkur á að heimilisfólki myndi bíða bana. Hundrað árum síðar hefur tölfræðin sem betur fer breyst mikið og nú eru líkurnar á að fólk látist í eldsvoða í íbúðarhúsum eitt prósent. Þessar tölur eiga við í Bandaríkjunum og Bretlandi og eru væntanlega á svipuðu róli hér á landi. Ekki þarf að efast um að ein helsta orsök þessarar stórbættu tölfræði sé tilkoma reykskynjarans. Reykskynjarar eru ódýrt og einfalt tæki sem getur bjargað mannslífum.

Þeir komu fyrst fram á sjónarsviðið undir lok nítjándu aldar. George Andrew Darby fékk einkaleyfi á fyrsta reykskynjaranum árið 1902 í Birmingham á Englandi. Tuttugu árum síðar var svissneski eðlisfræðingur Walter Jaeger að reyna að búa til gasskynjara en það gekk illa. Dag einn sat hann við skrifborðið sitt og kveikti sér í sígarettu. Honum til mikillar undrunar sá hann að „gasskynjarinn“ hans brást við reyknum frá sígarettunni. Þetta vakti áhuga hans og hann hóf þróun reykskynjara og lagði grunninn að reykskynjurum eins og við þekkjum þá í dag.

Samlandi hans, eðlisfræðingurinn Ernst Meli, þróaði árið 1939 tæki sem gat skynjað gas í námum. Hann fann einnig upp kalt-bakskaut sem gat magn-

að rafboðin, sem skynjarinn bjó til, svo mikið að þau náðu eyrum fólks. Þar með var jónaskynjandi reykskynjarinn kominn fram á sjónarsviðið. Þessi tegund reykskynjara var mjög dýr og á fárra færi að kaupa hana. Þegar hún kom á markað í Bandaríkjunum í upphafi sjötta áratugarins var notkunin bundin við iðnaðar- og verslunarhúsnæði.

Duane Pearsall er talinn vera „faðir reykskynjarans“ en hann og kollegi hans, Stanley Bennett Peterson, þróaðu fyrsta reykskynjarann sem var ætlaður til notkunar á heimilum. Hann nefndist SmokeGard 700 og var úr elðþolnu stáli og eins og býkúpa í laginu. Skyjarinn notaði rafhlöðu og var því fjárhagslega hagkvæmur.

En reykskynjarar voru enn dýrir og ekki á allra færi að eignast þessi nauðsynjatæki en með frekari þróun og samkeppni í framleiðslu þeirra urðu þeir sífellt ódýrari og á flestra færi að kaupa þá. Salan jókst sífellt enda var farið að hamra á því að reykskynjarar björguðu mannslífum og hlutfall heimila, þar sem reykskynjarar voru, jókst sífellt. Í dag er talið að reykskynjarar séu á 96 prósentum bandarískra heimila og 85 prósentum breskra heimila. En það sorglega í þessu öllu saman er að talið er að um 30 prósent þessara reykskynjara virki ekki. Þeir eru of gamlir, engar rafhlöður í þeim eða að eigendurnir hafi ekki skipt um rafhlöður þegar þörf krefur. ■

Reykskynjari
Parfaping á
hverju heimili.



GÆÐA BAKKAMATUR

MISMUNANDI RÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR



AFGREIÐUM HÁDEGISMAT Í BÖKKUM
ALLA DAGA ÁRSINS TIL FYRIRTÆKJA OG STOFNANA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS



VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ BÍLAMÁLUN OG RÉTTINGAR

NÝTT AÐSÓKNARMET Á DV.IS

Ritstjórn DV er samsett af fjölbreyttum hópi fólks með ólíka menntun og bakgrunn.

Síðustu vikur hefur vefur DV verið á mikilli siglingu og hefur aðsókn aldrei verið meiri í sögu miðilsins frá stofnun hans árið 2007. Í síðustu viku heimsóttu 434.199 einstakir notendur vefinn. Það þýðir að þessi fjöldi kom í það minnsta einu sinni á vef DV þessa viku. Að meðaltali komu 121.503 á dag hið minnsta einu sinni og auðvitað margir oft en einu sinni. Þá hefur flettingum fjölgað gríðarlega og eru á virkum dögum tæplega milljón. Þá hefur auglýsingasala verið með besta móti. Samkvæmt tölum Gallup nálgast nú vefur DV Morgunblaðsins og Vísis og er orðinn að ákjósanlegum stað fyrir auglýsendur til að ná til fólks.

Fyrri met DV var sett þegar leit

að Birnu Brjánsdóttur stóð yfir. Þær tölur voru aldrei birtar enda litu starfsmenn svo á að óviðeigandi væri að hreykja sér af aðsókn í tengslum við það átakanlega og sorglega mál. Sá árangur sem náðist í síðustu viku náðist með því að starfsmenn lögðu allt undir og var aðeins tímaspursmál hvenær nýtt met yrði sett.

Síðustu mánuði hafa orðið miklar breytingar hjá Frjálsri fjölmiðlun sem á og rekur DV. Segja má að á haustmánuðum hafi af-raksturinn af þessum breytingum byrjað að koma í ljós. Guðmundur R. Einarsson hannaði nýjan vef og starfar nú náið með ritstjórunum Kristjóni Kormáki og Einari Þór Sigurðssyni sem hafa síðustu ár borið vef DV á herðum sér og sett,

ásamt frábærum blaðamönnum, hvert metið á fætur öðru.

Þá flutti Frjáls fjölmiðlun í nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar á Suðurlandsbraut 14. Ýmsar aðrar nýjungar hafa átt sér stað. DV byrjaði með sjónvarpsútsendingar á netinu, hefur bætt við nýjum vefhlutum og starfsfólki. Í stuttu máli er Frjáls fjölmiðlun á mikilli siglingu sem sér ekki fyrir endann á.

Hvers konar miðill er DV í dag? DV er eins og áður, frjáls og óháður og tekur á spillingu. DV hefur hins vegar stækkað og er nú eins og hlaðborð þar sem allir geta fundið bita við sitt hæfi. Miðillinn birtir í kringum 120 fréttir á dag. Lítil hluti af þeim er svo kallaðar gular fréttir eða æsifréttir. Þær fréttir verða hins vegar oft

áberandi vegna vinsælda. Blaðamenn DV hafa haldið áfram að sinna hlutverki sínu þegar kemur að rannsóknarblaðamennsku og má þar nefna ástandið í Krýsuvík, Biskupsmálið eða að vera leiðandi í umfjöllun um Braggamálið þar sem brudlað var með almannafé. DV flettir ofan af niðingum, spillingu, þar má finna innihaldsrík helgarviðtöl. Sakamálin eru á sínum stað og Tímavélin hefur slegið í gegn. Á undirsíðum, eins og Fókus, sem mælist hvað eftir annað stærra en Smartland á Mbl.is, má lesa um hvað fræga fólkíð hér heima og erlendis er að taka sér fyrir hendur ásamt ýmsu öðru áhugaverðu efni.

Pressan hefur breyst að því leyti að þar er nú helst að finna erlend-

ar fréttir. Á undirsíðu DV, Bleikt, er að finna áhugaverða umfjöllun um konur á öllum aldri og 433.is er á svipuðum slóðum og öll ípróttadeild Morgunblaðsins og mælist oft stærri en Fotbolti.net. Þá er nýr Matarvefur DV orðinn stærri en Matarvefur Morgunblaðsins á örfáum vikum. Lesendahópur Eyjunnar er stór og tryggur enda Eyjan miðstöð pólitískrar umræðu í landinu.

Við, starfsmenn DV, gerum okkur grein fyrir að við getum enn bætt okkur og gert betur. Það ætlum við okkur að gera. Allir hjá Frjálsri fjölmiðlun vilja hins vegar af einlægni þakka fyrir traustið og þennan mikla stuðning.

Takk fyrir okkur!

Björn Þorfinnsson
Fréttastjóri



Hörður Snævar Jónsson
Umsjónarmaður 433



Hjálmar Friðriksson
Blaðamaður



Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Blaðamaður



Einari Þór Sigurðsson
Aðstoðarritstjóri



Ari Brynjólfsson
Blaðamaður



Ragna Gestsdóttir
Umsjónarmaður Fókus



Kristján Kristjánsson
Umsjónarmaður Pressunnar



Auður Ösp Guðmundsdóttir
Blaðamaður



Ágúst Borgþór Sverrisson
Blaðamaður



Aníta Estíva Harðardóttir
Umsjónarmaður Bleikt



Guðfinna Berg Stefánsdóttir
Umbrot



Kristjón Kormákur Guðjónsson
Aðalritstjóri



Tómas Valgeirsson
Blaðamaður



Kristinn Haukur Guðnason
Fréttastjóri



Victor Pálsson
Blaðamaður á 433



Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
Blaðamaður



Guðni Einarsson
DV sjónvarp



Jóhanna Kristín Andrésdóttir
Ljósmyndari



Guðmundur R. Einarsson
Markaðs- og þróunarstjóri



Eva María Sigurðardóttir
Umbrot



Kolbeinn Þorsteinsson
Blaðamaður



Trausti Salvar Kristjánsson
Umsjónarmaður Eyjunnar



Karl Garðarsson
Framkvæmdastjóri



Kolbrún Dröfn Ragnarssdóttir
Sölustjóri



LOKAÐIR STURTUKLEFAR
MEÐ TOPPI, SPORNA
GEGN RAKA OG MYGLU

Kíktu á sturta.is og
skoðaðu úrvalið
S. 856 5566





Ný kynslóð af Philips-sjónvörpum – OLED+ – Gott fyrir augun og eyrun

Nýjasta línan af OLED-sjónvörpum frá Philips er komin í verslanir Heimilistækja.

Philips OLED+ er glæsilegt örþunnt sjónvarp með mögnuðu þriggja hliða Ambilight sem dregur þig inn í atburðarásina og heldur þér þar með litum sem skiptast og dansa í takt við myndefnið. Ambilight-baklýsingin er einn þekktasti eiginleiki Philips-sjónvarpa og hefur hlotið lof fyrir að gera áhorfið þægilegra fyrir augun en jafnframt fegra umhverfið með sjónarspili sínu.

Ólíkt hefðbundnum sjónvörpum, þar sem slokknar aldrei fullkomlega á ljóspixlunum, slekkur OLED á pixlunum þegar þeir eru ekki notkun svo svartur litur verður fullkomlega svartur á skjánum.

Þannig verður hvítur hvítari og svartur svartari og allir litir verða margslungnari með OLED.

P5-myndvinnslan framkallar ótrúleg myndgæði með kröftugum litum og enn meiri skerpu. P5 gerir myndgæðin svo raunveruleg og smáatriðin skýr jafnvel í skugganum. Auk þess verður hreyfingin á skjánum mjúk hvort sem þú

streymir uppáhaldspættinum þínum eða fylgist með boltanum, P5 gerir magnað OLED-sjónvarp enn betra.

Notendaupplifunin verður hnökralaus og skemmtilegri með Android-stýrikerfi og Google Assistant-raddstýr-



ingu sem veit alltaf svarið þegar þú spyrð.

Með fullkomnu sjónvarpi er fullkomið hljóð nauðsynlegt. Philips fékk hljóðsérfræðingana frá Bowers & Wilkins til liðs við sig til þess að skapa öflugt hljóðkerfi sem fullkomnar sjónvarpsupplifunina en hljóðkerfið er einungis fánlegt í OLED+ 903-línunni.

Það er því engin furða að OLED 903-sjónvarpið frá Philips hafi hlotið EISA-verðlaunin fyrir besta heimabíó sjónvarpið 2018-2019.

Philips OLED 803 og 903 fást í 55" og 65"

Philips OLED-sjónvörpin fást í Heimilistækjum og þau má skoða ht.is ■



„Ég er að gera þetta fyrir mömmu mína“



Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



„Ég er orðlaus yfir viðtökunum

Magdalena Rós Hauksdóttir Clark er 25 ára og á sér markmið fyrir jólin. Magdalena selur jólasveinasegla, sem móðir hennar, Maureen Patricia Clark, bjó til í veikindum sínum. Með sölunni er Magdalena að safna fyrir legsteini á leiði móður sinnar.

„Mamma var fædd og uppalin í Bandaríkjunum, en pabbi hennar var Bandaríkjamadur.

Síðan flutti hún heim og bjó bæði á Hellissandi og í Reykjavík,“ segir Magdalena Rós, sem er einkabarn móður sinnar.

Móðir hennar bjó síðustu fimm ár í Bandaríkjunum með manni sínum. „Í janúar í fyrra greindist hún með leghálskrabbamein og flutti fljótlega heim til Íslands. Hún var á spítalanum eiginlega frá því

hún greindist og þar til hún lést,“ segir Magdalena. Maureen var komin með fjórða stigs krabbamein þegar hún lést og hafði meinið dreift mikið úr sér og endað upp í höfði, hún var 46 ára þegar hún lést rétt fyrir jól, 21. desember 2017. „Þetta er enginn aldur,“ segir Magdalena, en móðir hennar var jarðsett á Akureyri, en hún dvaldi á



Seglarnir eru tilvaldir fyrir jólin og henta líka vel til gjafa

sjúkrahúsinu þar í veikindum sínum.

Maureen gekk í Listaháskólann, en útskrifaðist ekki þaðan, og var að mestu sjálfærð. Hún var einnig með stúdíó úti í Flórída. „Hún var algjör listakona og rosalega hæfileikarík, hún gerði líka bolla, töskur, kort og málverk. Mamma var mjög litrík manneskja,“ segir Magdalena og brosir.

Seglarnir sem Magdalena selur eru listaverk móður hennar. „Mamma bjó þá til meðan hún var veik í fyrra og gerði allt sjálf heima, prentaði þá út og skar út í vél. Mér og stjúpabba mínum fannst tilvalið að prenta þá út núna fyrir jólin. Mig langar að dreifa listinni hennar mömmu

á eins mörg heimili og ég get,“ segir Magdalena einlæg. „Ég er að gera þetta fyrir mömmu mína.“

Þó að Magdalena sé ekki að gera listaverk eins og móðir hennar, þá hefur hún erfitt listræna hæfileika hennar, en hún er lærð hárgreiðslukona, snyrti- og fördunarfræðingur. „Ég get ekki teiknað á prik, en ég get nýtt þá svona,“ segir hún.

„Ég er orðlaus yfir viðtökunum,“ segir Magdalena hrærð, aðspurð hvernig hafi verið tekið í sölu hjá henni. „Ég er svo ofboðslega þakklát.“ ■

Þeir sem vilja panta jólasveina hjá Magdalenu geta sent henni skilaboð á Magdalenaros1993@gmail.com.



Nett fjölnotatæki
MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftiget: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjórhljadrifinn
- Fjórhljástýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK


Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON

Pétur O. Nikulásson ehf. • Melabraut 23, Hafnarfjörður • Símar: 552 2650 / 552 0110 • pon@pon.is



Magdalena raðar sveinunum í röð



dk iPos snjalltækjalausn

Fyrir verslun og þjónustu

Einfalt, fljótlegt og beintengt dk fjárhagsbókhaldi

dk iPos er hluti af snjalltækjalínu dk hugbúnaðar. Líttu við og fáðu kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018





Lítt þekkt ættartengsl

Formaðurinn og fjölmiðlakonan

Talsvert hefur mætt á Jónasi Garðarssyni, formanni Sjómannafélags Íslands, síðastliðnar vikur. Til að byrja með vogaði einn meðlimur félagsins, Heiðveig María Einarsdóttir, að gagnrýna félagið og gefa í skyn að hún ætlaði að sækjast eftir formannssætinu. Jónas og félagar hans brugðust við með því að reka Heiðveigu úr félaginu en ákvörðunin hefur fallið í grýttan jarðveg víða í samfélaginu auk þess sem efasemdir eru um lögmæti aðgerðarinnar. Jónas er faðir fjölmiðlakonunnar Mörtu Maríu, sem er í forsvari fyrir vefinn Smartland á Morgunblaðinu. Óska áhugamenn um óbreytt ástand hjá Sjómannasambandinu eflaust þess að Jónas væri smart eins og dóttir hans.

Ásmundur ekki týnda rjúpnaskyttan

Það eru nokkrir búnir að hringja í mig. Ég veit ekki hvernig þetta fór á kreik," segir Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra og hlær þegar DV nær af honum tali. Á kaffistofum hefur verið þískrað um að Ásmundur hafi verið rjúpnaskyttan sem var bjargað um síðustu helgi í Dalasýslu.

Skyttan var einungis týnd í um klukkutíma í Laxárdal en björgunarsveitir voru kallaðar út og fundu hana.

„Ég hef ekki farið í rjúpu síðan ég var unglingur," segir Ásmundur forviða. „Ég var á körfuboltamóti með dætrum mínum um helgina. En gjarnan myndi ég vilja að einhver myndi færa mér rjúpur, því mér finnst þær góðar á bragðið.

Ég hef ekki tímann til að ganga á fjöll og veiða rjúpur."



Beiðnabók stolið frá Reykjavíkurborg og 4 milljónum eytt

Óprúttir einstaklingar stálu beiðnabók frá Reykjavíkurborg og tóku út vörur fyrir rúmar fjórar milljónir í reikning. Svo virðist sem um sé að ræða þaulskipulagðan þjófnað þar sem þjófarnir, tvær konur og tveir karlmenn vissu augljóslega hvernig beiðnakerfi borgarinnar virkar.

Farið var tvisvar í verslun Nova og keyptir farsímar fyrir um eina milljón króna, raftæki fyrir um hálf milljón króna í verslun Elko og

svo loks var keyptur glænýr plastbátur og kerra með fyrir um 2,2 milljónir króna. Átti fyrsta atvikið sér stað þann 27. júlí og það síðasta 12. október síðastliðinn.

Þegar plastbáturinn var keyptur var allt fagmannlega gert af þjófnum og grunaði starfsfólk fyrirtækisins ekki neitt um að hér væri ekki starfsmaður Reykjavíkurborgar á ferð. Beiðid var um tilboð ásamt því að þess var óskað að gerðar yrðu sérstakar breytingar á bátnum, meðal annars að setja stærri

eldsneytistank í hann.

Í samtali við DV sagði Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, að málið væri komið inn á borð hjá lögreglunni og væri þar í rannsókn. Aðspurður af hverju borgin hefði ekki sent frá sér yfirlýsingu um leið og tilkynnt var um málið til lögreglu, svo birgjar gætu vitað af mögulegu svindli sem væri í gangi með beiðnir frá Reykjavíkurborg svaraði hann: „Það er góð spurning, það er flott að geta verið gáfaður eftir á.“



BEIÐNI

Nr. 123490

Na _____
Vinsamlega afhendi eftirtarandi vörubjónustu og sendið reikning ásamt beiðni þessari til ofangreindrar stofnunar.

Verkhell:

078373	2.240.000	51261	
Lykil	Kostnaðarstaður	Verk	Verkeiðni

10.10.18
Dagsetning



www.krokur.net
522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahiða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bíla eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær